

II

A. Nr. I og II, VII-XXIX

Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 21/3 '77

GBr.

I. KAFLI ÁKÆRU

Sdb. 1115, bls. 93 - 500

- 1121, - 1 -

- 1124, - 14 -

- - 88 -

ÁKÆRA

A. Nr. I og II, VII-XXIX.

Lagt fram í sakadómi Reykjavíkur 21/3 '77.

GBr.

I. KAFLI ÁKÆRU

Sdb. 1115, bls. 93 - 500

- 1121, - 1 -

- 1124, - 14 -

- - 88 -

ÁKÆRA

SP.

RÍKISSAKSÓKNARI

gjörir kunnugt:

Að höfða ber opinbert mál á hendur:

1. Kristjáni Viðari Viðarssyni, Grettisgötu 82, Reykjavík, nú gæzlufanga í Reykjavík, fæddum 21. apríl 1955 í Reykjavík;
2. Sævari Marinó Ciesielski, Þverbrekku 4, Kópavogi, nú gæzlufanga í Reykjavík, fæddum 6. júlí 1955 að Stóra-Hofi í Gnúpverjahreppi, Árnessýslu;
3. Tryggva Rúnari Leifssyni, Selásbletti 14, Reykjavík, nú gæzlufanga í Reykjavík, fæddum 2. október 1951 í Reykjavík;
4. Albert Klahn Skaftasyni. Laugavegi 46 A, Reykjavík, fæddum 16. febrúar 1955 í Reykjavík;
5. Erlu Bolladóttur, Þverbrekku 4, Kópavogi, nú gæzlufanga í Reykjavík, fæddri 19. júlí 1955 í Reykjavík;
6. Ásgeiri Ebenezer Þórðarsyni, Sigtúni 35, Reykjavík, fæddum 15. ágúst 1950 í Reykjavík; og
7. Guðjóni Skarphéðinssyni, Rauðarárstíg 32, Reykjavík, nú gæzlufanga í Reykjavík, fæddum 19. júní 1943 í Vatnsdal, Austur-Húnavatnssýslu.

Er ákærðu gefið að sök að hafa gerzt sek um eftirgreind brot:

I.

1. Ákærðu Kristjáni Viðari, Sævari Marinó og Tryggva Rúnari er gefið að sök að hafa, aðfaranótt sunnudagsins 27. janúar 1974, í félagi ráðist á Guðmund Einarsson, Hraunprýði,

Blesugróf, fæddan 6. ^{október} október 1955, í kjallaraíbúð að Hamarsbraut 11, Hafnarfirði, þáverandi heimili ákærða Sævars Marinós, og misþyrmt honum svo, þar á meðal með hnífstungum, er ákærði Kristján Viðar veitti honum, að hann hlaut bana af, og komið líki hans síðan fyrir á ókunnum stað.

Þykja ákærðu með fyrrgreindum verknaði hafa gerzt brotlegir samkvæmt 211. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2. Ákærða Albert Klahn er gefið að sök eftirfarandi hlutdeild í fyrrgreindum verknaði með því að veita meðákærðu Sævari Marinó, Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari liðsinni við að fjarlægja og koma líki Guðmundar fyrir á ókunnum stað og þannig leitast við að afmá ummerki brotsins, bæði þegar fyrrgreinda nótt og síðar síðla sumars s.á., er líkamsleifar Guðmundar voru fluttar á enn annan stað. Fóru flutningar þessir fram í bifreiðum er ákærði Albert Klahn hafði til umráða og ók.

Þykir ákærði Albert Klahn með fyrrgreindu atferli hafa gerzt brotlegur samkvæmt 211. gr., sbr. 22. gr., 4. mgr., sbr. 1. mgr., hegningarlaganna, svo og við 112. gr., 2. mgr., sömu laga.

II.

Gegn ákærða Tryggva Rúnari er málið höfðað fyrir eftirtalin hegningarlagabrot:

1. Að valda eldsvoða á vinnuhælinu að Litla Hrauni að kvöldi sunnudagsins 12. marz 1972 með því að kveikja í gömlum dagblöðum í timburklæddu þurrkherbergi í risi eldri hluta hússins, en á vinnuhælinu voru þá 35 fangar og 4 fangaverðir.

Þykir þetta aðallega varða við 2. mgr. 164. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en til vara við 1. mgr. 164. gr. sömu laga.

2. Nauðgunarbrot, framið í Reykjavík aðfaranótt sunnudagsins 27. október 1974, með því að þröngva Halldóru Ingimarsdóttur, 18 ára, Tunguvegi 74, Reykjavík, með líkamlegu ofbeldi til holdlegs samræðis við sig á heimili ákærða að Selásbletti 14, Reykjavík.

Þykir þetta varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

3. Að brjótast aðfaranótt miðvikudagsins 6. desember 1972 inn í verzlunina Nesco, Laugavegi 10, Reykjavík, og stela þar þremur segulbandstækjum af gerðinni Grundig CN 224.

4. Að taka í heimildarleysi þriðjudaginn 2. apríl 1974 lítinn peningakassa í Frímerkjaverzluninni, Óðinsgötu 3, Reykjavík, í kassanum voru allt að kr. 1300.-.

*Fullt frá
á lögum
20. 11. 1974
HLS. 6-7.*

5. Að brjótast aðfaranótt þriðjudagsins 17. september 1974 inn í leirbrennslu Glit h/f að Höfðabakka 9, Reykjavík, og stela þar reiknivél, peningakassa og sjúkrakassa.

6. Að stela seðlaveski úr jakkavasa Hjálmars Baldurssonar á veitingahúsinu Röðli, Reykjavík, fimmtudaginn 7. nóvember 1974 en í veskinu voru auk skilríkja kr. 2.200.- í peningum.

Þykja verknaðir þeir, er greinir í 3.-6. tölulið, varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

III.

Gegn ákærða Sævari Marínó er málið höfðað fyrir eftirtalin þjófnaðarbrot í Reykjavík:

1. Að kvöldi sunnudagsins 24. marz 1974 fór ákærði inn í salgæti-verzlunina að Vesturgötu 53 og stal þar kr. 31.700.-.

2. Í maí 1974 fór ákærði þrívegis í vörugeymslu Eimskipafélags Íslands í Sundahöfn og stal þaðan áfengi. Í fyrsta sinni tók hann 6 koníakspela, 2 flöskur af Vodka og 3 flöskur af

Whisky. Í næstu ferð tók ákærði alls 60 flöskur af áfengi og tvær ferðatöskur er hann flutti áfengið í. Í þriðju og síðustu ferðinni tók ákærði síðan 12 flöskur af Vodka. Áfengi það, er ákærði tók í tveim síðari ferðunum, samtals 72 flöskur, seldi hann Ottó Sigurðssyni á kr. 1.000.- hverja flösku.

3. Í júní 1974 tók ákærði í heimildarleysi allt að kr. 30.000.- og þverflautu í starfsmannahúsi Farfuglaheimilisins við Baldursgötu í Reykjavík.

4. Aðfaranótt sunnudagsins 6. október 1974 stal ákærði veski er hann var staddur í veitingahúsinu Tjarnarbúð.

Þykja verknaðir þeir, er að framan eru greindir, varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og auk þess að því er 2. tölulið varðar, við 18. gr., sbr. 1. mgr. 39. gr., áfengislaga nr. 82, 1969.

IV.

Gegn ákærðu Sævari Marinó og Erlu er málið höfðað fyrir eftirtalin hegningarlagabrot:

1. Laugardaginn 6. marz 1974 tók ákærði Sævar Marinó í heimildarleysi póstpoka við afgreiðslu Flugfélags Íslands á Reykjavíkflugvelli. Í poka þessum voru 37 póstávísanir, samtals að fjárhæð kr. 313.889.-, fimm blöð úr sparimerkjabókum, samtals kr. 20.040.-, 7 póstgíróseðlar, ávísanahefti við Útvegsbankann á Seyðisfirði og 19 ábyrgðarbréf, er innihéldu peninga og verðbréf. Hélt ákærði Sævar Marinó með pokann á heimili þeirra Erlu og nýttu þau síðan þýfið í sameiningu.

Þykir háttsemi ákærða Sævars Marinós varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en háttsemi ákærðu Erlu við 1. mgr. 254. gr., sbr. 244. gr. sömu laga.

2. Skjalafals, framið í Reykjavík í apríl 1974, með því að nota í viðskiptum ávísanir, er ákærða Erla falsaði á eftirtalin eyðublöð úr ávísanahefti Jóns Sólberg Nóasonar við Útvegsbanka Íslands:

- a. A 449870, kr. 2.000.-, á sparisjóðsreikning nr. 2218. Gefin út til handhafa 20. apríl 1974. Nafn útgefanda er Jón Sólberg Nóason. Framseld með nafninu Sólveig Jónsdóttir, Sólheimum 27, Rvk., til greiðslu í söluturninum við Hálogaland.
- b. A 449871, kr. 3.000.-, á sparisjóðsreikning nr. 2218. Gefin út til handhafa 25. apríl 1974. Nafn útgefanda er Jón Sólberg Nóason. Framseld með nafninu Sólveig Jónsdóttir, Sólheimum 27, Rvk., til greiðslu happdrættismiða hjá Krabbameinsfélagi Reykjavíkur.

Þykir þetta varða við l. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

3. Skjalafals, framið í Reykjavík í júní 1974 með því að nota í viðskiptum ávísanir, er ákærða Erla falsaði á eftirtalin eyðublöð úr ávísanahefti Björgólfs Stefánssonar við Útvegsbanka Íslands, Seyðisfirði:

- a. D 11776, kr. 2.000.- á sparisjóðsreikning nr. 5178. Gefin út til handhafa 26. júní 1974. Nafn útgefanda er Björgólfur Stefánsson. Framseld með sama nafni, s. 82567, Rvk., til greiðslu í söluturninum við Hlemmtorg.
- b. D 11777, kr. 5.000.- á sparisjóðsreikning nr. 5178. Gefin út til handhafa 28. júní 1974. Nafn útgefanda er Björgólfur Stefánsson. Framseld með nafninu Sigurbjörg Aðalst. Austurbrún 4 Rvk., til greiðslu í verzluninni Útilíf í Glæsibæ.
- c. D 11778, kr. 5.000.- á sparisjóðsreikning nr. 5178. Gefin út til Silla og Valda 28. júní 1974.

Nafn útgefanda er Björgólfur Stefánsson. Framseld með nafninu Sigurbjörg Aðalsteinsd. Austurbrún 4 Rvk., til greiðslu í verzlun Silla og Valda í Glæsibæ.

Þykir þetta varða við l. mgr. 155. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

4. Fjársvik, framin í ágúst og október 1974:

Föstudaginn 23. ágúst 1974 lét ákærði Sævar Marinó ákærðu Erlu hringja frá Hjallavegi 31, Reykjavík, á Ritsímastöðina í Reykjavík og látast vera starfstúlka á símstöðinni í Grindavík. Sendi ákærða Erla síðan fimm póstávísanir, fjórar að fjárhæð kr. 100.000.- hver og eina að fjárhæð kr. 75.000.- eða samtals kr. 475.000.-. Sendanda kvað hún vera Hraðfrystihús Grindavíkur og móttakanda Unni Jökulsdóttur, Sólheimum 25 og skyldi féð afhent í Langholtsútibúi Pósts og síma. Ákærði Sævar Marinó lét síðan Guðrúnu Önnu Guðmundsdóttur, sem nú er látin, sækja féð í Langholtsútibú Pósts og síma mánudaginn 26. ágúst 1974.

Föstudaginn 18. október 1974 lét ákærði Sævar Marinó ákærðu Erlu hringja frá Grýttubakka 10, Reykjavík, á Ritsímastöðina í Reykjavík, og látast vera starfstúlka á símstöðinni í Grindavík. Sendi ákærða Erla síðan fimm póstávísanir, samtals að fjárhæð kr. 475.000.-, á sama hátt og í ágústmánuði. Sendanda kvað hún vera Jón Guðmundsson, framkvæmdastjóra, en móttakanda Guðrúnu Sigríði Jónsdóttur og skyldi féð afhent í pósthúsinu í Umferðarmiðstöðinni. Er ákærða Erla hugðist sækja féð þangað að morgni mánudagsins 21. október var það ókomið og bað hún um, að féð yrði afhent í pósthúsinu á Selfossi. Daginn eftir veitti ákærða Erla síðan viðtöku ávísun að fjárhæð kr. 475.000.- í pósthúsinu á Selfossi gegn framvísun nafnskírteinis Guðrúnar Sigríðar Jónsdóttur. Ávísun þessa, sem gefin er út 22. október 1974 á hlaupareikning nr. 1129 í útibúi Landsbanka Íslands á Selfossi af K. Fossberg f.h. Póst og síma, Selfossi,

framseldi ákærða Erla síðan með nafninu Guðrún Sigríður Jónsdóttir NNR 3268-1238 í útibúi Landsbanka Íslands, Selfossi.

Þykir þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 að því er bæði ákærðu varðar, en auk þess, að því er varðar ákærðu Erlu, við 1. mgr. 155. gr. og 157. gr. sömu laga.

V.

Gegn ákærðu Kristjáni Viðari og Sævari Marinó er málið höfðað fyrir eftirtalin þjófnaðarbrot í Reykjavík:

1. Síðari hluta árs 1972 stal ákærði Sævar Marinó Blaupunkt-útvarpstæki úr bifreið, er stóð utan við heimili ákærða Kristjáns Viðars við Grettisgötu. Notuðu báðir ákærðu síðan tæki þetta til greiðslu á ökugjaldsskuld.

Þykir þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, að því er ákærða Sævar Marinó varðar, en við 1. mgr. 254. gr., sbr. 244. gr., sömu laga, að því er ákærða Kristján Viðar varðar.

2. Fyrri hluta ársins 1973 brutust ákærðu inn í verzlun að Laugavegi 92 og stálu þar nokkru magni af vindlingum, sælgæti, píputókbaki, pípum og gaskveikjurum auk nokkurrar skiptimyntar.

3. Gegn ákærðu Kristjáni Viðari og Sævari Marinó er málið höfðað fyrir að brjótast ásamt 3. manni í janúarmánuði 1974 tvívegis inn í hús Jóns Steffensen að Aragötu 3 í Reykjavík og stela þar eftirtöldum munum: Minnispeningi í tilefni 100 ára afmælis Þjóðminjasafnsins, minnispeningi Sigurðar Nordal, gullminnispeningi Jóns Sigurðssonar, 3 Alþingishátíðarminnispeningum, 10 50 kr. peningum frá 1969, gullkvenúri, 20 karata gullarmbandi, kassa með ýmiss konar mynt, erlendri og íslenskri, eikarkassa með ýmsum skart-

gripum, 4 þriggja pela flöskum af lyfjaspíritus, 1 líters-
flösku af spíritus, nokkrum áfengisflöskum, nokkru magni
lyfja og tveimur bankabókum.

4. Í septembermánuði 1974 stálu ákærðu þremur ljóskösturum úr
vörugeymslu Eimskipafélags Íslands í Sundahöfn.

Þykir háttsemi sú, sem rakin er í tölulíðum 2-4, varða við
244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

VI.

Gegn ákærðu Sævari Marinó, Ásgeiri Ebenezer og Guðjóni er málið
höfðað fyrir eftirgreind brot á lögum um ávana- og fíkniefni:

1. Gegn ákærðu Sævari Marinó og Ásgeiri Ebenezer er málið
höfðað fyrir að hafa seinni hluta nóvember 1975 keypt í
Rotterdam 2.5 kg. af hassi, hvert kg. fyrir 1.700.-
hollenzk gyllini, og undirbúið síðan flutning efnisins
til Íslands með því að fela það í bifreiðinni R-45248 í
Rotterdam.
2. Gegn ákærða Guðjóni er málið höfðað fyrir að hafa í lok
nóvember 1975 sent bifreið sína R-45248 með skipi frá
Rotterdam til Reykjavíkur, þrátt fyrir að honum væri ljóst,
að ofangreint hassefni var falið í bifreiðinni, sem kom
til Reykjavíkur/2., desember 1975 með m.s. Reykjafossi.

Teljast framangreind brot ákærðu varða við 2. gr., sbr. 5.
gr. og 6. gr., laga nr. 65, 1974 um ávana- og fíkniefni og
2. gr., sbr. 10. gr. reglugerðar nr. 390, 1974 um sölu og
meðferð ávana- og fíkniefna.

VII.

Gegn ákærða Kristjáni Viðari er málið höfðað fyrir að hafa
ásamt öðrum manni:

1. Í ársbyrjun 1972 brotízt inn í verzlun að Laugavegi 92 í Reykjavík og stolið þar allt að 10 lengjum af vindlingum.
2. Í ársbyrjun 1972 brotízt inn í veitingahúsið Silfurtunglið við Snorrabraut í Reykjavík og stolið þar allt að 24 flöskum af áfengi.
3. Aðfaranótt mánudagsins 15. janúar 1973 brotízt inn í verzlunina Málarann, Bankastræti 7 A, Reykjavík og stolið þar, allt að kr. 5.000.- í skiptimynt úr peningakössum og einni rúllu af veggfóðri.
4. Laugardaginn 5. janúar eða sunnudaginn 6. janúar 1974 brotízt inn í húsið Borgartún 29 í Reykjavík og stolið þar í húsnæði fyrirtækisins Ljóstak allt að kr. 2.000.- í gömlum peningaseðlum og gamalli mynt og ennfremur kr. 1.400.- úr afgreiðsluborði.

Þykir háttsemi sú, sem rakin er í tölulíðum 1-4 að framan, varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

VIII.

Gegn ákærða Albert Klahn er málið höfðað fyrir:

1. Að hafa í maímánuði 1974 aðstoðað ákærða Sævar Marinó við að flytja hluta af áfengi því, er um getur í III. 2. að framan frá Sundahöfn heim til ákærða Sævars Marinós að Álfheimum 40, svo og fyrir að veita viðtöku nokkru magni áfengis sem endurgjaldi fyrir flutningana.

Þykir þetta varða við 1. mgr. 254. gr., sbr. 244. gr., almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

2. Eftirtalin brot á lögum um ávana- og fíkniefni:

a) Um miðjan apríl 1973 tekið við og neytt 10 gr. af marihuana, sem Sævar Marinó sendi ákærða frá Kaupmanna-

höfn til heimilis hans í Reykjavík.

- b) Í maí 1973 keypt af Gunnari Inga Ægissyni 10 gr. af morfin-basa fyrir kr. 10.000.- að Brekkustíg 7 í Reykjavík, neytt sjálfur og gefið öðrum af helmingi efnismagns, en ákærði fleygði afganginum, er hann komst að raun um hvert efnið var, en hann hafði talið, að um Psílocybin væri að ræða.
- c) Í júní 1973 tekið við og geymt að Njálsgötu 44 í Reykjavík fyrir Sævar Marinó 150-160 þynnur af LSD og plastbréf með um 50 töflum af LSD, afhent Agnari Agnarssyni 45 þynnur af LSD að Njálsgötu 44 og skömmu síðar afhent nefndum Agnari 30 þynnur af LSD á Laugavegi í bifreið, sem ákærði hafði til umráða. Um sama leyti keypt 5 gr. af hassi fyrir kr. 1.500.- af Sævari Marinó að Njálsgötu 44. Um svipað leyti selt Agnari Agnarssyni 10 gr. af hassi á kr. 300.- hvert gramm að Grettisgötu 82, ennfremur keypt 11 töflur af LSD af nefndum Sævari Marinó á kr. 300-400.- hvert stykki og síðar selt þær ónefndum aðila fyrir kr. 3.500.-.
- d) Í september 1973 keypt 5 gr. af hassi fyrir kr. 2.500.- af Sigurþór Stefánssyni að Framnesvegi 61 í Reykjavík.
- e) Um miðjan október 1973 keypt í félagi við aðra hass fyrir kr. 100.000.-, en framlag ákærða var kr. 20.000.-, hvert gramm á rúmar kr. 300.-, af Benóný Ægissyni að Vesturgötu 24 í Reykjavík og selt skömmu síðar ónefndum aðila af sínum efnishluta, sem nam 80 grömmum, fyrir kr. 15.000.-, hvert gramm á kr. 350.-, en neytt sjálfur og gefið öðrum afganginn.
- f) Föstudaginn 26. október 1973 keypt 23 skammta af LSD fyrir kr. 7.000.- af Hinriki Jóni Þórisyni að Vesturgötu 24 í Reykjavík, neytt um helmings taflnanna og afhent síðan Kristjáni Viðari Viðarssyni afganginn.
- g) Í lok janúar 1974 keypt 120 grömm af hassi á kr. 350.- hvert gramm af Sævari Marinó að Grettisgötu 82 í Reykjavík og nokkru síðar keypt ásamt Inga Rafni Bæringssyni 60 gr.

af hassi á kr. 400 hvert gramm af nefndum Sævari Marinó að Grettisgötu 82. Um sama leyti selt Kára Sigurðssyni 20 gr. af hassi fyrir kr. 13.000.- að Njálsgötu 46 og selt Hákonni Arnari Hákonarsyni 15 gr. af hassi fyrir kr. 6.000.- utan við húsið að Njálsgötu 49 í Reykjavík.

h) Hinn 20. mars 1974 keypt í Kaupmannahöfn hass fyrir rúmar danskar krónur 400.-, flutt 36 grömm af efninu hingað til lands 22. sama mánaðar falið í vindlingapakka, en nokkurs hluta efnisins hafði ákærði þá neytt í Kaupmannahöfn.

Teljast brot þau, sem í liðum a-g greinir varða við 5. gr., sbr. 6. gr., laga nr. 77, 1970 um tilbúning og verslun með ópíum o.fl., en brot það, sem greinir í h-lið einnig við 1. gr. nefndra laga, sbr. 1. gr. reglugerðar nr. 257, 1969 um ávana- og fíkniefni, sbr. nú 2. gr., sbr. 5. gr. og 6. gr., laga nr. 65, 1974 um ávana- og fíkniefni og 2., sbr. 10. gr., reglugerðar nr. 390, 1974 um sölu og meðferð ávana- og fíkniefna.

IX.

Þess er krafizt, að öll ákærðu verði dæmd til refsingar, til greiðslu skaðabóta eftir því sem krafizt verður og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er þess og krafizt, að ákærðu Sævari Marinó og Ásgeiri Ebenezer verði gert að sata upptöku á 2.5 kg. af hassi, sem hald var lagt á samkvæmt 5. gr. laga nr. 65, 1974, sbr. VI, 1, að framan.

Skrifstofu ríkissaksóknara, Reykjavík, 8. desember 1976.

Þórunn Björnsdóttir



Framangreinda ákeru hefi ég birt sem hér segir:

1. Fyrir Tryggva Rúnari Leifssyni að Vinnuhælinu að Litla-Hrauni
13. janúar 1977, kl. 16.30. Óskaði hann eftir því, að
Hilmar Ingimundarson, hrl. verði skipaður verjandi sinn.
2. Fyrir Sævari Marinó Ciesielski í fangelsinu við Síðumúla
17. janúar 1977, kl. 14.10. Óskaði hann eftir því, að
Jón Oddsson, hrl. verði skipaður verjandi sinn.
3. Fyrir Guðjóni Skarphéðinssyni í fangelsinu við Síðumúla
17. janúar 1977, kl. 14.15. Óskaði hann eftir því, að
Haraldur Blöndal, hdl, verði skipaður verjandi sinn.
4. Fyrir Erlu Bolladóttur, að Stóragarði 29, Reykjavík,
17. janúar 1977, kl. 14.25. Óskaði hún eftir því, að
Guðmundur Ingvi Sigurðsson, hrl. verði skipaður verjandi
sinn.
5. Fyrir Albert Klahn Skaftasyni að Njálsgötu 44, Reykjavík,
17. janúar 1977, kl. 15.30. Óskaði hann eftir því, að
Örn Clausen, hrl. verði skipaður verjandi sinn.
6. Fyrir Maríu S. Júlíusdóttur, móður ákærða Ásgeirs Ebenezer
Þórðarsonar, að Sigtúni 35, 18. janúar 1977, kl. 16.25.
Sagði hún ákærða vera á loðnuveiðum og ekki væntanlegan
til Reykjavíkur á næstunni.
7. Fyrir Kristjáni Viðari Viðarssyni í Hegningarhúsinu við
Skólavörðustíg 18. janúar 1977, kl. 23.45. Óskaði hann
hann eftir því, að Páll S. Pálsson, hrl. verði skipaður
verjandi sinn.

Reykjavík, 19. janúar 1977.

Bjarni Matthíasson
d. lögfr. m.

Ákærði Ásgeir Ebeneser Þórðarson hefur falið mér að veita kl. 11.45
 verjandi sinn í framangreindu máli. Hefi ég í dag/tekið við
 birtingu á ákæru á héndur honum í skrifstofu sakadóms Reykja-
 víkur í Borgartúni 7.

Reykjavík, 1. febrúar 1977.

Guðni Thorgeirsson

Skv. 3. mgr. 5. gr. 1. 74/1974 er meðferð máls þessa
 falin þremur sakadómurum, þeim Gunnlaugi Briem sem dómsfor-
 manni, Ármanni Kristinssyni og Haraldri Henryssyni.

Sakadómur Reykjavíkur, 15. marz 1977

Hallgrímur Þorgeirsson
 yfirsakad.



HE/SJ

M. 2679/74, 3479/75

Reykjavík, 8. desember 1976.

M. 999, 2949/76

ÓSKAST TILGREINT Í SVARI

Hér með er sakadómi Reykjavíkur send ákæra á hendur eftirgreindum 7 mönnum:

1. Kristjáni Viðari Viðarssyni, Grettisgötu 82, Reykjavík, nú gæzlufanga í Reykjavík;
2. Sævari Marinó Ciesielski, Þverbrekku 4, Kópavogi, nú gæzlufanga í Reykjavík;
3. Tryggva Rúnari Leifssyni, Selásbletti 14, Reykjavík, nú gæzlufanga í Reykjavík;
4. Albert Klahn Skaftasyni, Laugavegi 46 A, Reykjavík;
5. Erlu Bolladóttur, Þverbrekku 4, Kópavogi, nú gæzlufanga í Reykjavík;
6. Ásgeiri Ebenezer Þórðarsyni, Sigtúni 35, Reykjavík; og
7. Guðjóni Skarphéðinssyni, Rauðarárstíg 32, Reykjavík, nú gæzlufanga í Reykjavík;

Rannsóknargögn um ákæruefni máls þessa bærust embætti ríkissaksóknara með bréfum sakadóms Reykjavíkur, dagsettum 1. október 1975 og 26. október s.l. og bréfum sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum, dagsettum 18. október 1974 og 31. marz s.l. Jafnframt því að senda sakadómi Reykjavíkur öll rannsóknargögn máls þessa er þess krafizt, að sakadómur Reykjavíkur ljúki rannsókn máls þessa fyrir dómi og taki það síðan til dómsálagningar samkvæmt ákæru á hendur fyrrgreindum 7 mönnum.

Fyrirhugað er að fresta ákæru skilorðsbundið vegna ætlaðra brota Ottós Sigurðssonar, Bergþórugötu 27, samkvæmt 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, og verður dómnum tilkynnt um þá ákvörðun síðar. Efni þykja eigi nú vera til aðgerða af hálfu ákærvalds vegna ætlaðra þjófnaðarbrota þeirra Lárusar Björns Svavarssonar, Yztabæ 1, Óskars Elíasar Héðins Guðmundssonar, Framnesvegi 18, og Arnar Leós Guðmundssonar, Völvufelli 44, með tilliti til dóma þeirra, sem síðar hafa fallið yfir þeim, sbr. meðfylgjandi sakavottorð þeirra.

Sókn máls þessa mun embætti ríkissaksóknara annazt.

F. h. r.

Hallgrímur Linnarsson

Til
sakadóms Reykjavíkur.

8/31. 17

Rannsóknarlögreglan í Reykjavík

Skýrsla

Miðvikudaginn daginn 12-1- 1977.

Fekin af:

Nirði Snæhólm.

Gunnlaugur Briem, sakadómari í Reykjavík, óskar eftir að aflað verði upplýsinga varðandi Guðmund Einarsson, f. 6-10-1955, en faðir hans er Einar Baldursson, tilh. Hraunprýði í Blesugróf, sími 33641.

Efni: Upplýsingar um Guðmund Einarsson, f. 6-10-1955.

1. Uppvöxtur og fjölskyldumál.
2. Skólaganga.
3. Atvinna. (Pétur Snæland).
4. Heilsufar.
5. Áfengis og lyfjaneysla.
6. Lýsing á skapgerð.
7. Kynni af stúlkum.
8. Líkamsatgjörfi.
9. Kynni hans og félagsskapur við Kristján Viðar, Tryggva Rúnar og Sævar Cieliski.

Grunaðir:

Settir í varðhald:

N. Snæhólm.

12-11-1977 er mættur í skrifstofu rannsóknarlögreglunnar Einar Baldursson, tilh. Hraunprýði í Blesugróf, f. 17-12-1917.

Mætta er birt tilefni yfirheyrslunnar. Hann skýrir svo frá:

1. Guðmundur er fæddur og uppalinn í Reykjavík og bjó heima hjá okkur allan tíman til er hann hvarf, en hann átti þrjá bræður og Guðmundur var næst elstur. Hinir þrír bræðurnir eru einnig hjá okkur, en tveir yngstu eru 5 og 7 ára. Guðmundur var ágætur á heimili, stiltur og rólegur og hjálpaði bæði okkur og bræðrum sínum eftir þörfum, og var frekar lítið útvið á kvöldin, enda er hús okkar, eða var útúr áður en Breiðholtið fór að byggjast.

2. Guðmundur gekk í barnaskóla og kláraði hann, og eg veit ekki betur en að honum hafi gengið sæmilega. Hann hélt svo áfram í gangfræðaskólanum og var að klára hann, en hann var í Ármúla-gagnfræðaskólanum, og mig ~~minnir~~ minnir að hann hafi verið í framhaldsskóla í einn vetur í Breiðholtinu. Honum gekk einnig vel þarna, og eg heyrði aldrei talað um að neinn hefði kvartað undan hegðun hans né öðru í skólum. Meiningin var hjá Guðmundi að fara í einhvern lærdóm í kringum vélar, því hann var kominn með þannig bækur.

3. Mig minnir að Guðmundur hafi verið búinn að vinna í eitt sumar hjá Sindra, eða einhvern tíma, því hann vann þar er kornkraninn var settur upp við Sundahöfn. Hann var þar, til er hann byrjaði í skóla um haustið. Svo var hann hjá Pétri Snæland, en hve lengi hann var þar, man eg ekki og man ekki til að hann hafi unnið hjá öðrum. Hann vann hjá Pétri bæði sumar og vetur, þegar hann hafði frí í skólanum og mátti vera að því. Elsti sonur minn var búinn að vera ein ~~3~~ til 4 ár hjá Pétri, er Guðmundur byrjaði.

E B

4. Eg veit ekki betur en að heilsufar Guðmundar hafi verið sémilegt. Eg man ekki eftir að hann hafi fengið aðra sjúkdóma, en umferðarpestir sem stundum gengu. Hann lá aldrei á sjúkrahúsum, og aldrei lengi í einu þó hann fengi umferðarpest.

5. Eg vissi að Guðmundur bragðaði áfengi, en eg veit ekki annað en að það hafi bara verið smávegis með kunningjum sínum, enda er ekki um mörg ár að ræða frá fermingu. Eg sá Guðmund aldrei ölvaðan, en eg vissi að kunningjar hans komu stundum til hans og að hann var aðeins búinn að smakka. Hann var farinn að reykja pípu og sígarrettur, en ekki mikið. Við vissum aldrei til að Guðmundur notaði lyf af neinu tagi. Hefði svo verið þá hefði það tæplega farið fram hjá manni.

6. Guðmundur var afar skapstiltur og var ekki uppstökkur. Eg man ekki til að hafa séð Guðmund reiðan, og þó fokið hefði í hann, man eg ekki til að það hafi þá setið í honum, því hann var aldrei með neinar aðfinnslur, svo eg viti til.

7. Guðmundur var ekki trúlofaður og eg veit ekki til að hann hafi þekkt neina sérstaka stúlku, annarri fremur. Eg veit bara um eitt skipti, sem hann kom með einhverja stúlku heim. Eg man alls ekki til að Guðmundur hafi verið að heiman næturlangt áður en hann hvarf. Hann fór hinsvegar stundum á bíó og böll, en eftir því er eg bezt veit, kom hann vanalega fljótlega eftir að balltími var úti. Hann gerði ekki mikið af því að fara á böll, síst meira en gengur og gerist nú til dags, enda var aðallega um skólaböll að ræða, og kvöldið sem hann hvarf, var meiningin hjá strákunum að fara austur fyrir fjall, en það var víst ófært.

4.

var

8. Guðmundur/frekar vel að manni, hvað krafta snertir, eftir því er eg bezt veit. Hann var mjög góður í sundi og var búinn að stunda það frá því hann var strákur, en júdó, eða glímu, eða kraftæfingar, stundaði hann ekki. Hann var hinsvegar eitthvað í fótbolta, án þess að vera í neinu félagi. Eg vissi ekki til að hann stundaði aðra leikfimi en þá sem tilheyrði skólanum. Eg vissi ekki til að Guðmundur lenti nokkurntíman í slagsmálum, eða að ráðist hafi verið á hann og vissi aldrei til að hann ætti í útistöðum við neinn. Hafi svo verið þá hefur hann ekki sagt frá því heima. Við urðum aldrei vör við neitt, er benti til að þetta hefði geta átt sér stað, svo sem rifin föt og skrámur á Guðmundi.

9. Eg held að Guðmundur og Kristján Viðar, hafi ekki þekkt, að öðru leyti en því, að þeir voru eitthvað saman í barnaskóla, í Austurbæjarskólanum, en hvort þeir voru í sama bekk, veit eg ekki. Eg veit ekki til að Kristján Viðar, hafi nokkurntíman komið heim til okkar, enda þekki eg hann ekki og ekki konan mín heldur. Eg hef séð mynd af Kristjáni í blöðum. Eg heyrði Kristján aldrei nefndan heima hjá mér, fyrr en eftir að þetta mál kom upp, en þá ryfjaðist upp að þeir hefðu eitthvað verið saman í skóla. Eg hef ekki hugmynd um hvort Guðmundur og Tryggvi Rúnar hafa þekkt, eða Guðmundur og Sævar Ciceleski, því eg hafði ekki heyrt þá nefnda, fyrr en þetta mál kom upp.

Þá vil eg geta þess, að það er misskilningur að Guðmundur hafi verið fæddur þann 6-10-1955. Það rétta er að hann er fæddur þann 6-8-1955, eða sem sagt í ágúst.

Upplesið, játað rétt. Einar Baldursson.

N. Snæhólm.

N. Snæhólm.

Einar Baldursson

13-1-77. Þá er mættur í máli þessu sem vitni, Asgeir Þorsteinsson (Gilli) tilh. Bakkakoti v. Blesugróf, 21 árs að aldri, sími 34364.

Mætta er birt tilefni yfirheyrslunnar.

Hann skýrir svo frá áminntur um sannsögli:

1. Eg er búinn að þekkja Guðmund Einarsson síðan hann var um 5 ára að aldri og eftir það vorum við alltaf saman til er hann hvarf, og eg var oft heima hjá honum. Eg varð aldrei var við annað en að Guðmundur væri ágætur á heimili sínu og þar kom öllum vel saman.

2. Við Guðmundur gengum alveg í sama skóla og vorum í sama bekk allan barnaskólann. Við vorum í Austurbæjarskólanum, og Guðmundi gekk þar ágætlega, þó við værum ekkert voðalega sterkir, og það líkaði öllum vel við hann og það var ekkert fundið að honum né mér vegna óláta, og Guðmundur stundaði námið yfirleitt vel. Guðmundur kláraði annan bekk í skyldunáminu í Breiðholts-skóla og ~~varð gagnfróðingur úr þessum~~, en hann féll í þessum öðrum bekk og fór svo í Ármúlaskóla og kláraði þar. Eg veit ekki ástæðuna fyrir því að Guðmundur féll í 2. bekk, en hitt veit eg að í sama skipti féll þorinn af krökkunum í þessum bekk, en eg var þá í Austurbæjarskóla. Guðmundur ætlaði svo að fara í bifvélavirkjun vorið 1974, en hann vann töluvert með skólanum.

3. Eg vissi að Guðmundur var til að byrja með, sendill í verzlun O. Ellingsen, a.m.k. einn skólavetur og eg veit ekki betur en að þeim þar hafi líkað mjög vel við hann. Þetta var í verzluninni á meðan hún var við Hafnarstræti. Svo vann hann í unglíngavinnu eitt sumar og eg var þá með honum. Þar var hann mjög góður, og fékk beztu einkun út úr því.

A. Þ.

Svo var Guðmundur, að eg held í eitt sumar hjá Sindra, og eg heyrði ekki annað en að það hefði gengið vel. Einnig vann hann hjá Pétri Snæland, byrjaði að vinna þar á meðan hann var í skóla og hélt svo áfram fast er hann var búinn og var að vinna þar er hann hvarf.

4. Heilsufar Guðmundar var alla tíð mjög gott og hann var mjög sjaldan lasinn.

5. Eg held að Guðmundur hafi verið í kringum 14 ára að aldri, er eg vissi til þess að hann fór aðeins að bragða áfengi og eftir það fór hann að smakka öðruhvoru, en hann drakk ekki mikið upp á síðkastið. Hann drakk nokkuð mikið er hann var að, en ekki nema kvöld í einu og gat orðið mikið fullur, en aldrei slæmur. Eg man ekki til að hann hafi verið æstur eða vondur við vín. Eg var oftast með honum. Eg held að það sé útilokað að Guðmundur hafi notað nokkur lyf. Eg varð aldrei var við það og heyrði ekki talað um það, enda held eg að hann hafi verið mótfallinn svoleiðis löguðu.

6. Guðmundur var yfirleitt voðalega rólegur og erfitt að gera hann vandan. Eg man eftir því að hann reiddist, en hann reiddist ekki illa. Það kom fyrir að Guðmundur lenti í slagsmálum, en hann reyndi að komast hjá þeim, en hann tók á móti ef hann þurfti á því að halda. Hann lét menn ekki vaða ofan í sig að ástæðulausu. Hann stofnaði aldrei til illinda sjálfur. Eg man eftir því að hafa séð Guðmund einusinni blóðugan fyrir utan dansstað, er eg kom út. Eg held að þá hafi verið ráðist á hann, en vissi aldrei hvernig það var, eða í hvaða náungum hann hafði lent.

7. Guðmundur var ekki með neinum sérstökum stúlkum, því hann var frekar feiminn í þeim málum.

A.P.

7.

Eg man eftir að hann var með einhverri einni stúlku, eða hafði samband við hana, í tvo til þrjá mánuði, að mig minnir. Eg held að það hafi verið um sumarið eða haustið 1973.

8. Eg held því fram að Guðmundur hafi verið mjög hraustur og handsterkur, en hann stundaði ekki neinar íþróttir, nema skólaleikfimi og smávegis fótbolta, en ekki glímu, júdo eða neitt slíkt, og ekki skíði. Eg tel að Guðmundur hafi verið fær um að taka hvaða meðal mann sem var. Hann var frekar hár og grannvaxinn og frekar vöðvamikill. Hann var mjög hjálpsamur, og meira en aðrir, myndi eg segja.

9. Tryggva Rúnar þekki eg ekki og veit ekki til að Guðmundur hafi nokkur tíman þekkt hann, og er eiginlega alveg viss um það. Sævar Cielcelski þekkti eg bara í sjón, og eg held að Guðmundur hafi kannast við hann svipað, eða bara í sjón. Sævar var aldrei með okkur í bekk, en hann var oft að þvælast með strákum úr Austurbæjarskólanum, en eg veit ekki einusinni hvort hann hefur verið í þeim skóla. Eg man a.m.k. ekki eftir því og svo mikið er víst að við Guðmundur lékum okkur aldrei við hann og höfðum engin samskipti við hann. Kristján Viðar var í Austurbæjarskólanum og í bekk með okkur Guðmundi, en um tíma var hann sendur upp á Jaðar, heimilið fyrir afbrotaunglinga, sem þá var, og mig minnir að hann hafi verið í burtu hálfan vetur. Eg held að þetta hafi verið er við vorum í 11 ára bekk. Svo kom hann aftur. Mig minnir að Kristján hafi verið með okkur allan barna-skólatímann, eða frá 7 ára bekk, og þá lékum við okkur saman og við fórum stundum heim til hans á Grettisgötuna, en

A. Þ.

hann kom aldrei heim til okkar, þó hann kæmi nokkrum sinnum inn í Blesugróf, en þar þekkti hann einhverja stráka. Eg held að hann hafi verið í kringum 13 ára er þetta var. Við Guðmundur vissum að Kristján var þá í einhverjum afbrotum, sumt fréttum við og hann sagði okkur sjálfur frá sumu. Svo höfðum við ekkert með hann að gera um tíma, en svo held eg að hann hafi verið 14 til 15 ára, er hann kom aftur inn í Blesugróf að tala við aðra stráka og þá hittum við hann, en síðan ekkert. Eg held að mér sé óhætt að fullyrða að við Guðmundur höfum ekkert hitt Kristján frá því að hann var 15 ára, eða haft nein afskipti af honum, nema þá að við höfum hitt hann á götu. Eg hafði ekki hugmynd um hvort Kristján var í eiturlyfjum frá þessum tíma og til er Guðmundur hvarf, og eg heyrði Guðmund aldrei tala um það, enda held eg að það sé alveg öruggt að Guðmundur hafi ekki haft neitt samband við hann á þessum tíma.

Eg held að það hafi verið þegar strákarnir voru 12 til 13 ára, sem eg vissi til að Kristján fékk Guðmund með sér inn í Ölgerðina og þar stálu þeir einhverju af fullum gosflöskum. Eg var ekki með þeim, en þeir sögðu mér frá þessu, og í smá tíma voru þeir saman í að safna eir, en það var stuttur tími, sem þeir voru saman á þessu tímabili. Eg held að þetta sé í eina skiptið sem Guðmundur lenti með Kristjáni í að taka hluti sem hann átti ekki. Kristján Viðar var örugglega ekki á ballinu sem við Guðmundur vorum á í Hafnarfirði, nóttina sem hann hvarf.

Upplesið, játað rétt. Ásgeir Þorsteinsson.

N. Snæhólm.

Ásgeir Þorsteinsson.

13-1-77. Rétt er að geta þess, að Ásgeir taldi að Guðmundur hefði verið um 12 ára er hann var í verzlun o. Ellingsen. Verzlunin er flutt fyrir talsvert löngu síðan vestur á Granda, og komið í hana annað starfsfólk en var í henni, á þeim tíma er Guðmundur á að hafa unnið þar sem sendill.

N. Snæhólm.

Einnig talaði eg við í dag, Pétur Snæland, eldri. Forstj. og spurði hann um Guðmund Einarsson. Pétur sagði að Guðmundur hefði verið búinn að starfa hjá sér í um tvö ár, og hefði verið sérstaklega góður starfskraftur og gott efni í honum. Hann hefði einnig mætt vel til vinnu, og því ekkert undan honum að kvarta.

N. Snæhólm.

[Handwritten signature]

RANNSÓKNARNEFNDIN REYKJAVÍK.

Rvk. 8. marz 1977.

Laugardaginn 28. ágúst 1976, ræddum við undirritaðir við Tryggva Rúnar Leifsson, gæzlufanga, f. 2. okt. 1951.

Viðræðurnar voru um flutning á líki Guðmundar Einarssonar, sem, samkvæmt játningu sakborninga, var ráðinn bani, að Hamarsbraut 11, Hafnarfirði, í janúar 1974. Um þetta leiti, hafði staðið yfir árangurslaus leit að líki Guðmundar í hrauninu sunnan við álverið í Straumsvík, en á því svæði töldu sakborningar sig hafa falið líkið. Í þessum viðræðum, barst í tal friðlýst fjárborgsem er nálægt rauðamalgryfju allangan spöl sunnan álversins, svo nefndri Lónakotsgryfju. Taldi Tryggvi sig muna eftir því, að hafa verið á þessu svæði, ásamt sakborningunum Sævari Ciesielski og Kristjáni Viðari Viðarssyni. Sagðist hann muna vel eftir því, að hafa gengið að opi fjárborgarinnar og að hafa séð mjólkurfernu, sem skilin hafi verið eftir á syllu í hleðslu fjárborgarinnar, gegnt opinu.

Fleiri atriði komu ekki fram í þessum samræðum, en athyglivert er, að á syllu í hleðslu fjárborgarinnar var merki, sem á stendur "Friðlýstar mynjar" og er mjög áþekkt að stærð og lögun og hlið mjólkurfernu. Einnig bendir frásögn Tryggva til þess, að ferð sú sem hann segir frá, hafi verið farin að degi til, en að auki, er næsta óhugsandi að ganga þarna um hraunið í náttmyrkri. Merkið er gult endurskinsmerki og hefur það tæpast farið framhjá Tryggva, hafi ljósfæri verið notað.

[Handwritten signature]
Haraldur Arnason
rannsóknarlögr.m.

[Handwritten signature]
Sigurbjörn V. Eggertsson
rannsóknarlögr.m.

1. Var hann í yfirhöfn, er hann hvarf?
2. Var hann með hring á sama tíma?
3. Var hann með seðlaveski?
4. Var hann með úr?

Eg talaði í dag við Arnfríði Felixdóttur, móðir Guðmundar um þetta, og hún svaraði eftirfarandi:

1. Hann átti ekki frakka eða yfirhöfn, og var yfirhafnarlaus er hann fór að heiman.
2. Hann átti hring, en var ekki með hann á sér.
3. Hann var með seðlaveski, sem hún segir að hafi verið samanlagt, að hana minnir, dökkt, en ekki svart og ekki slétt. Talið slönguskinn. Í því sennilega ökuskírteini hans og fleiri nótur.
4. Hann átti armbandsúr og var með það.

Pierpont kassa nr. 2080 fyrir 12"pl/st. Úr nr. 267X, Sölu dagur 14-4-1969. Keypt hjá Sig. Tómassyni, v. Skólavörðustíg. (Ábyrgðarskírteinið liggur hér frammi).

Rétt er að geta þess, að skírteinið er búið að vera í höndum rannsóknarlögreglunnar í marga mánuði og það var auglýst eftir úrini og fjöldi úra skoðaður í því sambandi. Úr fólks er lét vita að það ætti þessa tegund, en þetta var ekki meðal þeirra, og úrið hefur því ekki komið í leitirnar. Ég var meðal annara í því að athuga úrin.

N. Snæhólm.


RANNSÓKNARLÖGREGLAN Í REYKJAVÍK
TÆKNIDEILD

LJÓSMYND af Guðmundi Einarssyni, Hraunprýði,
Blesugróf, f. 6. 8. 1955. Eftirtaka eftir ljósmynd
úr ökuskírteini útgefnu 6. 8. 1972.

REYKJAVÍK 22. marz 1977.

A. Þóris



31

Rannsóknarlögreglan í Reykjavík

Skýrsla

Fimmtu daginn 13. jan. 1977

Utkominn af:

Gísli Guðmundssyni
lögreglum.

Í dag kom að máli við undirritaðan, Gunnlaugur J. Briem sakadómari og óskaði eftir því að fram færi frekari rannsókn í morðmáli, Guðmundar Einarssonar, Hraunprýði í Blesugróf hér í borg, en hans hefur verið saknað frá 26. janúar 1974. Meðdómarar Gunnlaugs eru, Ármann Kristinsson og Haraldur Henrysson, sakadómarar í Rvík.

Efni: Framhaldsrannsókn í máli, Guðmundar Einarssonar, Hraunprýði, Blesugróf.

Grunaðir:

Ármann hefur gert allitarlega skrá yfir þau atriði, sem að mati dómara þarf frekari rannsóknar við og lauslega áætlað er þar um að ræða að minnsta kosti 30 atriði, mismunandi viðamikil. Augljóst er að þarna er um mikla vinnu að ræða og hefur Hellert Jóhannesyni, lögreglumanni, verið falið að vinna einnig að þessu máli, svo og Nirði Snæhólm, deildarstjóra, eftir því sem þörf er á.

Settir í varðhald:

Gunnlaugur Briem, afhenti sama dag undirrituðum, eitt ljósritað eintak af málinu. Hafði ég þegar samband við Örn Höskuldsson fltr. og Eggert N. Bjarnason lögreglumann sem höfðu veg og vanda að umræddri rannsókn og óskaði eftir því, að þeir leggðu fram allar skýrslur og upplýsingar sem hjá þeim væri að finna, varðandi málið og vær þeim afhent þrjú eintök af áðurgreindri skrá Ármanns Kristinssonar.

Hér á eftir verður tekið saman í aðalatriðum, þeir punktar sem koma fram í yfirliti Ármanns Kristinssonar.

Gísli Guðmundsson lögreglum

Morðmál, Guðmundar Einarssonar, Hraunprýði, Blesugróf,
frá, 26.jan. 1974. No. 438/ 1974.

Minnispunktar:

- ✓ 1. Reyna að afla upplýsinga um ástand íbúðarinnar að Hamarsbraut 11, þegar nýir íbúar koma þangað á eftir Sævari og Erlu.
- ✗ 2. Afla upplýsinga um það, hvort leit hafi verið framkvæmd í íbúðinni, þegar Sævar var settur í 20 daga gæzluvarðhald vegna fíkniefnamáls "nokkrum dögum síðar" en Guðmundur hvarf.
- ✗ 3. Athuga við föður Erlu, hvort til hafi verið fleiri en einn lykill að íbúðinni.
4. Afla þarf upplýsinga um það, hvort Guðmundur hefur verið með hringa, úr eða önnur verðmæti í fórum sínum, þegar hann hvarf
- ✗ 5. Var leitað heima hjá Guðmundi eða öðrum sem tengjast málinu og t.d. kannað hvort einhver þeirra hefur haldið dagbók. (ath. stúlkurnar á Kópavogshæli)
- ✗ 6. Hvað um áfengis-, eða lyfjaneyzlu, fá álit hvers og eins um hina.
- ✓ 7. Athuga þarf tímamörk, vegna þeirra er síðast töldu sig hafa séð Guðmund. Ath. hver gæti hafa verið í gulri peysu ofl. Sýna vitnum myndir af ákærðum.
- ✗ 8. Athuga þarf, hvar leitað var að Guðmundi Einarssyni, hvort það geti hafa verið á líklegum urðunarstað. Ath. þarf veðurfar og snjólag.
- ✗ 9. Nauðsynlegt er að tala við fólk það sem Erla var með um nóttina og spyrja um ástand hennar þá og hvort það hafi séð hana skrifa inn um glugga íbúðarinnar að, Hamarsbraut 11. Hvort ljós hafi verið í íbúðinni, tímamörk ofl. Um þrennt er þarna að ræða.

- ✓ 10. Spyrja þarf Erlu að því, hvort hún hafi hirt lakið úr sorptunnunni og hvað hún hafi gert við það. Hvort blóðblettir hafi verið í því. Þýðir að tala við sorphreinsunarmenn.
- X 11. Athuga þarf nákvæmlega, hvenær Sævar kemur heim frá Kaupmannahöfn og Amsterdam, síðla í janúar, 1974. (Ásgeir Friðjónsson)
- X 12. Athuga þarf um leigubifreið sem pöntuð hafi verið að Hamarsbraut 11, nóttina 27. jan.74 og þeir félagar fóru í að"nætursöllum" Ath. leigubifreiðastöðvar í Hafnarfirði. Gæti hér verið um að ræða, Albert Klahn Skaftason á eigin bíl eða föður síns.
13. Er sá möguleiki fyrir hendi, að Albert Klahn og Kristján Viðar, hafi haft samband sín í milli um gerð bifreiðar ofl Hvar gætu þeir hafa náð saman.
14. Aðeins Kristján er látinn lýsa klæðnaði Guðmundar, væri möguleiki á að hinir gætu lýst klæðnaðinum. Á sama hátt skýrir Kristján frá því að þeir félagar hafi verið með einhverjar töflur á Hamrarsbraut 11 og minnir að Guðmundi hafi verið boðin lyf. Nauðsynlegt er að spyrja aðra ákærða um þetta atriði.
- X 15. Ath. hvort leigubifreið hafi verið pöntuð að, Grettisgötu 82 aðfaranótt 27. jan 1974.
- X 16. Reyna að rekja sögu hnífsins t.d. hjá, Sævari, Bárði, tollvörðum eða öðrum.
- X 17. Kanna hvort einhver getur borið um það, hvar hnífurinn var í herbergi Kristjáns, eða hvort einhver hafi séð hann í föðrum Kristjáns, og þá jafnframt, hvenær hann hafi horfið.
- X 18. Ræða nánar við tilgreinda aðila um hnífinn, Magnús Árnason, Hinrik Jón Þórisson og Guðmund Edwin Þór Björnsson. Spyrja Hinrik hvort hann hafi beðið Sævar um skilaboð til Helgu Gísladóttur, Kópavogshæli.

19. Nauðsynlegt er að spyrja Sævar um þann framburð Kristjáns Viðars, að hann hafi látið Sævar hafa hnífinn í ágústmánuði 1974, sem stungið hefði honum í poka. Hvað segir Sævar um þetta samtal yfirleitt.

20. Nauðsynlegt að kanna, hvort Sævar hafi tekið peningaveski Guðmundar, eða hvort hægt er að fá upplýsingar um það, hvað af því varð, eða hvort hann hafi verið með veski.

X 21. Hvaða hnífsblað var sett í rannsókn?

22. Athuga hvort hugsanlegt sé, að hin vonda lykt kunni að hafa átt við annað tilvik. Kristján og Sævar höfðu fundið hana miklu fyrr en Erla. Er hugsanlegt að þetta geti átt við um, Geirfinn eða færeying?

23. Kanna þarf eins vel og kostur er, sannleiksgildi þeirrar frásagnar, Kristjáns, að hann hafi tekið hnífinn úr beltinu sínu og stungið afturfyrir sig í Guðmund. Er Kristján rétthentur og hvaða aðstöðu hafði hann til að ná hnífnum. Var Guðmundur í úlpu.

X 24. Ath. þarf vakta- eða launaskrár Kópavogshælis varðandi störf, Jónínu Ingibjargar og Helgu Gísladætra. Yfirheyra þarf þær miklu nánar og sýna þeim myndir af Guðmundi Einarssyni. Spyrja Jónínu, hvort ákærðir eða Guðmundur hafi komið til hennar greinda nótt, eða hvort Helga hafi sagt henni frá komu þeirra. Spyrja Helgu, hvort hún hafi heyrt að Sævar hafi verið að grobba af því að hann hafi drepið mann. Hvort hún kannist við að Sævar hafi tvisvar komið til hennar. Sagði Jónína henni að láta rannsóknarlögregluna vita af skyrtnuni. Spyrja þær báðar, hvort þær þekki Viggó Guðmundsson, leigubifreiðarstj. Hvort Sævar hafi verið með mikla peninga. Hvort Albert Klahn hafi lent í átökum á Kópavogshæli. Spyrja þær um hníf Kristjáns ofl. ofl.

X 25. Rannsaka þarf, hvort leigubíll hafi verið pantaður að Kópavogshæli þ.26.jan.1974, eða nóttina 27.jan.74. eða leigubifreið tekin við Kópavogshælið, sem þar kynni að hafa verið stödd.

X 26. Yfirheyra þarf rækilega, Guðfinnu og Sigríði Gísladætur, Vesturgötu 24, því Sævar segir að hann og Albert Klahn hafi verið hjá þeim að kvöldi, 26.1. 1974. Spyrja þær um ástand þeirra, tímamörk, hvernig þeir hafi komið þangað og hvenær og hvernig, farið þaðan o.s.frv.

X 27. Athuga þarf, hvort leigubifreið hafi verið pöntuð að, Vesturgötu 24, umrætt kvöld eða nótt.

X 28. Ath. þarf nánar um ferð í Fossvogskirkjugarð, Sævar, Kristján V. og amma hans. Þarna er eftir að spyrja Kristján og ömmuna.

- 29. Eftir er að kanna um ferðir Sævars austur í Hveragerði, þar telur hann sig hafa fjarvistarsönnun. Ath. að Pétur Eggerz hafði fengið upplýsingar um komu Sævars á lögreglustöðina til, Arnars Guðmundssonar fltr., þar verið með segulbandstæki, er hann ætlaði með austur í Hveragerði eða að Gljúfurholti.

X 30. Eitt af því þýðingarmesta sem eftir er að kanna, er hvort Viggó Guðmundsson, leigubílstjóri hafi ekið þessu fólki og kanna rækilega um ferðir hans þetta umrædda kvöld og nótt, svo og bæði undan og eftir. Vitað er að Viggó hafði verið á ferðalagi með Sævari erlendis og hann varð uppvís að smygli á fíkniefnum.

Gísli Guðmundsson
Gísli Guðmundsson
lögreglum.

P.19.jan.1977.

Njörður Snæhólm hefur lagt fram skýrslu dags. 12.1.77, þar sem aflað hefur verið upplýsinga um Guðmund Einars-son. Þar eru teknar skýrslur af, Einari Baldurssyni, föður Guðmundar og Ásgeiri Þorsteinssyni, kunningja hans. Ennfr. er spurst fyrir um hann/vinnustöðum hans.

Þá hefur Njörður enn fremur lagt fram skýrslu dags. 18. jan. s.l., þar sem hann kannaði hvort Guðmundur hafði önnur verðmæti á sér en 1000 krónur í peningum, sem getið hefur verið um í málinu. Einnig hvort hann hafi verið í úlpu eða yfirhöfn, er hann fór að heinan frá sér.

Þarna kemur fram að Guðmundur var með armbandsúr og hefur skirteinið verið í höndum rannsóknarmanna. Hann hafði verið með veski og í því skilríki. Liður nr. 4, hefur þannig verið kannaður.

Grétar Sæmundsson, lögreglum. hefur lagt fram skýrslu, dags. 13.jan.1977. þar sem hann greinir frá könnun er honum var falið að gera í apríl s.l. Ekkært virðist á þessari skýrslu að græða annað en það, að fyrir liggur, að rætt hafði verið við þetta fólk. Gleymst hafði að skrifa skýrsluna á sínum tíma, en Grétar hefur tjáð undirrituðum að efni hennar hafi verið geymt hjá honum í riss-blokk.

Í dag var einnig lögð fram skýrsla, Grétars Sæmundssonar, af, Bolla Gunnarssyni, föður Erlu Bolladóttur, dags. 6.4. 1976. Þarna er Bolli beðinn um að gefa upplýsingar um Erlu og Einar, börn sín. Ekki virðist vera nein fyrir- staða á þessu hjá Bolla.

Lögð hefur verið fram skýrsla sem merkt er. Rannsóknarnefndin Reykjavík, dags. 16. okt.1976. Skýrslan er tekin af, Krist- jáni Viðari Viðarssyni, vegna slitinnar tölu af jakka hans.

Sama merking, Rannsóknarnefndin Reykjavík, er yfirskrift á skýrslu sem barst í dag og er hún skrifuð í Vestmannaeyjum, 26.nóv.1976. Skýrslan er tekin af Leifi Vilhjálmssyni og skrifuð af, Sigurbirni Víði Eggertssyni. Er þarna fjallað um það hvort Leifur hafi komið heim til Kristjáns Viðars

Viðarssonar, daginn eftir að Guðmundur Einarsson hvarf. Telur Leifur líklegt að svo hafi verið.

Í framhaldi af framangreindri skýrslu, skrifar sami lögreglumaður eftir konu, Leifs Vilhjálmssonar, Ingi-
björgu Sigurðardóttur og kemur þar fram, svo til sama frásögn og eiginmaður hennar segir í skýrslu sinni. Þarna er nefndur Daníel Halldórsson, leigubifreiðar-
stjóri, sem þetta fólk hafði ætlað sér að heimsækja.

Sigurbjörn Víðir kom í dag með skýrslu sem er dags. 22.5.1976 í ljósriti. Skýrslan er óundirrituð, en Sigurbjörn virðist hafa verið viðstaddur, þegar efni hennar hefur verið rætt. Þar kemur fram að Sigurður Berndsen matsveinn, hefur verið spurður um ferðir Sævars Ciesielski í Kaupmannahöfn.

Aflað hefur verið upplýsinga um, að Bárður sá sem Kristján Viðar segist hafa tekið hnífinn frá í Kaupmannahöfn er, Bárður Ragnar Jónsson, f. 26.8.1953 í sakaskrá nr. 1594. Sambýliskona hans eða eiginkona er, Magnea Matt-
híasdóttir og eru þau sögð búa að, Barmahlíð 29 hér í borg. Ekki hefur verið tekin nein skýrsla af þessu fólk.

Örn Höskuldsson fltr. afhenti í dag skýrslur varðandi upplýsingum sem, Gísli Pálsson og Kristján Pétursson öfluðu á Spáni. Þarna er um að ræða skýrslur sem teknar hafa verið af Magnúsi Árnasyni og Hinrik Jóni Þórisyni. Fltr. sagði að þessi gögn hefðu ekki verið lögð fram í málinu vegna þess hve efni þeirra voru fjarstæðukennd. Þessar skýrslur voru í dag afhentar Haraldri Henryssyni, ásamt gögnum frá fíknilyfjadómstólnum, sem Örn Höskulds-
son hafði undir höndum.

Viggó Guðmundsson leigubílstjóri virðist vera aðalöku-
maður fólksins sem hér kemur við sögu. Þá aðallega Sævars M. Ciesielski og kemur þetta glöggt fram í áður nefndum gögnum frá, Ásgeir Friðjónssyni sakadómara fíknidómstóls-
ins. Örn Höskuldsson, Eggert N. Bjarnason og Sigurbjörn Víðir Eggertsson, hafa allir tjáð mér að Viggó hafi verið

tekinn til yfirheyrslu og í því sambandi verið geymdur einhvern tíma í vörzlu lögreglumar, en láðst hafi að taka nokkra skýrslur um það efni, eða skrá niður framburð hans.

Gisli Guðmundsson
Gisli Guðmundsson
lögreglum.

Þ.21. jan. 1977.

Í dag fékk ramsóknarlögreglan upplýsingar um það, að eiginkona, Bárður Ragnars Jónssonar, Magnea Matthíasdóttir, f.13.1.1953 væri við kemslustörf í barnaskólanum í Grundarfirði. Undirritaður ræddi við hana í síma í dag.

Magnea sagðist hafa gifts B'arði Ragnari og búið með honum m.a í Kaupmannahöfn. Hún sagði að nú væru um tvö ár síðan þau slitu samvistum, en eftir væri að ganga löglega frá skilnaðinum.

Hún sagðist muna eftir því, að þegar þau voru í Kaupmannahöfn hafi þau átt gamalt sverð, er þau keyptu saman í skranbúð og sagðist hún hafa haft mikinn áhuga fyrir því að eignast þennan grip og haft ánægju af að láta hanga þar á vegg í herbergi því sem þau höfðu á leigu.

Ekki sagðist Magnea vita hvað orðið hefði af þessum grip. Hún sagðist hafa farið heim frá Kaupmannahöfn þ.17.júní, 1973 og komið aftur eftir rúman mánuð. Hún kvaðst ekki muna eftir að hafa séð sverðið þegar hún kom út aftur. Ekki sagðist hún heldur hafa grennslast neitt fyrir um það.

Magnea tók vel í að gefa skýrslu um þetta mál hjá ~~ra~~ lögreglumni í Grundarfirði. Hún sagðist ekki vita fyrir víst, hvar Bárður héldi sig nú en sagðist reikna með því að hann byggji hjá móður sinni að Snekkjuvogi 12. Sjálf kvaðst Magnea búa að, Borgarbraut 8, Grundarfirði, sími 93.8634. Lögregla staðarins verður beðin að sjá um skýrslutöku af Magneu, um þetta mál.

Gisli Guðmundsson
Gisli Guðmundsson
lögreglum.

Þ.19.jan.1977 kl.13.15 mætir á skrifstofu rannsóknar-
lögreglunnar Guðmundur Edvin Þór Björnsson, tilh. að,
Háagerði 43 sími 35172, f 6.5.1957 í Rvík. Nafnnr.
3050-1438. Mætti er minntur á skýrslu sína hjá rann-
sóknarlögreglunni þ.9.júlí,1976, í sambandi við rann-
sóknina á morði, Guðmundar Einarssonar. Óskað er eftir
því að hann gefi allar þær upplýsingar sem hann getur
í té látið og hann veit í sambandi við þetta umrædda
mál. Mætti er áminntur um sannsögli.

Mætti kveðst kannast við umrædda skýrslu sína frá, 9.
júlí s.l., og telur hann sig hafa litlu sem engu við
hana að bæta. Hann kveðst þó vera fús til að svara
öllum þeim spurningum sem lagðar séu fyrir hann varðandi
málið, ef það gæti komið að einhverju gagni við rann-
sókn málsins.

Mætti er inntur eftir því, hvað hann geti sagt um hníf-
inn sem Kristján Viðar Viðarsson, hefur skýrt frá í mál-
inu. Mætti kveðst ekki kannast við að hafa séð slíkan
hníf í fórum Kristjáns og segist ekki minnast þess, að
hafa séð neinn hníf heima hjá honum að, Grettisgötu 82,
eða í fórum hans.

Mætti man ekki hvað hann hefur oft komið heim til Kristjáns
Viðars, en telur að það hafi verið í nokkur skifti. Hann
segist þá hafa oftast verið á fylliríi. Ekki kveðst mætti
muna eftir því neitt nánar nú, hvaða fólk var heima hjá
Kristjáni Viðar, en segist muna eftir því, að Tryggvi
Rúnar Leifsson hafi stundum verið þar. Ennfremur segist
mætti muna eftir því að Sævar Ciesielski hafi verið þar
einhvern tíma.

Mætti er inntur eftir því hvort hann geti gefið einhverjar
frekari upplýsingar um party heima hjá Kristjáni Viðar, þegar
mál Guðmundar Einarssonar kom þar til umræðu. Ekki kveðst
mætti geta neitt frekar um þetta sagt og alls ekki muna
nánar, hvaða fólk var þá heima hjá Kristjáni. Ekki kveðst
mætti þekkja Erlu Bolladóttur og ekki vita hvort hún var
þá stödd á fyrrgreindum stað

Mætti kveðst kannast við, Viggó Guðmundsson, leigubílstjóra

og segist hafa stundum ekið með honum. Hann kveðst vita til þess að hann hafi oft ekið, Tryggva Rúnari Leifssyni og kveðst vita til þess að hann hafi stundum ekið hinu fólkinu líka..P.e. Kristján Viðar, Sævar Cie - kielski ofl.

Skýrslutöku lokið kl.14 oo.

Upplesið staðfest,
Guðmundur E.P. Björnsson
Guðmundur E.P. Björnsson.

Gísli Guðmundsson
Gísli Guðmundsson
lögreglum.

Laugardaginn 22.jan.1977, kl.10,50, mætir í málinu, Auður Jakobsen Úlfarsdóttir, tilh. að, Sóleyjargötu 13, sími 21365, skrifstofustúlka og húsmóðir, f. 12.5.1956, í Rvík. Nafnr. 0876-2880. Mættu er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslunnar. Erla Bolladóttir hefur borið það, að mætta hafi keyrt t hana heim til hennar að Hamarsbraut 11, ásamt umusta sínum og þriðja manni, eftir að hún hafði verið í veitingahúsinu Klúbbnum að kvöldi, þ. 26.jan. 1974. Mættu er bent á vitnaskylduna.

Mætta kveðst hafa kannast við Erlu Bolladóttur, en aðeins lítilsháttar í sjón, en þær heilsist ekki þótt þær sjáist. Mætta kveðst kannast við hana frá þveim tíma er Erla átti heima á Bergstaðastræti, man ekki húsnúmerið, en það sé nálægt Njarðargötu. Einnig kveðst hún muna eftir því, að Erla hafi verið í gagnfræðaskóla Austurbæjar.

Mætta kveðst muna eftir því að hafa keyrt Erlu suður í Hafnarfjörð og geti það vel verið um það leyti sem hún hefur skýrt frá hjá rannsóknarlögreglunni. Hún kveðst ekki muna fyrir víst, hvar hún hafi hitt Erlu, en þar sé helst um að ræða, annaðhvort gúla Sigtún, eða Klúbbinn.

Mætta kveðst þá hafa verið með umusta sínum og núverandi eiginmanni, Ómari Aðalsteinssyni og minnir hana að fleirri krakkar hafi verið í bifreiðinni. Ekki segist hún muna, hver hafi ekið bifreiðinni, en Ómar hafi oftast gert það

sjálfur. Mætta segir að það geti passað að þau hafi þarna verið á Mercedes Benz bíl, sem Ómari hafi átt.

Mætta kveðst ekki muna eftir því að hafa boðið Erlu í partý og fimst það heldur ótrúlegt, þar sem þær hafi þekkt mjög lítið. Mætta segist þó ekkert vilja fullyrða um þetta, en kveðst muni reyna að afla frekari upplýsinga um það og láta rannsóknarlögregluna vita um það.

Mætta kveðst ekki muna hvað klukkan hafi verið þegar ekið var suður í Hafnarfjörð, en telur það hljóti að hafa verið á milli kl.01,00 og 03,00 eftir miðnætti. Ekki kveðst mætta muna eftir því, hvaða heimilisfang Erla hafi gefið upp í Hafnarfirði, en hún segist muna eftir því, að þau óku henni að húsi sunnan við lögreglustöðina.

Mætta kveðst muna vel eftir því, að Erla fór út úr bílnum og kveðst hún ekki muna betur, en að Erla hafi farið inn um dyr á hlið hússins, sem er fjær Reykjavík. Ekki segist mætta hafa tekið eftir ljósi í húsinu, né neinum mammaferðum þar. Hún segist ekki muna eftir að hafa séð neinn bíl við húsið, en kveðst ekki vilja neitt fullyrða um það.

Mættu minnir að hún hafi séð Erlu koma aftur út úr húsinu en vill ekkert fullyrða um það frekar. Mætta segir að þau hafi farið aftur um hæl til Reykjavíkur. Hún kveðst ekki hafa haft nein samskipti við Erlu Bolladóttur, eftir þetta en minnst þess þó að hafa séð hana í eitt skifti niður í miðborginni. Hún kveðst ekki hafa neitt talað við Erlu þá, og ekki einu sinni heilsað henni.

Mætta kveðst ekki muna það, hvort fleiri eða hverjir þá hafi verið með í bílnum í umræddri ökuferð til Hafnarfjarðar en hugsanlegt sé að Ómar eiginmaður sinn muni það, þó hún telji það heldur ótrúlegt.

Mætta kveðst ekki geta sagt um það, hvort Erla fór inn um dyra á húsinu, því hún hafi ekki veitt því neina sérstaka athygli. Mætta kveðst ekki þekkja Sævar Siesielski eða aðra sem koma við sögu þessa máls.

Skýrslutöku lokið kl.11,45. *Ólafur Guðmundsson* *Andri Jacobsen* stöðfest,

P.22.jan.1977, kl.11,50, mætir í málinu sem vitni,
Elinborg Rafnsdóttir, tilh. að, Hvassaleiti 18, sími
34959, bankamær í Landsbanka Íslands, austurbæjarútibú,
f. 5.1.1956 í Rvík. nnr.2001-5438. Mættu er gerð grein
fyrir tilefni yfirheyrslunnar, en í rannsókn málsins í
upphafi, kemur fram að mætta hafi haft samband við Njörð
Snæhólm og skýrt frá því að hún ásamt vinkomu sinni, hafi
séð til ferða, Guðmundar Einarssonar aðfaranótt sunnudags-
ins, 27.jan. 1974. Mættu er gerð grein fyrir vitna-
skyldunni.

Mætta minnst þess að hafa látið rannsóknarlögregluna
vita um það, að hún hafi séð Guðmund Einarsson á gangi
í Hafnarfirði, ásamt öðrum manni umrædda nótt. Hún
segist hafa verið þarna á ferð með Sigríði Magnúsdóttur,
Hvassaleiti 18, sem hafi ekið bílnum og var eigandi að.

Mætta segir að Sigríður hafi verið nýbúin að kaupa þennan
bíl og þær verið að renna um í honum. Hún segir að þær
hafi átt erindi í netursöluna í Hafnarfirði. Mætta segir
að klukkan hafi verið alveg um 02,00 þessa nótt, þegar
þær óku eftir Strandgötunni á leið til Rkeykjavíkur aftur,
þá kveðst hún hafa tekið eftir því að Guðmundur var á gangi
ásamt öðrum ungum manni. Þeir hafi verið skammt frá Alþýðu-
húsinu í gagnstæða átt og þær voru.

Mætta kveðst hafa þekkt Guðmund vel og væri alveg viss
um að þetta var hann. Hún kveðst hafa tekið eftir því,
að hann var í dökkum buxum, ~~ljósri skyrtu~~ og dökkum jakka
rauð-brúnleitum, með einhverjum ljósum smáköflum í. Hún
segist oft áður hafa séð hann í þessum sama jakka. Hún
kveðst hafa veitt því athygli, að hann var eitthvað undir
áhrifum áfengis, en ekki mikið áberandi.

Piltinn sem með Guðmundi var, kveðst hún ekki hafa þekkt.
Henni fannst hann svipaður á hæð og Guðmundur og vera með
dökkt mikið hár sem flaksaðist. Mætta kveðst muna eftir
því að hann hafi verið í dökkum buxum og í ljósri skyrtu
og hélt á jakka sínum á handleggnum. Mætta segir að Sig-
ríður vinkona sín hafi haldið því fram, að sá piltur hafi
verið í gulri skyrtu. Þarna hafi verið smáagreiningur á

milli þeirra. Mætta segir að Guðmundur og pilturinn sem með honum var, hafi gefið merki með fingrunum, eins og þeir vildu fá að vera með, en Guðmundur hafi greinilega þekkt þær og þá dregið sig í hlé.

Mætta segir að þær hafi fyrst ætlað sér að stanza hjá piltunum, en svo hafi þeim fundist pilturinn sem með Guðmundi var, það mikið ölvaður, að ekki væri háttandi á það og Sigríður því aukið aftur ferðina. Þá ségir mætta að piltruinn hafi hálf kastað sér í átt til bílsins, en ekki náð til hans.

Eftir þetta segir mætta að þær hafi ekið áfram og viti þær ekki frekar um ferðir Guðmundar og félaga hans. Mætta segir að hvorki hún sjálf eða Sigríður hafi bragðað áfengi umrædda nótt.

Mætta kveðst hafa kynnst Guðmundi Einarssyni lítilsháttar, þá aðallega á skemmtistöðum, en náinn kunningskapur hafi ekki verið á milli þeirra. Hún segir að Sigríður Magnúsdóttir vinkona sín hafi þekkt ham álika mikið. Mætta ber Guðmundi gott orð, segir hann hafa verið fremur hlédrægan og yfirleitt verið mjög þrúður og komið vel fyrir.

Mætta skoðar nú myndir úr myndasafni rannsóknarlögreglunnar þar á meðal af þeim mönnum sem viðurkennt hafa aðild sína að hvarfi og dauða Guðmundar Einarssonar. Ekki segist hún þekkja þar á myndunum pilt þann sem var með Guðmundi umrædda nótt í Hafnarfirði, en hún tekur út mynd af, Kristjáni Viðari Viðarsyni og sggir hann líkjast nokkuð þeim manni. Hún segist ekki vilja fyllyrða neitt um þetta, en telur þó nokkrar líkur á því að um sama mann geti þarna verið að ræða.

Mætta kveðst vilja segja frá því, að líklega í vikunni eftir að Guðmundur hvarf, hafi hringt til hennar maðan, þar sem hún var að vinna hjá Póstgíróstofunni og kynnt sig sem Kristján vin Guðmundar Einarssonar. Hann hafi spurt sig að því, hvort hún vildi lýsa fyrir sig manni þeim sem með Guðmundi var í Hafnarfirði. Mætta kvfðst hafa lýst mannum eins og hún gat og þá hafi þessi Kristján sagt, að þetta geti ekki átt

við neinn af þeim kunningjum hans. Mætta segir að þessi Kristján hafi sagt henni í símanum, að þeir félagarnir væru að reyna að hjálpa til við rannsóknina á harfi Guðmundar. Eftir þetta hafi hann þakkað fyrir og ekki talað við sig aftur.

Skýrslutöku lokið kl.12,45.

Vottur,
Hellert Jóhannesson.

Hellert Jóhannesson

Upplesið staðfest,

Elinborg Rafnsdóttir
Elinborg Rafnsdóttir.

Gísli Guðmundsson
Gísli Guðmundsson
Lögreglum.

Þ.22.jan.1977, kl.14,40, mætir í málinu sem vitni, Sigríður Magnúsdóttir, tilh. að, Hvassaleiti 18, sími 34959, skrifstofustúlka hjá Iönnvéllum, Hjallahrauni 7, Hafnarfirði, sími þar, 52263, f. 18.6.1956 í Rvík, n.nr.7646-0337. Mættu er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslumár. Henni er bent á vitnaskylduna.

Mætta kveðst hafa ekið með Elinborgu Rafnsdóttur til Hafnarfjarðar umrædda nótt. Hún kveðst hafa ekið bifreið sinni, sem var Volksvagen hvít að lit árgerð 1965-1967 og hún hafði nýkega keypt. Þær höfðu fyrst ekið að nætursölunni og þegar þær voru á leiðinni til baka eftir Strandgötunni, hafi þær veitt Guðmundi og félagá hans at-
hygli.

Mætta kveðst hafa kannast vel við Guðmund og vera alveg viss um að þetta hafi verið hann. Mættu minnir að hann hafi verið í köflóttum jakka, en treystir sér ekki til að lýsa klæðaburði hans að öðru leyti. Mætta segist hafa tekið eftir því að Guðmundur væri eitthvað ölvaður, en ekki virst það vera mjög áberandi.

Mætta segir að með Guðmundi hafi verið ungur maður, sem hún þekkti ekki. Hana minnir að sá maður hafi verið svipaður á hæð og Guðmundur og hafi verið mjög áberandi ölv-
aður, eða minnsta kosti látið þannig. Mætta telur að sá

piltur sem með Guðmundi var, hafi verið í gulri skyrtnu, og haldið á jakka sínum á handleggnum. Ekki kveðst hún muna eftir hvernig buxur hans voru á litinn.

Mætta segir að bæði Guðmundur og pilturinn sem með honum var, hafi gefið þeim merki að fá að vera með, en sökum þess hve pilturinn virtist vera mikið ölvaður og með einhver læti, hafi þær ekki þorað að stöðva hjá þeim. Mætta kveðst hafa dregið úr harða bifreiðarinnar, en aukið hraðan aftur, er þær hattu við að stanza og hafi pilturinn þá reynt að kasta sér á bílinn, en ekki náð í hann.

Mætta segir að mennirnir hafi verið hægra megin við götuna á móts við Bæjarskrifstofurnar sem eru á Strandgötu 6. Ekki kveðst mætta hafa veitt piltunum neina athygli eftir þetta. Hún segist vera alveg viss um að þeir voru ekki fleiri en tveir þarna saman. Hún segir að mjög fátt fólk hafi verið þarna á ferli og man ekkieftir neinum öðrum þar á gangi á umræddum tíma.

Eins og áður segir, kveðst mætta hafa kannast vel við Guðmund Einarsson, en um náinn kunningskap hafi ekki verið að ræða. Hún segist hafa talað nokkrum sinnum við hann og hafi hann komið þannig fyrir, að vera alltaf kurteis og rólegur.

Mætta skoðar nokkrar myndir í myndasafni rannsóknarlög-reglunnar, en þar á meðal eru myndir af þeim aðilum sem hafa viðurkennt aðild að morði Guðmundar Einarssonar. Hún stanzar við mynd af Kristjáni Viðari Viðarssyni og segir hann líkjast þeim pilti sem var þarna með Guðmundi umrædda nótt á Strandgötu í Hafnarfirði. Ekki kveðst hún samt vilja fullyrða neitt um þetta.

Yfirheyrslu lokið kl.15,20.

Vottur,
Hellert Jóhannsson.

Hellert Jóhannsson

Uppþesið staðfest,

Sigríður Magnúsdóttir
Sigríður Magnúsdóttir.

Gísli Guðmundsson, lögreglum.
Gísli Guðmundsson

D.23.jan. 1977, kl.11,25, mætir í málinu sem vitni.
Bárður Ragnar Jónsson tilh. að Snekkjuvogi 12, sími
36706. sjómaður að atvinnu, en ekki í skipsrúmi eins
og er, f. 26.8.1953 á Akranesi, nafnr. 0975-6272. Mætta
er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslunnar. Kristján
Viðar Viðarsson hefur játað það, að hafa stolið frá
mætta gömlum byssusting og veitt Guðmundi Einærssyni
banastungu með því vopni. Mætta er gerð grein fyrir
vitnaskyldunni.

Mætti kveðst hafa keypt gamlan amerískan byssusting af
grænlandingi, sem hann hitti í Kristjáníu í Kaupmanna-
höfn, líkl. um mánaðarmótin júní-júlí, 1973. Hann kveðst
hafa greitt fyrir hann 50 krómur danskar. Mætti lýsir
þessu vopni þannig, að blaðið hafi verið um 30 cm langt
með blóðrefli beggja megin, ca. 3 cm. frá skafti og frá
oddi að reffinum ca. 5 cm. Hann segir að blóðrefillinn
hafi verið ofarlega á blaðinu, þ.e. a.s. nærri bakkanum
Handfangið segir hann hafa verið fremur stórt og öflugt
og á því verið tittur, sem notaður var til að læsa sting
inn ofaní slíðrinu. Til að losa stinginn úr slíðrinu,
þurfti að ýta tittinum inn. Hann segir að stingurinn hafi
verið í sterku hörðu hulstri, grænu að lit og hafi staðið
á hulstrinu stafirnir U.S. Hann segir að festingar hafi
verið á handfangi byssustingsins, til að festa framan á
riffil. Hann segir að þetta hafi verið mjög öflugt verk-
færi og mjög hart stál í því, með beittum oddi og sjálfur
kveðst hann hafa verið hálf smeikur við þetta.

Mætti segir að þessi hlutur hafi horfið úr herbergi sínu,
að Rigens gade nr. 10-12 í kringum miðjan júlí 1973. Hann
segist ekki vita hver þarna hafi verið að verki, því oft
hafi verið mikil gestakoma. Hann segist muna eftir að
á þessu tímabili, hafi komið í heimsókn til hans, Kristján
Viðar Viðarsson, Sævar Cíesielski ofl.ofl. Hann segir að
margir sem komu í heimsókn, hafi handleikið áðurgreindan grip
og vitað um hann hjá sér.

Mætti segist hafa keypt þennan grip til að eiga sem safn-
grip. Hann segist hafa búið með Magneu Matthíasdóttur, en
hún hafi verið hér heima, þegar byssustingnum var stolið.

Mætti segir að byssustingurinn með hustrinu hafi verið fremur þungur og telur heldur ólíklegt, að menn hafi borið hann á sér, eða látið hanga við belti.

Mætti segist hafa farið fyrst til Kaupmannahafnar í miðjan marz, 1973 og farið heim aftur í kringum 20 júlí sama ár og þá hafi verið búið að stela byssustingnum. Hann segist síðan hafa farið aftur út þ.26.ágúst og komið heim í endaðan sept. 1973. Hann segist fara aftur út í júní, 1974 og vera í Kaupmanna höfn fram í október 1974. Hann segir að Magnea Matthíasdóttir hafi verið með sér á þessum tíma og þau eignast dóttir þ.13. ágúst 1974 í Kaupmannahöfn. Mætti segir að þau Magnea hafi slitið sínum samvistum í árslok 1975.

Mætti kveðst hafa verið skipverji á togaranum Neptúnusi, þegar Guðmundur Einarsson hvarf. Hann segist ekki hafa þekkt hann. Hann segist þekkja Kristján Viðar Viðarsson, Sævar Ciesielski og hann segist líka kannast við, Tryggva Rúnar Leifsson, ennfr. segist hann þekkja Albert Klahn Skafte-son.

Hann kveðst alldreif hafa heyrt neim af þessum mönnum ræða um atburði þá sem þeir eru búnir að játa á sig og á að hafa skeð að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði. Hann kveðst hafa kynnst Erlu Bolladóttur á árimu 1973, en ekki hafi verið um náinn kunningskap að ræða á milli þeirra.

Mætti kveðst ekki geta gefið neinar upplýsingar sem að gagni mættu verða við frekari rannsókn þeirra mála, sem þetta fólk hefur lýst sig vera aðila að. Mætti kveðst vera fús til að gefa allar þær upplýsingar sem að gagni mætti verða við rannsókn málsins.

Skýrslutöku lokið kl.12,10.

Vottur,
Helleri Jóhannesson.

Helleri Jóhannesson

Upplesið staðfest,

Bárður R. Jónsson
Bárður Ragnar Jónsson.

Gísli Guðmundsson
Gísli Guðmundsson
lögreglum.

Þ.23.jan.1977, kl.13,35, mætir aftur í málinu, Auður Jakobsen Úlfarsdóttir. Hún kveðst nú hafa kannað það atriði, hvort hún hafi boðið Erlu Bolladóttur í party, áður en henni var ekið heim til sín að Hamarsbraut 11, aðfaranótt 27. jan. 1974.

Hún segist hafa rætt um þetta mál við, Ómar Aðalsteins-son eiginmann sinn og þá kunningja sem til greina koma í sambandi við málið. Enginn kannist við þetta party og sjálf geti hún alls ekki munað eftir því.

Mætta segir að eiginmaður sinn muni ekki eftir ökuferð-inni að, Hamarsbraut 11 og geti hann ekkert sagt um það, hvort hann hafi þá ekið bílnum, eða annar ekið fyrir hann. Sem sagt hann muni ekki eftir þeim atburði.

Undirritaður ræddi við, Ómar Aðalsteinsson í síma á meðan mætta var hér á skrifstofunni og kvaðst hann ekki geta neinar upplýsingar gefið um málið, því hann myndi ekki eftir ferðinni. Hann sagðist heldur ekki þekkja Erlu Bolladóttur, en eiginkona sín hafi eitthvað kann-ast við hana. Ómar er fæddur, 11.2.1952.

Skýrslutöku lokið kl.13,50.

Upplesið staðfest,

Auður Jacobsen
Auður Jakobsen.

Gisli Guðmundsson
lögglum.

Eftir yfirheyrsluna fór undirritaður ásamt, Hellert Jóhannes-syni og Davíð Baldurssyni, lögglumönnum með Auði Jacobsen suður í Hafnarfjörð, að Hamarsbraut 11. Auður kannaðist ekki vel við staðinn og sagðist ekki muna eftir því að, ekið hefði verið heim að húsinu, Hamarsbraut 11, heldur hélt hún að stanzað hafi verið þar skammt frá á Suðurgötunni og Erla hlaupið þar úr bílnum. Eftir þessu að dæma, er ekki víst að Hamarsbraut 11 hafi sést úr bílnum.

Gisli Guðmundsson
lögglum.

23/1 1976 kl.13,10.

Lettur er á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar Sveinn Rúnar Vilhjálms son sjómaður, til heimilis að Smyrlahrauni 42, Hafnarfirði, fæddur 8/10 1957 í Hafnarfirði.

honum er ljóst tilefni skýrslutökunnar, en fram hefur komið að metti telur sig hafa orðið var við ferðir Guðmundar Einarssonar sem hvarf þann 27/1 1974.

hann lætti skýrir svo frá áminntur um sannsögli.

Umrædda nótt var ég að aka bifreiðinni minni G-1727 um Hafnarfjarðar bæ og með mér var Elías Helgason sem býr í norður bænum í Hafnarfirði.

Ég man ekki við hvaða götu Elías býr, en auðvelt er að komast að því.

Ekki var ákveðið um akstursleið okkar umrædda nótt. Við fórum bara vítt og breiðt um bæinn.

Um ferð er það að segja að fremur hállt var á götunum og mig mynnir, að snjóþefingur hafi verið og fremur illfært að aka víða.

Ég tel að veðrið hafi verið gott að mestu leiti þessa nótt.

Ég man ekki nákvæmlega hvaða dag mánaðarins þessi akstursferð var farinn, en það var að mig mynnir síðast í janúar mánuði.

Þegar ég ók upp Reykjavíkurvegin og um það bil og ég kem að mótum Hverfisgötunnar gekk öðvaður maður fyrir bifreiðina hjá mér.

Ég hægði ferð því ég sá að maðurinn hugðist fara yfir götuna og gekk hann fyrir framan bifreiðina hjá mér og lét mig að öllu leiti afskiptalausann. Þar hann var kominn af akbrautinni hélt ég áfram ferð minni og man ekki til þess að hafa séð sama manninn eftir þetta.

Þessi maður var cinn á ferð. Ég man ekki vel eftir útliti hans, en þó man ég það glögg að hann var dökkhærður með sítt hár og ég er viss um það að hann var köflóttum jakka, sem ég man ekki nú eftir svo ég geti lýst vel. lítar hætti hans.

Ég vil bæta því hér við, að þessi piltur sem ég hef hér lýst átt í vegarkantinum og var ljóst að hann var mikið ölvaður

Sveinn Rúnar Vilhjálms
Sveinn Rúnar Vilhjálms
Lögreglum.

Upplesið staðfest.

Sveinn Rúnar Vilhjálms
Sveinn Rúnar Vilhjálms

Þ.23.jan.1977, kl.16,00, mætir sem vitni í málinu, Kristinn Már Magnússon, tilh. að, Dalbæ í Blesugróf, sími 33834, verkstjóri hjá, Selsvör s.f.sími þar,24060, f. 2.6.1953 í Rvík, nafnr. 5822-8184. Mætta er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslunnar. Honum er bent á vitnaskylduna.

Mætta hefur verið kynnt það sem Njörður Snæhólm skráði eftir honum í sambandi við rannsókn á hvarfi Guðmundar Einarssonar og segir mætti það vera rétt eftir sér haft, svo langt sem það nær. Mætti kveðst ekki muna fyrir víst, hvenær þeir hittust hann og Guðmundur, laugardagskvöldið 26.jan.1974.

Mætta minnir að þeir hafi hittst heima hjá Guðmundi, en segist alls ekki vilja fullyrða það. Ekki kveðst mætti heldur muna fyrir víst, hvenær þeir fóru heim til Sigurbjörns Haraldssonar að Tjarnarflöt lo í Garðahreppi. Hann giskar á að það hafi verið á milli kl.20,00 og 22,00.

Mætti telur sig muna það, að þeir Guðmundur hafi verið búnir að drekka eitthvað af áfengi, áður en þeir fóru að heiman, en hve mikið, segist hann ekki treysta sér að fullyrða neitt um. Hann telur að þeir hafi eitthvað drukkið meira áfengi heima hjá, Sigurbirni og þegar farið var að líða eitthvað á kvöldið, hafi þeir farið allir saman í Alþýðuhúsið í Hafnarfirði.

Mætta minnir að Ásgeir Þorsteinsson hafi einnig verið með í þessum leiðangri, að minnsta kosti telur hann víst að hann hafi verið á ballinu í Alþýðuhúsinu. Ekki kveðst mætti muna hvað klukkan var orðin er þeir komu í Alþýðuhúsið.

Mætti kveðst ekki muna atburðarrásina á ballinu, en það sem hann man næst er það, að hann ásamt Sigurbirni voru staddir fyrir utan samkomuhúsið Skipból, en þar hafi Sigurbjörn lent í einhverjum slagmálum við Hafnfirðinga, sem mætti veit engin deili á. Mætta minnir að þeir hafi þar tekið leigubíl á götunni og l'atið keyra sig heim.

Mætta minnir að hann hafi þetta kvöld verið í ljósum bol

en Sigurbjörn í ljósdoppöttri skyrtu. Hann segir að ekki meigi slá neinu föstu um klæðnaðinn, því hann muni þetta mjög óglögg.

Mætti kveðst hafa þekkt Guðmund Einarsson og þeir verið mikið saman, enda nágrannar og vinnufélagar. Mætti segir að Guðmundur hafi verið mjög hægur og stilltur og góður félagi. Alldrei kveðst hann hafa orðið var við að Guðmundur væri með nein illyndi eða læti og taldi hann vera mjög þroskaðan að því leyti.

Mætti kveðst ekki þekkja þá menn sem hafa játað á sig þann glæp, að ráða Guðmundi bana og því sé hann þeim mönnum algjörlega ókunnugur.

Mætti segir að rétt áður en Guðmundur hvarf, hafi hann slitið samskiptum sínum við stúlku, sem hann var búinn að vera með í um tvo til þrjá mánuði. Mætti segir að stúlka þessi sé kölluð Friða, en frekari deili viti hann ekki á henni. Hann telur sig þó geta aflað upplýsinga um símanúmer hennar á þeim tíma sem Guðmundur var með henni. Mætti kveðst hafa haft tal af Friðu, eftir hvarf Guðmundar og þá hafi hún sagt sér, að hún hafi verið á ballinu í Alþýðuhúsinu ásamt vinkonu sinni.

Mætti segir að Friða hafi sagt sér frá því, að hún hafi rekist á Guðmund Einarssona á ballinu og ætlað að ræða við hann, en sér hefði fundist hann eitthvað skríttinn, því hann hefði eins og hlegið að sér og gengið í burtu, eins og hann vildi ekki við hana tala.

Skýrslutöku lokið kl.16,55.

Upplesið staðfest,

Kristinn M. Magnússon

Kristinn M. Magnússon.

Vottur,
Hellert Jóhannsson
Hellert Jóhannsson.

Gísli Guðmundsson
Gísli Guðmundsson
lögreglum.

D.24.jan.1977.

Í fórum Arnar Höskuldssonar fltr. voru málsskjöl frá sakadómi í ávana-og fíkniefnamálum, varðandi ólöglega meðferð fíkniefna, Sævars Marinós Ciesielski ofl. Það sem gerir þessi skjöl forvitnileg í sambandi við mál, Guðmundar Einarssonar er það, að við sögu þess kemur sama fólk og það gerist á því tímabili, sem Guðmundur Einarsson hverfur.

Fram kemur í umræddum gögnum, að nokkrir lögreglumenn hófu eftirlit með ferðum Sævars M.Ciesielski frá 30. janúar, 1974, sambr. skýrslu, Snorra Sigurjónssonar lögregluþjóns, dags. 29. jan. sama ár á dómsskjali nr. 4 í lögreglurannsókninni.

Við þessar eftirgrennslanir kemur fram, að Sævar er mikið á ferðinni og kemur oft við á Grettisgötu 82, ásamt Erlu Bolladóttur sambýliskomu sinni, Helgu Gísladóttur, Albert Klahn Skaftasyni, Hinrik Jóni Þórisssyni ofl. Ennfremur er getið um ferðir Sævars að, Kópavogshæli, Hamarsbraut 11, þar sem hann er handtekinn þ.4. febr. 1974, smbr. skýrslu Kristjáns Péturssonar ~~dagss~~ .dskj.nr.5.

Dskj. nr.15, skýrsla Erlu Bolladóttur hjá lögreglu, dags. 7.2.1974, þar sem hún greinir frá því að Sævar Ciesielski komi að Hamarsbraut 11, 27. jan.74, en þar hafi hann ekki komið í nokkurn tíma 'aður.

Dskj. nr. 27, skýrsla Þorsteins Jónssonar lögregluþjóns, dags. 12.febr.74, þar sem greint er frá utanferð og heimkomu, Sævars Ciesielski. Hann tekur sér fra með flugi LL 700. þ.19.jan.1974 og heim aftur með Flugfélagi Íslands flug nr.231, þ. 23. jan.1974, kl.18 15.

Dskj.nr.45, þar greinir frá því að Sævar M. Ciesielski og Kristján Viðar Viðarsson, hafi komið að Vesturgötu 24, þ. 20-25. jan.1974 og þar hafi Sævar verið að selja fíkniefni.

Þá er í umræddum gögnum að finna mjög svo forvitnilegan

kunningsskap, Viggós Guðmundssonar, leigubílstjóra, tilh. að, Gyðufelli 14, f. 14.9.1948, nafnr. 9228-4263. Dskj.nr.50. Lögregluskýrsla tekin af Viggó, dags. 22.febr.1974, þar sem hann gerir nokkra grein fyrir ferðum sínum og akstri með Sævar Ciesielski ofl. og greinir frá utanlandsreysu sinni og Sævars.

Viggó fer utan með sömu vél og Sævar þ.19.janúar, en kemur heim degi á undan honum eða, þ.22.jan.1974. Þá kemur það einnig fram, að eftir heimkomu Sævars, keyrir Viggó hann mikið, vítt og breitt um borgina og nágrenni, ennfr. að Gljúfurholti í Ölfusi og víðar.

Dskj.nr.52. Skýrsla, Þorsteins Jónssonar lögregluþj. dags. 19.febr., þar sem gerð er grein fyrir leit hans og Snorra Sigurjónssonar lögregluþj., heima hjá Kristjáni Viðari Viðarssyni, að, Grettisgötu 82. Ekki er gtið um byssusting eða hníf í þeirri skýrslu, enda virðist leitin fremur beinast að skjölum og pappírur varðandi fíkniefnamálið.

Í gögnum frá ávana-og fíkniefnadómstólnum er endurrit úr sakadómsbók vegna sama máls og á bls. 40 til 44, er Viggó Guðmundsson látinn gera grein fyrir ferðum sínum með Sævari, aðallega erlendis í sambandi við kaup á fíkniefnum.

Á bls. 62 í sömu gögnum, gerir Viggó grein fyrir akstri sínum með Sævar á undan og eftir umræddri utanferð og vekur þar athygli, að svo virðist sem dagarnir, 26-27. janúar 1974 detti út úr prógraminu. Þ. 25.jan. kveðst Viggó keyra Sævar að Gljúfurholti í Ölfusi, þá hafi hann haft með sér mat og verið einsamall og ætlað að dvelja þar um einhvern tíma.

Þann 28.jan. greinir Viggó frá við yfirheyrsluna, að hann aki Sævari aftur austur að Gljúfurholti og þá hafi Kristján Viðar Viðarson, verið með. Á framburði Viggós er það að skilja, að Sævar að minnsta kosti, hafi verið með aftur til Reykjavíkur. Af þessu sýnist vera nauðsynlegt, að yfirheyra Viggó rækilega í sambandi við þetta mál.

Gísli Guðmundsson

Þ.24.jan.1977, kl.16,45, mætir í málinu sem vitni,
Bjarnfríður Hjördís Guðjónsdóttir, tilh. að, Rjúpu-
felli 21, sími 72899, iðnverkamaður, f. 5.3.1957 á
Ísafirði, nafnr. 1189-7185. Mættu er gerð grein
fyrir tilefni yfirheyrslunnar. Henni er bent á vitna-
skylduna.

Mætta kveðst hafa þekkt, Guðmund Einarsson vel og hafi
þau verið mikið saman um 4 mánaða skóðá árinu 1973. Mán-
uðina, apríl, og fram í júlí það ár. Eftir það hafi þau
verið lítið saman, en heilsast og verið góðir vinir fyrir
því.

Mætta segir að Guðmundur hafi yfirleitt verið mjög þrúður
og rólegur og hafi mjög lítið lent í illyndum við aðra.
Hún minnst þess ekki að hann stofnaði til neinna ill-
ynda við aðra menn.

Mætta kveðst ekki hafa verið á ballinu í Albýðuhúsinu
í Hafnarfirði, þ.26.jan.1974, en vinkonur hennar tær
sem þekktu Guðmund hafi verið þar. Þær heita, Lára Gylfa-
dóttir og Anna Viðarsdóttir. Mætta kveðst ekki vita heim-
ilisfang Láru, en hún sé dóttir, Gylfa Jónssonar lögreglu-
varðstjóra. Anna hafi átt heima í Hraunbæ 59, sími þar,
84217.

Mætta segist hafa rétt við þessar stúlkur og þær sagt sér
frá því, að Guðmundur hafi verið á ballinu og verið eitthvað
öðruvísi en hann var vanur. Mætta segir að stúlkurnar hafi
sagt sér að þær hafi talað við Guðmund á ballinu.

Mætta segist ekki þekkja það fólk, sem játað hefur á sig
að hafa ráðið Guðmundi bana og viti hún ekki til þess, að
hann hafi áður haft neitt samneyti við það á því tímabili
er þau voru saman. Ekki kveðst hún vita til þess að Guðm-
undur hafi neytt fíkniefna.

Mætta kveðst ekki hafa verið á balli í Albýðuhúsinu í
Hafnarfirði og segist hún ekki vita til þess, að Guðmundur
hafi sótt þann skemmtistað áður. Hún segir að þau hafi að-
allega stundað skemmtanir í Silfurtunglinu hér í borg.

Mætta leiðréttir það sem sagt er hér að framan um að þau hafi sótt skemmtanir í Silfurtunglið. Hún segir að þetta sé ekki rétt, því hún muni ekki eftir því að þau hafi farið saman á ball, hvorki þar né annarsstaðar. Hún segist hins vegar vita til þess, að Guðmundur hafi farið í Silfurtunglið eftir að þau hættu að vera saman.

Mætta segir að kunningsskapur hennar og Guðmundar, hafi aðallega byggst á því, að þau keyrðu um í bíl sem Guðmundur átti, fóru saman í bíó og komið heim, hvort til annars. Mætta segir að á þeim tím sem þau voru saman, hafi oft verið með þeim, frændi hennar, Grétar Jóhannes Sigvaldason, Nesvegi 53, sími 10589. Hún segir að hann og Guðmundur, hafi verið mjög góðir vinir.

Skýrslutöku lokið kl.17,30.

Upplesið staðfest,

Bjarnfríður H. Guðjónsdóttir

Bjarnfríður H. Guðjónsdóttir.

Gisli Guðmundsson
Gisli Guðmundsson
lögreglum.

Þ.24.jan.1977, kl.18,50, mætir sem vitni í málimu, Sigurbjörn Kristinn Haraldsson, tilh. að, Köldukinn 20, Hafnarfirði, ~~sin~~ húsasmiður, f. 29.10.1953, á Hjalteyri v.Eyjafjörð, nafn nr. 7803-0673. Mætta er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslunnar. Honum er bent á vitnaskylduna.

Mætti heyrir það sem Njörður Snæhólm deildarstjóri, bókaði eftir honum, þ. 29.1.1974 og segir hann það rétt eftir sér haft. Mætti átti heima að Tjarnarflöt lo í Garðahreppi, þegar þessi atburður gerðist. Hann segir að Guðmundur Einarsson hafi komið heim til sín ásamt fleira fólki, minnir að það hafi verið á bilinu á milli kl. 21,00 og 22,00.

Mætti segir að setið hafi verið heima hjá sér áður en farið var á ballið og telur að þau hafi komið í Alþýðuhúsið um kl.23,00. Hann segir að auk Guðmundar og félagar hans hafi verið með heiman frá homum, eiginkona hans, Gyða Maggeirsdóttir, Elín Birna Árnadóttir og bróðir hennar, Gunnar Þór Árnason, Fögrubrekku 21, Kópavogi, sími 40489.

Mætti segir að þetta fólk hafi verið vel á sig komið, er það kom á skemmtistaðinn og alls ekki ofurölvi. Guðmundur hafi ekki verið meira drukkinn en hinir og alls ekki mikið áberandi. Mætti man ekki eftir neinu sérstöku sem gerðist þar inni á ballinu, sem kæmi Guðmundi við og ekki geta séð að hann væri neitt öðru vísi en hann var vanur er hann var að skemmta sér.

Mætti segir að Guðmundur og Gilli hafi orðið eitthvað viðskila við hópinn þarna inni á ballinu og hafi þeir ekki sést þegar ballið var búið. Hann segir að þau hin hafi beðið eftir þeim um tíma þar fyrir utan og verið að svipast um eftir þeim, en alldrei komið auga á þá. Hann segir að þau hafi verið þarna fyrir utan alveg til kl.03,00 og þá tekið leigubíl heim.

Mætti kveðst hafa þekkt Guðmund Einarsson allvel og ekki orðið var við að hann væri með neinn ribbaldahátt eða áreitni við aðra. Hann sagðist stundum hafa séð hann fara

í sjómann, en þá ætíð í góðu.

Mætti kveðst ekki þekkja neittþað fólk sem játað hefur á sig aðild að morðinu á Guðmundi Einarssyni og kveðst ekki vita til að Guðmundur hafi þekkt það heldur.

Skýrslutöku lokið kl.19,30.

Upplesið staðfest,

Sigurjón K. Haraldsson
Sigurbjörn K. Haraldsson.

Gísli Guðmundsson
Gísli Guðmundsson
lögglum.

Þ.25. jan.1977.

Í dag hafði undirritaður samband við, Þorstein J. Jónsson, löggluvarðstjóra í slysa- og rannsóknardeild við lög-
reglustjóraembættið í Reykjavík, en hann hafði ásamt, Snorra Sigurjónssyni, lögglupjóni nr.91, gert húsleit heima hjá Kristjáni Viðari Viðarssyni að, Grettisgötu 82, þ.19.febrúar,1974, vegna rannsóknar á fíkniefnamáli, sem Kristján var innviklaður í, sjá dskj. nr. 52 í áðurgreindum gögnum, ávana og fíkniefnadómstólsins.

Þorsteinn sagði að þarna hefði verið um allrækilega leit að ræða, en aðallega hefði verið leitað að einhverju í sambandi við fíkniefnamálið. Hann sagðist ekki muna eftir því að hafa séð þar inni, gamlan byssusting, en taldi þó hugsanlegt að honum gæti hafa sést yfir hann þar sem hann hafi fremur leitað að öðru. Ekki sagðist hann heldur vita til þess, að Snorri Sigurjónsson hafi orðið var við slíkan grip.

Gísli Guðmundsson
Gísli Guðmundsson
lögglum.

p.25.jan.1977.

Í dag hafði undirritaður samband við, Elínu Birnu Árna-
dóttur, áður tilh. að, Fögrubrekku 21, Kópavogi, nú bú-
sett í Hafnarfirði, sími 51159 og innti hana eftir ferð-
inni í Alþýðuhúsið í Hafnarfirði, p. 26-27. jan.1974.

Hún sagði að hér væri einhver misskilningur á ferðinni,
því hún hefði ekki farið í Alþýðuhúsið þetta kvöld. Hún
sagði að Gunnar bróðir sinn hefði farið með þeim, Sigur-
birni Haraldssyni og **Gyðu** konu hans. Hún sagðist hafa
kannast vel við Guðmund Einarsson, en hún sagðist ekki
geta gefið neinar upplýsingar, sem að gagni mættu verða
við rannsókn á hvarfi hans.

Gísli Guðmundsson
Gísli Guðmundsson
lögreglum.

25/1 1976 kl.17,50.

Mættur er á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar Elías Kristján Helgason nemi, til heimilis að Norðurvangi 12, Hafnarfirði, fæddur 8/1 1957 í Reykjavík.

Honum er gert ljóst tilefni yfirheyrðunnar, en fram kemur í skýrslu Sveins Rúnars Vilhjálmssonar, að Elías hafi verið með honum í bifreiðinni er hann hafi séð mann ölvaðan á Reykjavíkureginum fyrir framan bifreið sína 27 jan.1974.

Mætti skýrir svo frá.

Það atvik sem hér er um fjallað man ég ekki eftir.

Mér finnst ekki ósennilegt að ég hafi verið á dansleik í Hafnarfirði þetta umrædda kvöld, eða fyrir utan dansstaðinn, en ég man það ekki nú svo ég geti skýrt réttilega frá því.

Ég man heldur ekki eftir því, að hafa verið í bifreið með Sveini og þykir mér ósennilegt að svo hafi verið alla vega gat hann ekki hafa verið ökumaður. Aftur á móti vorum við Sveinn oft í bifreið með Smára Kjartanssyni og svo getur hafa verið í þetta sinn sem hér er um fjallað.

Ég man ekki eftir því að hafa orðið var við mann nærri eða fyrir framan bifreiðina hjá okkur þegar ég hef verið farþegi Smára, mann sem hætta stafaði af.

Því get ég engar upplýsingar gefið í þessu máli þar sem ég man ekki eftir umræddri ökuferð ef ég hef átt að vera þar með og get ég ekkert upplýst hér um.

Hellert Jóhannesson
Hellert Jóhannesson

lögreglum.

Upplesið staðfest.

Elías Kristján Helgason.

Elías Kristján Helgason

Þ. 26. jan. 1977, kl. 10,00, mætir sem vitni í málinu, Þárus Kristján Pétursson, tilh. að, Fornhaga 13 Rv. fulltrúi í Tollgæzlunni á Keflavíkurflugvelli, f. 17.5.1930 að, Steini, Skarðshreppi, Skagafjarðarsýslu, nafnr. 5877-0612. Mætta er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslunnar, sem er það að mætti kemur að Hamarsbraut 11, þ. 4. febr. 1974 og handtekur Sævar Marínó Síe- sielski. Mætta er kunn vitnaskyldan.

Mætti kveðst muna vel eftir því þegar hann kom heim að Hamarsbraut 11 umrætt skifti í þeim erindagjörðum að kanna hvort Sævar væri þar staddur. Hann sggir að nokkuð hafi verið búð að leita að honum næstu daga á undan, en telur að ekki hafi verið áður farið að leita að honum þangað. Mætti sggir að einhver hafi hringt til sín og bent á að leita Sævars þarna. Man ekki hver lét hann vita um þetta. Hann kveðst um það leyti hafa haft allmarga krakka sem tilbúnir voru að gefa honum upplýsingar.

Mætti segir að Sævar hafi helypt sér inn, eftir að hann hafði bankað allengi á dyrnar og hafi hann ekki verið fullklæddur. Mætti kveðst hafa beðið innandyra á meðan hann klæddist og minnst þess að hafa gengið þar inn í eldhús og stofu.

Mætti kveðst muna eftir því, að honum fannst allt á rúi og stúi, en segist ekki muna eftir neinu sérstöku, sem varpað gæti ljósi á þá atburði, sem þarna eru sagðir hafa átt sér stað. Mætti telur sig ekki muna, hvort teppi var á gólfi íbúðarinnar, en telur líklegra að svo hafi ekki verið.

Mætti segir að Sævar hafi verið fús til að koma með sér og hafi hann á leiðinni frá, Hafnarfirði til Rvíkur. haft orð á því, að hann vissi um mjög stórt mál og mætti mundi gefa miljónir króna, fyrir vitneskju um það. Mætti kveðst hafa lagt mjög að, Sævri, að skýra hvað hann ætti við, en hann hafi ekki orðið við því.


Mætti tekur það fram, að hann hafi ekki séð ástæðu til að taka þetta alvarlega, þar sem Sævar hafi margoft áður,

látið í skína svipaða hluti, þ.e. vitneskju sína um eitt og annað. Mætti kveðst hafa margreynt Sævar að því að reyna að skifta á upplýsingum um aðra, ef það gæti orðið til þess, að hann slyppi sjálfur úr sínum vanda.

Skýrslutöku lokið kl.10,40.

Sjé Gl. 1101 - 75-76,
- - 1 Göt III

~~Upplesið staðfest.~~



Kristján Pétursson.

Gísli Guðmundsson
~~Gísli Guðmundsson~~
lögreglum.

Þ.26.jan.1977, kl.13,40, mætir sem vitni í málinu Lára Gyldfadóttir, tilh. að, Ásenda 14, sími 84305, atvinnulaus eins og er, f. 15.5.1957 í Rvík., nafn-nr. 5986 3193. Mættu er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslunnar. Hanni er bent á vitnaskylduna.

Mætta kveðst hafa verið á dansleiknum í Alpýðuhúsinu í Hafnarfirði, 26-27. jan. 1974 og séð þar Guðmund Einarsson. Mætta kveðst hafa verið þarna með vinkonu sinni, Önnu Viðarsdóttur ofl. Hún giskar á að hafa komið á staðinn á milli kl.22,00 til 22,30.

Mættu minnir að hún hafi séð Guðmund Einarsson á ballinu, rétt áður en það var búið, en því var lokið kl.02,00. Mætta kveðst hafa reynt að heilsa Guðmundi, en sér hefði virst eins og hann þekkti sig ekki, þótt hann horfði á hana. Ekki kveðst hún hafa gert frekari tilraunir til að ná sambandi við hann.

Mætta kveðst fara út úr húsinu, þegar ballið var búið og hafi hún og Anna tekið leigubíl þar skammt frá nokkru seinna. Ekki segist hún hafa séð Guðmund Einarsson í Alpýðuhúsinu eftir ballið, né heldur þar fyrir utan á eftir. Mætta man ekki eftir því, að hafa séð neinn sérstakan með Guðmundi, þegar hún reyndi að heilsa honum á ballinu. Þá segist hún sjálf hafa verið að dansa, en

Guðmundur staðið þar skammt frá. Mætta segir að Anna hafi sömu sögu að segja, því þær hafi báðar verið að dansa þarna rétt saman og þær kallað báðar til Guðmundar, en hann ekki tekið undir kveðjuna, þó hann liti til þeirra.

Mætta kveðst hafa kynnst Guðmundi í gegnum, Bjarnfríði Guðjónsdóttur fyrrverandi unustu hans. Mætta kveðst ekki þekkja þá menn sem hafa viðurkennt aðild sína að hvarfi Guðmundar, utan þess að hún kannist aðeins við, Tryggva Rúnar Leifsson, síðan hún átti heima í Hraunbæ þá hafi hann átt heima einhversstaðar í Selaánum og bróðir hann verið með henni í skóla. Hún segist aðeins hafa vitað hver f hann var, en ekki þekkt hann neitt öðruvísi.

Ekki segist hún muna eftir því að hafa séð Tryggva Rúnar á ballinu í Alþýðuhúsinu.

Skýrslutöku lokið kl.14,05.

Upplesið staðfest,

Lára Gyldfadóttir
Lára Gyldfadóttir.

Gisli Guðmundsson
Gisli Guðmundsson
lögglum.

Þ.26.jan.1977, kl.14,05, mætir sem vitni í málinu, Anna Viðarsdóttir, tilh. að, Flókagötu 62, sími 17017, atvinnulaus eins og er, f. 23.1.1957 í Rvík., nafnr. 0385-0242. Mættu er gerð grein fyrir tilefni yfir-
hryrslunnar. Hanni er bent á vitnaskylduna.

Mætta man eftir því að hafa verið á ballinu í Alþýðu-
húsinu í Hafnarfirði umrætt kvöld og nótt. Hún kveðst muna eftir því að hafa séð Guðmund Einarsson þar á ballinu og kallað til hans og heilsað honum, en hann látið sem hann þekkti sig ekki.

Mætta kveðst ekki muna eftir að hafa séð neinn með Guðmundi. Hún segist hafa talið hann vera mikið ölv-

aðan. Hún segist ekki treysta sér til að gefa nákvæma lýsingu á ástandi hans, vegna þess hve langt sé um liðið síðan þetta gerðst. Hún segist hafa kynnst Guðmundi nokkuð, er þau voru saman í Ármúlaskóla, þá hafi hann verið í 4, en hún í þriðja bekk.

Mætta segir að Guðmundur hafi yfirleitt verið stilltur og þrúður og viti hún ekki til að hann hafi verið með áreitni við aðra. Hún segir að Guðmundur hafi yfirleitt verið rólegur, þegar hann smakkaði vín.

Ekki kveðst mætta kannast við neinn af þeim mönnum, sem viðurkennt hafa að ráðið Guðmundi bana.

Mætta segist ekki geta neitt sagt um það, hvenær Guðmundur fari út af ballinu, en hana minnir að lítið hafi verið eftir af því, þegar hún sá hann. Ekki kveðst hún hafa séð hann í húsinu eftir að ballinu lauk, né heldur fyrir utan húsið á eftir. Hún segir að þær vinkomurnar hafi tekið leigubíl þarna í nágrenninu og látið keyra sig heim.

Skýrslutöku lauk kl.14,20.

Upplesið staðfest,

Anna Viðarsdóttir

Anna Viðarsdóttir

Gisli Guðmundsson
Gisli Guðmundsson
lögglum.

Þ.26.jan.1977, kl.16,00, mætir sem vitni í málinu, Sigríður Gísladóttir, tilh. að, Laugarnesvegi 84, húsmóðir, f. 2.10.1953 í Rvík., nafnr. 7616-5971. Mættu er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslunnar. Sævar Siesielski hefur skýrt frá því að hann og Albert Klahn hafi verið heima hjá mættu að, Vesturgötu 24, að kvöldi 26.janúar 1974, eða kvöldið áður en ~~þeir~~ atburðirnir gerðust að Hamarsbraut 11. Mættu er bent á vitnaskylduna.

Mætta kveðst ekki treysta sér til að muna sérstaklega eftir þessu laugardagskvöldi. Hún segir að bæði, Sævar og Albert, ásamt mörgum fleirki mömum, hafi verið tíðir gestir hjá þeim, að Vesturgötu 24. Hún segir að Kristján Viðar Viðarsson, hafi einnig oft komið, en hún segist ekki muna eftir að Tryggvi Rúnar Leifsson, hafi heim-sót þær.

Mætta segir að hún og Guðfima Gísladóttir, hafi flutst á Vesturgötu 24 um sumarið 1973, en farið þaðan í apríl 1974. Hún segir að Guðfinna sé nú búsett í Svíþjóð. Mætta segir að þær hafi búið á þriðju hæð hússins, Vesturgötu 24.

Mætta segir að á amari hæðinni hafi búið, Þórður, en veit ekki föðurnafn hans og upphaflega hafi áður greindir menn komið þangað í húsið til að heimsækja hann. Mætta segir að Þórður sé fluttur frá Vesturgötu, en segist ekki vita hvar hann búi nú.

Mætta kveðst hafa kynnst Sævari Ciesielski úti í Kaupmannahöfn á árinu 1972, en Kristjáni og Albert hafi hún kynnst í gegnum Sævar. Ennfremur segist hún hafa kynnst Erlu Bolladóttur síðar í gegnum Sævar.

Mætta kveðst alldreif hafa heyrt þetta fólk, minnst einu orði á þann atburð sem á að hafa skeð að, Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði. Hún kveðst ekki hafa þekkt Guðmund Einars-son, sem sagt er að hafi verið myrtur þar.

Mætta kveðst ekki kannast við, Viggó Guðmundsson, leigubílstjóra og minnst þess ekki, að hann hafi nokkru sinni

komið að Vesturgötu 24. Mætta kveðst ekki geta gefið neinar upplýsingar um ástand eða ferðir umræddra manna þetta fyrrnefnda laugardagskvöld, þar sem komur þeirra þangað hafi verið mjög tíðar um þetta leyti.

Skýrslutöku lokið kl.16,40.

Upplesið staðfest,

Sigríður Gísladóttir

Sigríður Gísladóttir.

Guðmundur Guðmundsson

lögglum.

Þ.26.jan.1977, kl.16,45, mætir sem vitni í málinu, Jónína Ingibjörg Gísladóttir, tilh. að, Laugavegi 46 a, sími 24113, þroskaþjálfari, f. 9.5.1952 á Seyðisfirði, n.nr. 5306-6550. Mættu er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslummar. Henni er bent á vitnaskylduna.

Mætta kveðst ekki eiga gott með að muna eftir þessu umrædda laugardagskvöldi, 26. jan. 1974. Hún segir að þessir menn hafi ekki vanið þangað oft komur sínar, nema þá helst, Sævar Ciesielski, sem var þá að heimsækja, Helgu Gísladóttur.

Mætta kveðst hafa séð mynd af, Guðmundi Einarssyni í blöðum og muni hún ekki eftir því, að hann hafi komið á Kópavogshælið. Mætta kveðst ekki þekkja, Tryggva Rúnar Leifsson. Henni er sýnd mynd af homum og kveðst hún ekki mynnast þess, að hafa séð hann koma í heimsókn á Kópavogshælið.

Ekki kveðst mætta muna eftir því, að Helga hafi skýrt sér frá því, að Sævar Ciesielski, hafi komið í heimsókn til hennar umrætt laugardagskvöld eða nóttina eftir.

Mætta getur ekki sagt um það, hvort þantaður hafi verið leigubíll að Kópavogshælinu umrætt kvöld eða nótt,

en telur það heldur ólíklegt. Mætta segist ekki þekkja Viggó Guðmundsson, leigubílstjóra og segist hún ekki hafa tekið eftir því, hvort sami leigubíllinn ók ~~hónum~~^{Sævari}, þegar var að heimsækja Helgu. Hún kveðst muna eftir því að hafa í eitt skifti farið með Sævari í leigubíl, en hún muni ekki hvaða bíll eða bílstjóri það var, né heldur af hvaða stöð hann var.

Mætta kveðst muna eftir því að Albert Klahn Skaftason, sambýlismaður sinn, hafi eitt sinn lent í þrasi við mann á Kópavogshælinu. Mætta kveðst ekki muna fyrir víst, hvenær þetta var, en heldur það hafi gerst fyrir áramótin 1973-'74 og jafnvel að það hafi verið í nóv. 1973. Mætta telur að þarna hafi ekki verið um neitt alvarlegt missætti að ræða og telur það hafa verið eitthvert fyllirísröfl. Mætta segir að Albert hafi skorist illa á vinstri il og þurft að liggja á Borgare spítalanum á eftir. Mætta kveðst ekki hafa þekkt Albert þegar þetta skeði. Hún segist ekki kynnast honum fyrr en í byrjun júní mán. 1974.

Mætta segist vita f það, að Sævar hafi látið Helgu Gísladóttur hafa stóran hníf, sem nú hafi verið afhentur rannsóknarlögreglunni. Ekki kveðst mætta muna hvær Helga fékk hnífinn, en hann hafi verið afhentur þegar yfirheyrslur fóru fram í málinu í fyrra. Þá kveðst mætta hafa gert grein fyrir því sem hún vissi um þennan hníf. Mætta kveðst ekki hafa séð neinn annan hníf eða neitt þess háttar í förum þessra manna.

Skýrslutöku lokið kl.17,50.

Upplesið staðfest,

J. Ingibjörg Gíslad.
Jónína Ingibjörg Gísladóttir.

Gíslí Guðmundsson
Gíslí Guðmundsson
lögreglum.

*Salskending
Kristján Viðar*

P.27. jan. 1977.

Í dag var stillt um 8 mönnum frá lögregluskóla ríkisins, ásamt, Kristjáni Viðari Viðarssyni, gæzlufanga og voru þær Elinborg Rafnsdóttir, Hvassaleiti 18 og Sigríður Magnúsdóttir s.st. látnar segja til um, hvort þær þekktu þar sama mann og þær sáu með Guðmundi Einarssyni, í Hafnarfirði, aðfaranótt, 27. jan. 1974.

Kl.10,45, mætir aftur í málinu, Elinborg Rafnsdóttir og er hún innt eftir því, hvort hún hafi þekkt þar aftur sama mann. Hún segir að maður sá sem bar nr.6 hafi líkst mjög þeim manni er hún sá umrætt sinn með Guðmundi Einarssyni, nema sér virðist hann vera mun feitari en hann var þá. Hún segist ekki vilja fullyrða að þetta sé sami maður, þar sem svo langur tími sé liðinn síðan hún sá mennina.

Kristján Viðar var með nr. 6, þegar þetta var gert.

Upplesið staðfest,

Elinborg Rafnsdóttir
Elinborg Rafnsdóttir.

Gísli Guðmundsson
Gísli Guðmundsson
lögfrum.

P.27. jan. 1977, kl.10,55, mætir aftur í málinu, Sigríður Magnúsdóttir og var hún einnig látin sjá Kristján Viðar í hópi sömu manna, en þegar hún sá hann var hann með nr.4. Mætta er áminnt um sannsögli.

Mætta segir að sá sem bar nr. 4, hafi líkst þeim manni sem hún sá með Guðmundi Einarssyni, umrædda nótt en hún segist ekki geta fullyrt það, þar sem svo langur tími sé liðinn síðan hún sá mennina. Hún segist ekki hafa neimu við sinn fyrri framburð að bæta.

Upplesið staðfest,

Sigríður Magnúsdóttir
Sigríður Magnúsdóttir.

Gísli Guðmundsson
Gísli Guðmundsson
lögfrum.

Þ.27.jan.1977.

Í dag ræddi undirritaður við, Kristján Viðar Viðarsson, gæzlufanga í viðurvist, réttargæzlumans hans, Páls A. Pálssonar. Innti ég Kristján eftir því, hvort hugsanlegt væri, að hann gæti verið sá maður sem þær, Elínborg og Sigríður sáu með Guðmundi Einarssyni umrædda nótt á Strandgötu í Hafnarfirði.

Kristján sagði að þetta gæti ekki passað, því hann og Tryggvi Rúnar hefðu verið saman, eins og hann væri búinn að lýsa í fyrri framburðum sínum hjá rannsóknarlögreglunni.

Þá innti undirritaður Kristján eftir því, hvort hann hefði hringt í Elínborgu Rafnsdóttur, skömmu eftir að Guðmundur hvarf og verið að spyrja hana um lýsingu á þeim manni sem með Guðmundi var. Kristján sagðist ekki muna eftir þeirri símahringingu.

Ekki var tekin skýrsla af Kristjáni, varðandi framangreind atriði, en hann beðinn að hugleiða málið og þá að skýra seinna frá niðurstöðum sínum. Kristján tók þessu vel og lofaði að reyna að ryfja þessi atriði betur upp.

Gisli Guðmundsson
Gisli Guðmundsson
lögreglum.

Þ.27.jan.1977.

Í dag um kl.21,00, hafði aftur samband við undirritaðan, Elínborg Rafnsdóttir, Hvassaleiti 18. Hún sagðist vera búin að hugsa mikið um þetta mál í dag og þegar hún rifjaði það betur upp, þá væri hún enn öruggari en áður um, að þarna væri um þann mann að ræða, er hún sá með Guðmundi Einarssyni umrædda nótt í Hafnarfirði. Hún sagðist muna sérstaklega eftir munnsvip hans, en eins og hún hefði tekið fram í framburði sínum hér í morgun, þá væri maðurinn mun feitari en hann hefði þá verið.

Gisli Guðmundsson
Gisli Guðmundsson
lögreglum.

P.27.jan.1977.

Að fyrirlagi, Gunnlaugs Briem sakadómara, var ákveðið í dag að stilla upp nokkrum mönnum með Akærða, Kristjáni Viðari Viðarssyni og gefa þeim, Elínborgu Rafnsdóttur og Sigríði Magnúsdóttur, takifari til að sjá hann þannig, ef það gæti rifjað betur upp fyrir þeim, hvort það hafi verið Kristján Viðar, sem þær sáu með Guðmundi Einarssyni á Strandgötu í Hafnarfirði, aðfaranótt 27.jan.1974.

Undirritaður hafði samband við, Bjarka Elíasson, yfirlög-
regluþjón og í samráði við hann voru 8 ungir menn úr lög-
regluskóla ríkisins, fengnir til að stilla sér upp með
Kristjáni. Þetta var gert hér í tæknideild ramsóknarlög-
reglunnar í samráði við, Ragnar Vignir deildarstjóra og
voru viðstaddir, sakadómararnir, Gunnlaugur J. Briem og
Haraldur Henrysson. Ennfr. réttargæzlumaður Kristjáns,
Páll Arnór Pálsson hdl.

Þetta var framkvæmt á þann hátt, að Ragnar fór með báðar
stúlkurnar í innra herbergi tæknideildarinnar og var ömur
í einu látin skoða mennina í gegnum gler á hurðinni, en
ekki er hægt að sjá þá sem fyrir innan glerið eru, af þeim
sem þar eru fyrir utan.

Ragnar Vignir, geymdi aðra stúlkuna inni í myrakraherberginu
svokallaða á meðan ham sýndi hinna mennina út um glerið. Í
fyrri umferð var það Sigríður sem leit á mennina. Þeir voru
allir með númer frá 1-9 og í þeirri umferð bar Kristján nr.
4. Sigríður hafði skýrt Ragnari frá því að sá maður sem hún
taldi líkjast þeim sem með Guðmundi hafði verið væri sá sem
var nr. 4 og mun Elínborg Rafnsdóttir, hafa heyrt Sigríði
nefna þá tölu.

Áður en byrjað var á þessari uppstillingu, höfðum við
Ragnar ákveðið að láta mennina skifta um númer og í seinna
skiftið, var Kristján Viðar með spjald nr. 6. Hinir höfðu
einnig skift um númer.

Þegar nú Elínborg leit fram í gegnum glerið, þá hafði hún
orð á því við Ragnar, að sá sem var með nr.6 væri sá maður
sem henni fyndist líkjast þeim, er hún hafði séð umrædda
nótt í Hafnarfirði, með Guðmundi Einarssyni. Hún hafði

sérstaklega haft orð á því við Ragnar Vignir, að það væri ekki rétt hjá Sigríði, að það væri maður með spjald nr. 4, sem gæti þar verið um að ræða. Elinborg óskaði eftir því, að memirnir væru látnir ganga tvívegis fram fyrir glerið í hurðinni, svo hún gæti til fullnustu áttað sig á útliti þeirra og var það gert.

Gisli Guðmundsson
Gisli Guðmundsson
lögreglum.

Þ.28.jan.1977.

Í dag barst skýrsla frá lögreglum í Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu dags. 22.jan. s.l., þar sem skráður er framburður, Magneu Jóhönnu Matthíasdóttur kennara og fyrr verandi eiginkomu, Bárðar Ragnars Jónssonar. Þar gefur Magnea greinargóða lýsingu á byssusting þeim, sem Kristján Viðar segist hafa stolið frá þeim, Bárði og Magneu er þau bjuggu saman í Kaupmannahöfn.

Gisli Guðmundsson
Gisli Guðmundsson
lögreglum.

Þ.28.jan.1977, kl.19,35 mætir aftur í málinu, Elínborg Rafnsdóttir Hvassáleiti 18 og er henni kynnt það sem bók- að var eftir henni í gærkvöldi, varðandi Kristján Viðar Viðarsson. Mætta er minnt á vitnaskylduna.

Mætta segir að rétt sé eftir sér bókað og hún haldi sig við það nú að þetta sé sá maður er hún sá með Guðmundi Einarssyni umrædda nótt á Strandgötu í Hafnarfirði. Mætta kveðst ekki hafa séð úr hvaða húsi mennirnir voru að koma, því þeir hafi gengið á móti þeim, þ.e. suður Strandgötu og eftir að hún hefur skoðað kort af Hafnarfirði eða hluta bæjarins, þá minnir hana að þær hafi mætt þeim, nokkru norðan við gatnamót Lækjargötu og Strandgötu.

Mætta segir að mennirnir hafi verið hægra megin við götuna og gengið út á götuna er þær nálguðust, Guðmundur hægra megin við bílinn en hinn maðurinn vinstna megin. Undirgötu staðnað.

Árni Jónsson *Gisli Guðmundsson* *Elinborg Rafnsdóttir*

28/1 1977 kl. 14,20.

Mættur er á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar Smári Kjartan Kjartansson verkamaður, til heimilis að Reykjakoti Ölfusi.

Honum er gert kunnugt tilefni yfirheyrslunnar og skýrir mætti svo frá áminntur um samsögli.

Ég man það ekki vel nú þar sem svo langur tími er liðinn síðan að ég átti að aka umrædda leið hvernig aksturinn gekk fyrir sig.


Ég minnst þess að hafa verið að aka Sveini Vilhjálmsyni og öðrum strák til, sem ég þekki ekki mikið. Ég man það að ég fór Reykjavíkurvegin og skammt frá ljósunum man ég eftir því, að hafa séð ölvaðan mann ungan og síðhærðann. Ég þar engin kennsl á hann og ég get ekki lýst honum frekar.

Ég man eftir því að strákarnir sem ég var með báðu mig um að hlaypa þessum ölvaða pilti ekki inn í bifreiðina og varð það úr að ég hélt ferð minni áfram eftir að hafa hinkrað smá stund eftir að pilturinn fór frá bifreiðinni.

Ég lagði þetta atvik ekki svo á minnið því pilturinn vakti enga sérstaka athygli hjá mér.


Um tímasetningar get ég ekki sagt með vissu, en akstursferð þessi sem hér um ræðir var eftir dansleik sem haldinn var í Albýðuhúsinu í Hafnarfirði.

Ég man ekki hvar strákarnir komu í bifreiðina hjá mér, en trúlegt er, að það hafi verið einhversstaðar á Strandgötunni.


Hellert Johannesson
lögreglum.

Upplesið staðfest.

Smári Kjartan Kjartansson.



72

P.28.jan.1977.

Í dag fékk undirritaður að láni, gamlan byssusting í slíðri, til samanburðar þeim byssusting, sem Bárður Ragnar Jónsson og Magnea Matthíasdóttir áttu og Kristján Viðar Viðarsson viðurkemma að hafa stolið frá þeim er þau bjuggu að, Rosengade 12 í Kaupmannahöfn.

Lengd byssustingsins í hulstrinu er 40 cm., lengd blaðs, 24,5 cm. lengd skafts, 11,5 cm. breidd blaðsins, 2,5 cm. Að beiðni dómara verður tekin ljósmynd af byssustingnum og lögð fram í málinu, ef um samkonar hlut er að ræða.

Gísli Guðmundsson
Gísli Guðmundsson
lögreglum.

P.29.jan.1977 kl.10 05, mætir aftur í málinu sem vitni, Bárður Ragnar Jónsson. Mætta er nú sýndur áðurgreindur byssustingur. Mætti er minntur á vitnaskylduna.

Eftir að mætti hefur skoðað byssustinginn, þá segir hann, að hér sé um að ræða nákvæmlega samskonar grip og hann gat um í fyrri skýrslu sinni. Hann segir að eini mismunurinn á þessum sé sá, að hulstrið hafi verið úr ljósara efni og orðið meira slitnið. Lögun og gerð á-samt festingum, sé nákvæmlega eins og á þeim byssusting sem hann átti.

Mætti kveðst ekki hafa umgengist mikið, Kristján Viðar Viðarsson, en kynnst honum dálítið áður fyrr. Hann kveðst aðeins einu sinni hafa komið heim til hans að Grettisgötu 82 um sumarið 1973. Hann segir að ekkert sérstakt sé um þá heimsókn að segja, en þá hafi verið nokkrir gestir hjá honum. Mætti kveðst hafa vitað til þess, að Kristján Viðar gekk oft með hníf á sér. Ekki segist hann hafa séð Kristján bregða hníf fyrir sig.

Upplesið staðfest,

Bárður R. Jónsson

Bárður Ragnar Jónsson.

Vottar,
Hellert Johannesson
Hellert Johannesson.

Gísli Guðmundsson
Gísli Guðmundsson
lögreglum.

28/1 1977.


Fram kemur í skýrslu Smára Kjartans Kjartanssonar Reykjakoti Ölfusi, að hann hafi verið ökumaður Sveins R. Vilhjálmssonar og annars manns, sem er Elías K. Helgason Norðurvangi 12, Hafnarfirði nóttina 27/1 1974.

Elías getur um það í sinni skýrslu að ekki geti það verið að Sveinn R. Vilhjálmsson hafi verið ökumaður umrætt sinn.

Sveinn R. Vilhjálmsson segir í sinni skýrslu að umrædda nótt hafi hann verið að aka bifv.G-1727 um Hafnarfjarðarbæ og með honum hafi verið nefndur Elías.

Þar sem svo mikið ber á milli kannaði ég undirr. hjá embætti Bæjarf. í Hafnarfirði hvort Sveinn R. Vilhjálmsson Smyrlahrauni 42, Hf., sem hér að ofan er nefndur hafi haft ökuréttindi um þetta leiti.

Svo reyndist ekki. Samkv. upplýsingum frá nefndu embætti öðlaðist Sveinn R. Vilhjálmsson ökuréttindi á vélknúð ökutæki 11/11 1974 og þá til eins árs.


Hellert Jóhannesson
Lögreglum.

P.29.jan.1977, kl.11,40, mætir enn í málinu sem vitni, Sigríður Magnúsdóttir, Hvassaleiti 18. Hún skoðar nú kort af hluta Hafnarfjarðar og segir að það nái tæplega þeim stað, sem þær hafi séð, Guðmund Einarsson og piltinn sem með honum var. Hún telur að það hafi verið eins og hún gat um í fyrri framburði sínum, á móts við Strandgötu nr.6, bæjarskrifstofunnar í Hafnarfirði.

Mættu minnir að þetta hafi verið um tvö leytið umrædda nótt og segir hún að sér hafi þótt mennirnir koma úr áttinni frá samkomuhúsinu Skiphóli. Mættu er bent á að, Elínborg hafi talið að mennirnir hefðu verið skammt norðan við Lækjargötu, en það segir mætta að geti ekki staðist, því hún muni þetta vel og bendir á að hún sé mun kunnugri í Hafnarfirði en Elínborg.

Varðandi ábendinguna á Kristján Viðar Viðarsson s.l. fimmtudagsmorgun, hefur mætta það að segja. Þegar hún rifji þetta betur upp fyrir sér, þá sé hún nokkurnvegin viss um, að þetta er sami maðurinn og var með Guðmundi umrætt skifti.

Mættu minnir að mennirnir hafi báðir verið hægra megin við bílinn, er hún ók framhjá þeim, en man eftir að þeir fóru út á götuna, þegar þeir gáfu merki um, að þeir vildu fá að vera með. Mætta telur sig muna eftir því, að mennirnir hafi aðeins verið þarna tveir saman og minnst þess ekki að hafa séð neitt annað fólk nálgæt á sama tíma.

Upplesið staðfest,

Sigríður Magnúsdóttir
Sigríður Magnúsdóttir.

Vottur,
Haukur Jóhannsson.

Gísli Guðmundsson
Lögreglum.

p.29.jan. 1977, kl.13 45, mætir í málinu Snorri Sigurjónsson, tilh. að Fljótaseli 13, sími 75411, lögregluþjónn í Rvík. f. 3.9.1949 í Rvík., nafnr. 8217-8937. Mætta er kunnugt tilefni yfirheyrslunnar svo og er honum kunn vitnaskyldan.

Mætti er inntur eftir því hvort hann hafi tekið eftir byssusting í fórum Kristjáns Viðars, þegar leit var gerð heima hjá honum að, Grettisgötu 82, p.19.febr. 1974. Mætti kveðs t ekki muna eftir að hafa séð slíkan grip heima hjá Kristjáni og telur hann heldur ólíklegt að þeir hefðu ekki tekið eftir honum, ef hann hefði verið þar.

Mætti segir að í lok janúar 1974 hafi verið fylgst mjög mikið með ferðum þess fólks m.a., sem kemur við sögu máls Guðmundar Einarssonar og hafði það verið gert í þágu rannsóknar á fíkniefnamáli, sem kom upp hjá fíkniefnadeild lögreglunnar í Reykjavík. Eins og fram kemur í gögnum málsins þá var f það, Kristján Pétursson, sem fór að Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði og handtók, Sævar Ciesielski.

Mætti minnst þess að Kristján Pétursson, hafi hringt á skrifstofu fíkniefnadeildarinnar og óskað eftir því, að mætti kæmi til móts við hann, að einhverju húsi við Álafaskeið í Hafnarfirði. Mætti man ekki betur en að hann hafi farið einsamall þangað og minnst mætta, að hann hafi hitt þá, Kristján og Sævar, þar sem þeir sátu í bifreið Kristjáns, að hann minnst við verzlun við eða nálægt Álafaskeiði.

Mætti kveðst ekki muna eftir því fyrir víst, hvort hann hafi þá tekið Sævar til sín í bilinn, eða fylgt Kristjáni eftir, sem hann telur þó líklegra. Mætti man ekki eftir því að neitt það kæmi fram í framburði eða hegðun Sævars Ciesielski, þegar hann var tekinn þetta umrædda sinn, sem hægt væri að tengja hvarfinu á Guðmundi Einarssyni.

Mætti kveðst ekki vita til þess að, Guðmundur Einarsson

hafi þekkt það fólk, sem mest hafi verið í höndum fíkniefnadeildarinnar og dómsstólsins, og minnst hann þess ekki að hafa heyrt hans getið í samtölum sínum við þetta fólk.

Mætti er inntur eftir upplýsingum varðandi keyrslu, Viggós Guðmundssonar leigubílstjóra á því fólk sem kemur við sögu þessa máls. Mætti kveðst ekki mynnast þess að hafa heyrt hann nefndan áður, eða orðið var við ferðir hans í kringum þetta fólk, fyrr en hann kemur inn í mál Sævars Ciesielski ofl. og getið er um í málsskjölum frá fíkniefnadómsstólnum og liggja hér fyrir.

Skýrslutöku lokið kl.15,30.

Upplesið staðfest,
Snorri Sigurjónsson

Snorri Sigurjónsson.

Gisli Guðmundsson
Gisli Guðmundsson
lögreglum.

Sjá bls. 60-61, - 110
— — 1 Gok III

Snorri Sigurjónsson

P.29.1.1977.

Að beiðni Gunnlaugs Briem sakadómara var mér undirrituðum falið, að kanna hjá leigubifreiðastöðum hér í borginni og í Hafnarfirði hvort bifreið hafi verið sendi 26 og 27 jan. 1974 að eftirtöldum stöðum.

Hamarsbraut 11 Hafnarfirði, Kópavogshæli eða bifreið tekin þar nærri, Grettisgötu 82, og að Vesturgötu 24 eða við Naustið. Eg hafði tal af stjórnendum eftirtalda leigubifreiðastöðva.

Hreyfill. Þar kom fram í bókhaldi stöðvarinnar að bifreið hafi verið send á eftirtalda staði.

- | | |
|------------------------------|--------------------|
| 1. Starfamannahús Kópavogsh. | 26 og 27 jan.1974. |
| 2. Kópavogshæli | 26 " " |
| 3. Grettisgötu 82 | 27 " " |

Á bifr.st.Bæjarleiða var mér tjáð, að búið væri að brenna bókhaldið 1974.

Frá bifreiðast.Borgarbílastöðvarinnar samkv.meðf.bréfi hafa ekki verið sendar bifreiðar á áðurgreinda staði.

Sama var að segja hjá Bifreiðast.Reykjavíkur sbr.meðf.bréf.

Samkvæmt upplýsingum frá bifreiðastöð Steindórs var Bókhaldið ekki til frá þessum tíma.Þar eru bækurnar geymdar í eitt ár, en síðan eyðilagðar.

Frá Björgvin Þórðarsyni form.Nýju-Bílastöðvarinnar í Hafnarfirði fékk ég þar upplýsingar, að bókhald stöðvarinnar hafi tynst við flutninga, bókhaldið 1974.Þá hafi þeir flutt í húsnæði sem Olúfélagið hafði, en þá hafi bækurnar tynst.

Hreiðar Georgsson framhv.stj. Bifreiðarstöðvar Hafnarfjarðar tjáði mér, að bækur stöðvarinnar væru geymdar í 2-3 mánuði, en síðan enþað eyðilagðar.

Hellert Jóhannesson
Hellert Jóhannesson
Lögreglum

Þ.30. jan.1977, kl.13,45 mætir í málinu, Alfreð Hilmars-son, tilh. að, Efstalandi 2, sími 31205, vinnur við tré-smíðar hjá fósturföður sínum Hreiðari Guðjónssyni f. 27.4. 1955 í Rvík., nafnr. 0247-3038. Mætta er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslunnar, sem er sú, að vitað er að mætti var alltiður gestur heima hjá Kristjáni Viðari Viðarssyni, að, Grettisgötu 82 og er hann þess vegna inntur eftir því, hvort hann hafi heyrt eitthvað eða séð, sem hægt væri að tengja rannsókn Guðmundarmálsins. Mætta er gerð grein fyrir vitnaskyldunni.

Mætti segir það rétt vera, að hann hafi þekkt, Kristján Viðar Viðarsson og komið nokkrum sinnum heim til hans að, Grettisgötu 82. Ekki segist mætti muna eftir neinu sérstöku, sem hægt væri að setja í samband við þetta morðmál.

Mætti kveðst kannast við Kristján Viðar, frá barnæsku og þeir verið leikfélagar, því mætti hafi átt heima að, Grettisgötu 61 til 11 eða 12 ára aldurs. Hann segir að ekki hafi verið um að ræða mikinn kunningsskap, eftir að mætti flutti af Grettisgötu og mjög sjaldan hafi þeir sést, eftir það.

Það mun svo hafa verið eftir áramótin 1973-74, að mætti kom nokkrum sinnum heim til Kristjáns Viðars, en kveðst ekki muna, hvernig á því stóð. Hann segist aðallega koma þarna að deginum til og kannske stundum að kvöldinu og stundum hafi verið þar allmargt fólk samankomið.

Mætti man eftir að hafa séð þar, Albert Klahn Skaftason, Tryggva Rúnar Leifsson, Sævar Giesielski og Vággó Guðmundsson, leigubílstjóra. Mætti segir að nokkuð hafi verið þarna um drykkjuskap og óreglusemi. Sjálfur kveðst mætti eitthvað hafa neytt þar áfengis. Mætti kveðst nú hafa fengið vitneskju um að heima hjá Kristjáni Viðari, hafi verið höndlað með fíkniefni, en sjálfur kveðst hann ekki hafa blandað sér í þau mál og forðast að taka þátt í neinu slíku.

Mætti kveðst aðeins hafa kannast við, Guðmund Einarsson, frá því að þeir voru saman í Austurbæjarbarnaskólum, en hann segist ekki hafa séð hann heima hjá Kristjáni í þau skifti

sem hann kom þangað, né heldur í fylgd með því fólki, sem játað hefur á sig aðild að morðinu á Guðmundi.

Mætti man eftir því að rétt á því tímabili, er hann kom heim til Kristjáns, þá höfðu lögreglumenn frá, fíknideildinni afskifti af þessu fólki og þannig er hægt að átta sig á því að þetta er örfáum dögum, eftir að Guðmundur Einarsson hvarf.

Mætti segist ekki hafa heyrt neitt það, á samræðum þessa fólks, að það hefði unnið á, eða vitað um morðið á Guðmundi Einarssyni og eins og áður er komið fram, hafi hann einskis orðið vísari, sem hægt væri að tengja þeim verknaði. Mætti kveðst ekki muna eftir því, að hvarfið á Guðmundi yrði umræðuefni heima hjá Kristjáni Viðari.

Mætti minnst þessekki að hafa orðið var við byssusting heima hjá Kristjáni og ekki tekið eftir því að hann bæri slíkt verkfæri á sér. Mætti kveðst ekki hafa orðið fyrir árás af hálfu Kristjáns Viðars, en segist hafa vitað til þess, að hann væri þekktur að því.

Mætti segist hafa þekkt eitthvað lítið til, Tryggva Rúnars Leifssonar, en ekki hafa orðið fyrir áreitni af hans hálfu, en heyrt það sama um hann og Kristján, að hann væri hneigður fyrir líkamsárásir og ofbeldi.

Mætti kveðst þekkja nokkuð vel til, Sævars Ciesielski, þar sem fósturfaðir sinn sé móðurbróðir hans. Mætti segir að Sævar hafi átt nokkuð erfitt skap og heimilisástæður hafi ekki verið góðar, en hann segist ekki hafa orðið var við árásarhneigð af hans hálfu, enda tæplega með líkamsburði til þeirra hluta..

Mætti segist ekki hafa þekkt neitt persónulega til Viggós Guðmundssonar leigubílstjóra, en segist vita til þess, að hann hafi allmikið keyrt Sævar og eftir vill áðurgreinda félagi hans á umræddu tímabili. Nánar segist mætti þó ekki geta um þetta sagt. Frekari upplýsingar kveðst mætti ekki geta gefið varðandi þetta mál, en segist reyðubúim til liðveizlu, ef homum sé unnt.

Guðmundur
Skýrslutöku lokið kl. 15.00.

Upplesið staðfest,
Alfred Þilmansson.

30/1 1977 kl.14,00.

Mættur er á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar Asgeir Þorsteinsson bifvélavirki, til heimilis að Bakkakoti, Blesugróf, fæddur 3/7 1955 í Reykjavík.

Mætta er gert kunnugt tilefni yfirheyrslunnar, en hann var með Guðmundi Einarssyni á dansleik í Alþýðuhúsinu í Hafnarfirði 27/1 1974.

Mætti skýrir svo frá áminntur um sannsögli.

Þetta umrædda kvöld fór ég með þeim Sigurbirni þ.e. Bjössa Kristni Má Magnússyni Dalbæ, Baldri Einarssyni að mig mynnir, Gunnari Ástþórssyni, sem ég þekki ekki mikið og Guðmundi heitnum Einarssy heim til Bjössa og þar neyttum við áfengis úr flösku sem Guðmundur kom með, en var eign okkar allra.

Ég get ekki sagt að ég hafi verið ölvaður orðinn af þessari áfengisneyslu, en þó fann ég vel til breitinga.

Laust fyrir miðnættið að mig minnir fórum við allir að Alþýðuhúsinu í Hafnarfirði, en þangað var fyrirhugað að fara til þess að skemmta sér.

Ég held að Guðmundur Einarsson hafi verið orðinn nokkuð ölvaður þegar suður eftir kom, en ekki svo að hann vissi ekki vel hvað fram fór í kring um hann.

Ég man ekki betur en að við höfum allir farið inn til þess að skemmta okkur og þar urðum við viðskila við hvorn annann og á ég þar við að við héldum ekki hópinn. Þó man ég eftir því, að hafa séð félagamína af og til og þar á meðal Guðmund Einarsson inni á skemmtuninni.

Ég neytti ekki áfengis eftir að ég fór heiman frá Bjössa, en þess skal getið að við höfðum meðferðis smá lögg af áfengi, sem trúlega hefur verið kláruð á leiðinni til Hafnafjarðar. Ég veit því ekki til þess að hinir félagar mínir hafi neytt víns á skemmtuninni, en þess ber einnig að gæta, að ég var ekki með þeim þar inni, ég á þar við, að ég var ekki svo nærri þeim, að það hefði getað skeð að einhver þeirra hefði neytt víns á skemmtuninni.

Ég man ekki vel eftir því hvort dansleikurinn var búinn þegar ég fór út, en mig rámar í það, að ég hafi farið rétt áður, en skemmtunin var búin. Þá fór ég út á Strandgötuna og gekk eftir henni að Skiphóli, og neðst í brekkunni náði ég í leigubifreið, sem mér var ekið í heim til mín.

Ég varð Guðmundar ekki var né félagamína okkar eftir að ég fór úr Alþýðuh. og get þar af leiðandi ekkert frekar sagt í máli þessu.

Ég vil að ~~andingu~~ bæta því hér við, að eins og áður ef sagt fór ég eftir því sem ég best man áður en skemmtuninni lauk og man ég eftir því er ég kom út þá fór ég að svipast um eftir félögum mínum, en sá þá hvergi.

Því dettur mér í hug, að þeir hafi allir verið inni í Alþýðuhúsinu þegar ég fór og ekki farið út fyrr en á eftir mér.

Ég get ekki tímasett ferðir mínar svo rétt ferði, en fyrst ég tel mig hafa farið af skemmtuninni áður en henni lauk hefur kl. ekki verið orðinn 02,00.

Upplesið staðfest.

Ásgeir Þorsteinsson.

Hellert Johannesson
Hellert Johannesson

lögreglum.

Ásgeir Þorsteinsson

30/1 1977.

Fram kemur í skýrslu Ásgeirs Þorsteinssonar Bakkakoti, Blesugróf, að han mynni, að Baldur Einarsson bróðir Guðmundar Einarssonar Hraunprýði hafi farið með þeim að Alþýðuhúsinu umrætt sinn.

Ég hafði samband við Baldur Einarsson og spurði hann um umrætt atvik.

Hann sagðist hafa hitt þá félagu heima hjá Kristni, en þar sem hann hafi verið í prófum um þetta leiti hafi hann ekki farið með þeim að skemmta sér.

Þarna er því um mismynni að ræða hjá Ásgeiri Þorsteinssyni sem hér er leiðrátt.

Hellert Johannesson
Hellert Johannesson
lögreglum.

23/1 1976 kl.13,10.

Mættur er á skrifstofu rannsóknarlögreglunnar Sveinn Rúnar Vilhjálms son sjómaður, til heimilis að Smyrlahrauni 42, Hafnarfirði, fæddur 8/10 1957 í Hafnarfirði.

Honum er ljóst tilefni skýrslutökunnar, en frám hefur komið að mætti telur sig hafa orðið var við ferðir Guðmundar Einarssonar sem hvarf þann 27/1 1974.

~~Hann~~ Mætti skýrir svo frá áminntur um sannsögli.

Umrædda nótt var ég að aka bifreiðinni minni G-1727 um Hafnarfjarðar- bæ og með mér var Elías Helgason sem býr í norður bænum í Hafnarfirði.

Ég man ekki við hvaða götu Elías býr, en auðvelt er að komast að því.

Ekki var ákveðið um akstursleið okkar umrædda nótt. Við fórum bara vítt og breiðt um bæinn.

Um ferð er það að segja að fremur hállt var á götunum og mig mynnir, að snjóþæfingur hafi verið og fremur illfært að aka víða.

Ég tel að veðrið hafi verið gott að mestu leiti þessa nótt.

Ég man ekki nákvæmlega hvaða dag mánaðarins þessi akstursferð var farinn, en það var að mig mynnir síðast í janúar mánuði.

Þegar ég ók upp Reykjavíkurvegin og um það bil og ég kem að mótum Hverfisgötunnar gekk öðvaður maður fyrir bifreiðina hjá mér.

Ég hægði ferð því ég sá að maðurinn hugðist fara yfir götuna og gekk hann fyrir framan bifreiðina hjá mér og lét mig að öllu leiti afskiftalausann. Er hann var kominn af akbrautinni hélt ég áfram ferð minni og man ekki til þess að hafa séð sama manninn eftir þetta.


Þessi maður var einn á ferð. Ég man ekki vel eftir útliti hans, en þó man ég það glögg að hann var dökkhærður með sítt hár og ég er viss um það að hann var köflóttum jakka, sem ég man ekki nú eftir svo ég geti lýst vel. lítar hætti hans.

Ég vil bæta því hér við, að þessi piltur sem ég hef hær lýst datt í vegarkantinum og var ljóst að hann var mikið öðvaður


Hallert Jóhannesson
lögreglum.

Upplesið staðfest.

Sveinn Rúnar Vilhjálms son.



Þ.31.jan.1977, kl.16,00, mætir sem vitni í málimu, Helga Gísladóttir, tilh. að Kelduhrauni 3, Hafnarfirði, sími 51277 atvinnulaus eins og er f. 11.5.1955 í Hafnarfirði, nafnr. 3901-4149. Mættu er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslumar. Hanni er bent á vitnaskylduna.

Mættu er sýnd mynd af Guðmundi Einarssyni, sem birtist í dagblöðum á sínum tíma. Mætta kveðst ekki kannast við hann af myndinni. Hún segir ekki loku fyrir þ að skotið að hann hafi einu sinni komið ásamt, Sævari Ciesielski ofl. í heimsókn, er hún var á Kópavogshælinu. Hún kveðst ekki muna hvenær sú heimsókn kunni að hafa verið, en það geti verið kvöldið áður en Guðmundur hvarf. Mættu minnir að þeir hafi þá verið á leigubíl, en veit ekki hvaða bíll það var, eða af hvaða leigubílstöð. Hún segist muna eftir því, að þeir hafi haft orð á því að þeir væru mikið að flýta sér, og stanzað mjög stutt.

Mætta kveðst hafa haft herbergi í Kópavogshælinu með stúlku að nafni, Lilja Hjartadóttir og býr nú að Æsufelli 2, s.74426 vinnur ennþá á Kópavogshæli. Mætta kveðst ekki vita hvort Lilja varð vör við komu þessara manna og telur hún það fremur ólíklegt. Mætta segir það vera fráleitt, að hún hafi farið með Sævari og félögum hans í þetta skifti.

Mætta heldur að, Ingibjörg Gísladóttir, hafi vitað um komu þessara manna og minnir hana að hún hafi verið stödd á annari hæð í herbergi Ingibjargar, en hún verið frammi á snyrtiherberginu að mála sig. Mætta segir að herbergi þeirra Lilju hafi verið í kjallara hússins og mennirnir ekki komið þangað í þetta skifti, nema þeir verið búnir að því áður og spurst þar fyrir um sig. Mættu minnir að hún og Ingibjörg hafi verið að undirbúa sig til að fara út að skemmta sér.

Mætta kveðst ekki geta munað erindi manna í þetta skifti, og segir minni sitt allt á reyki, sem hún telur vel geti stafað af því að hún var um þetta leyti á kafi í skemmtanalífnum og þá oft undir áhrifum áfengis.

Mætta kveðst ekki geta munað eftir því, hvort Sævar Ciesielski hafi komið aftur í heimsókn til hennar, eftir miðnætti sama kvöld og áðurgreind heimsókn átti sér stað. Hún segir það vel

geta verið þótt hún muni ekki eftir því.

Mætta er innt eftir því, hvað hún hafi um svöttu skyrtuna að segja, sem Sævar er sagður hafa komið með heim til hennar og beðið hana að henda. Mættasegir að fyrri framburður sinn hjá lögreglunni um skyrtuna, sé rétt. Sævar hafi eitt kvöld eða nótt, komið með hana og annaðhvort hafi hann beðið sig um að þvo skyrtuna og geyma hana, eða henda henni.

Mættu minnir að hún hafi tekið eftir blettum í henni. Einhver blettur á brjóstinu og annar annari ermi. Mættu minnir að þetta hafi verið litlir blettir og ekkert geta sagt um, hvort það voru blóðblettir eða annarskonar blettir. Ekki kveðst mætta muna eftir því, hvort hún þvoði skyrtuna, en hún telur þó nokkrar líkur á því. Hún segir ekki útilokað, að Lilja kunni að hafa gert það. Mætta segir að eftir að búið var að þvo skyrtuna, hafi hún farið með hana til Árna bróður síns í Hafnarfirði og gefið honum hana. Hún segir að lögreglan hafi síðar fengið þessa skyrtu til athugunar og viti hún ekki betur en skyrtan sé ennþá í höndum lögreglunnar. Mætta minnist þess ekki að, Ingibjörg Gísla-dóttir, hafi vitað um skyrtuna.

Mætta kveðst nú ekki muna eftir því, hvær Sævar kom til hennar með skyrtuna, en hún telur sig muna eftir því, að um sama leyti hafi hann komið með hnífinn með hvíta skaftinu og hún hefur áður getið um og afhent lögreglunni. Mætta segist ekki muna, hvernig það kom til, en hún muni eftir því, að Sævar hafi haft orð á því, að með hnífnum hefði hann orðið mansbani, en hann hefði líka tekið það fram, að það hefði skeð erlendis. Hún segist hafa tekið þetta sem marklaust kjaftæði og ekki innt ham frekareftir því. Mættu minnir, að Sævar hafi gefið henni hnífinn, en seinna hafi hann viljað fá hann aftur, en hún ekki orðið við þeirri beiðni.

Mætta sér nú byssusting þann sem áður er getið um og fenginn var að láni. Hún segir að blaðið áfyrrgreindum hníf, sé mjög líkt og á byssustingnum, en það hafi verið heldur breiðara, kannske ekki alveg jafnlangt, með samskonar raufum í hliðum og lögum skaftsins hafi verið mjög svipað. Hún segir að skaft hnífsins, hljóti að hafa verið úr ónýtara efni, því það hafi

brotnað, eitt sim er hann var notaður sem hamar. Mætta segir að Sævar hafi ekki minnst á það við sig, hvar f hann hefði fengið þennan hníf, né heldur hvenær hann eignaðist hann.

Mætta kveðst vera alveg viss um það, að hún hafi alldreif þantað leigubíl fyrir þessa menn. Hún segir að enginn almenningssími hafi verið á Kópavogshælimu og hafi aðeins verið hægt að komast í síma hjá vaktmanni, sem bjó á miðhæð hússins. Mætta fullyrðir að mjög sjaldan hafi verið farið í þann síma og þá einvörðungu af starfsfólkinu.

Mætta kveðst hafa orðið vör við það, að Sævar notaði mikið sama leigubílstjórann. Hún segist ekki vita af hvaða stöð hann var og kveðst ekki muna eftir því, hvernig bílinn leit út sem hann keyrði. Hún segist ekki vita nafn bílstjórans, en hann hafi verið eitthvað illa farinn í andliti. Hún segist aðeins eimu sinni, hafa fengið að sitja í hjá þessum bílstjóra frá Kópavogshæli og til Reykjavíkur. Hún segir að Sævar hafi þá verið með og farið úr bílnum heima hjá, Kristjáni Viðar, á Grettisgötu 82, en sjálf hafi hún farið úr bílnum í Lækjargötu hér í borg.

Mætta telur sig vita það nú, að maður þessi hétu Viggó, en hún kveðst ekki geta gefið frekari upplýsingar um ferðir hans og Sævars Ciesielski. Mætta kveðst alldreif hafa komið heim til Kristjáns Viðars Viðarssonar og segist hún hafa mjög lítið kynnst honum. Hún segist ekki vera viss um að hann hafi nokkru sinni komið með Sævari eða öðrum á Kópavogshælið, þann tíma sem hún vann þar, nema þetta eina skifti sem hún áður gat um.

Skýrslugerð lokið kl.18,30.

Upplesið staðfest,

Helga Gísladóttir

Helga Gísladóttir.

Gisli Guðmundsson

Gisli Guðmundsson
lögglum.

Þ.1.2.1977 kl.16 15 mætir sem vitni í málinu, Lilja Hjartardóttir, tilh. að Æsufelli 2 sími 74426 húsmóðir, f. 29.5.1953 í Rvík. nafnr. 6101-8778. Mættu er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslunnar sem er vegna þess að hún var í herbergi með Helgu Gísladóttur á Kópavogshæli á því tímabili sem Guðmundur Einarsson hvarf. Mættu er gerð grein fyrir vitnaskyldunni.

Mætta segir að það sé rétt að hún hafi verið í herbergi með Helgu Gísladóttur á umræddum tíma. Mætta segir að þær hafi verið saman í herbergi líklega um eins árs skeið frá því um sumarið 1973 og til 1974. Þetta segist hún ekki muna upp á tíma. Hún segir að þetta sé hægt að sjá á skrifstofu ríkisspítalanna.

Mætta kveðst hafa orðið vör við að náim kunningssskapur varð á milli Helgu og Sævars Ciesielski og hafi hann oft komið í heimsókn til hennar jafnt að nóttu sem degi. Hún segir að stundum hafi verið haft áfengi um hönd er Sævar kom þangað í heimsókn stundum hafi hann sjálfur komið með áfengi með sér og stundum hafi Helga eða mætta átt áfengi, sem þau þá drukku saman.

Mætta kveðst ekki hafa orðið þess vör að Sævar drykki mikið áfengi, að minnsta kosti hefði lítið séð á honum yfirleitt. Mætta kveðst alldreif hafa heyrt Sævar neitt minnast á hvarfið á Guðmundi Einarssyni, eða neitt sem hægt væri að setja í samhengi við þann verknað sem hann óg fleiri hafði viðurkennt aðilá sína að.

Mætta segist hins vegar stundum hafa heyrt Sævar vera eitthvað að ræða við Helgu um eyturlyf og sér virtst hann vera mikið inni í þeim hlutum. Mætta kveðst ekki hafa séð eyturlyf í fórum Sævars og ekki segist hún hafa orðið vitni að því að hann væri að bjóða þau eða verla með þau.

Mætta segist ekki muna eftir kvöldinu 26. jan. 1974 eða nóttinni þá á eftir og segist ekki geta borið um það, hvort Sævar hafi þá komið í heimsókn til Helgu. Mætta segist ekki þekkja Tryggva Rúnar Leifsson eða Kristján Viðar Viðarsson en hún segist hafa séð mynd af þeim í

blöðunum og segist hún ekki kannast við að hafa séð þessa menn í fylgd með ~~Kristján~~^{Sævari}, þegar hann hefur verið þarna á ferð.

Mætta kveðst ekki vita til þess að Sævar hafi verið með neinn sérstakan leigubílstjóra, þegar hann var þarna á ferðinni og segist hún ekki hafa fylgst með því, hvernig hann kom eða fór. Mætta segist ekki þekkja Viggó Guðmundsson leigubílstjóra.

Mætta kveðst ekki hafa orðið vitni að því, að Sævar afhenti Helgu stóran hníf, en hún segist hafa séð stóran hníf með hvítu skafti í herbergi þeirra einhverntíma en hún segist ekki hafa neina hugmynd um hvernig hann var þangað kominn. Ekki kveðst mætta hafa heyrt að Sævar bæði Helgu um að láta sig hafa hnífinn.

Mætta segist ekki muna eftir að hafa þvegið svarta herraskyrту fyrir Helgu. Hún segist ekki muna eftir að slík skyrta hafi verið þar inni í skáp í herbergi þeirra, en vill ekki fullyrða það. Mætta segist ekki muna eftir að nokkru sinni hafi verið rætt um þessa skyrту og alldrei segist hún hafa orðið þess vör, að Sævar skildi eftir skyrту þar inni.

Mætta segir að oft hafi verið hringt á leigubíla, en hún segist ekki muna sérstaklega eftir því, að þantaður hafi verið leigubíll, fyrir Sævar Ciesielski. Mættu minnir að helst hafi verið fenginn lánaður sími hjá vaktmanni að nafni, Daniel og var í íbúð á miðhæð hússins. Mætta heldur að aðallega hafi þessi sími verið notaður af starfsfólkinu, en gestir yfirleitt ekki farið í þann síma.

Skýrslutöku lokið kl.17,30.

Upplesið staðfest,

Lilja Hjartardóttir.
Lilja Hjartardóttir.

Gísli Guðmundsson
lögreglum.

Þ.1.febr. 1977, kl. 19,55, mætir sem vitni í málimu Viggó Guðmundsson, tilh. að Gyðufelli 14, sími 72079, verkamaður vinnur nú hjá verkakafyrirtækinu Aðalbræt f. 14.9.1948 í Rvík., nafnr. 9228-4263. Mætta er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslunnar. Fram hefur komið við rannsókn málsins, að mætti hefur haft samskipti við Sævar Ciesielski og m.a. farið í ferðalag með honum erlendis, nokkrum dögum áður en Guðmundur Einarsson, hvarf. Ennfremur hefur komið fram, að mætti hefur talsvert ekið Sævari og félagum hans, bæði á undan og eftir að atburðurinn á að hafa skeð að Hamarsbræt 11 í Hafnarfirði aðfaranótt, 27. janúar, 1974. Mætta er gerð grein fyrir vitnaskyldunni.

Mætti segir það rétt vera, að hann hafi nokkuð mikið keyrt þessa menn og segir hann að fyrstu kynni sín af þeim hafi verið á árinu 1972, þá hafi hann fyrst kynnst Tryggva Rúnari Leifssyni, er hann var að keyra leigubíl í veikindum föður síns. Hann segir að númer bílsins hafi verið R.6199 og hafa ekið á bifreiðastöð Hreyfils.

Mætti kveðst hafa ekið Tryggva Rúnari af og til og þeir hinir, Sævar Ciesielski og Kristján Viðar Viðarsson, lent með í bílnum, þá fyrst í fylgd með Tryggva. Síðar kveðst hann aka þeim báðum sitt í hvoru lagi. Mætti segir að þetta gangi svona til hann keyri bílinn fyrir föður sinn í veikindaförföllum hans og þegar hann er í sumarfríi og alltaf öðru hvoru láti þessir fyrrnefndu menn keyra sig og kalli sig þá gjarnan upp í gegnum talstöð stöðvarinnar eða hringt heim til hans.

Mætti bendir á framburð sinn hjá, ávana- og fíknidómstólnum, í sambandi við utanferðina með Sævari Ciesielski í janúar, 1974 og segir alveg rétt farið með atburðarrásina. Í þeim framburði kemur það fram, að mætti hafi ekið Sævari og félagum hans, bæði á undan og eftir þá för, en tveir dagar, 26 og 27 janúar, falli alveg út úr þeirri mynd. Mætti kveðst ekki treysta sér til að skýra það nú, hvernig á því stendur að eyða myndast í þessa tvo daga. Hann getur þess helst til, að hann hafi reynt að forðast að keyra þessa menn og láta þá má í sig, þegar mikið var að gera á stöðinni.

Mætti kveðst ekki muna betur en að það hafi aðallega verið, Sævar Ciesielski og Kristján Viðar Viðarsson, sem hann aðallega ók á umræddu tímabili. Hann segist ekki muna eftir að Tryggvi Rúnar hafi verið með þeim, eftir að hann og Sævar komu úr utanlandsreysunni.

Skrifstofa bifreiðarstöðvarinnar Hreyfils, hefur í dag tekið saman bókaða túra, sem mætti er bókaður í, dagana 26-27 jan. 1974. Þar kemur m.a. fram að mætti er bókaður fyrir 12 ferðum í starfsmannahúsið í Kópavogi og ennfr. kl. 07 oo að morgni þess 27. jan. að Grettisgötu 82, eða heim til, Kristjáns Viðars Viðarssonar, morguninn eftir að atburðurinn á Hamarsbraut 11 á að hafa skeð.

Mætti kveðst ekki geta gefið fullnaðarskýringu á þessum kvaðningum, þar sem hann muni ekki lengur eftir þeim. Hann veit heldur ekki, hvers vegna hann hafi ekki gefið upp þessa túra, þegar hann gaf skýrslu sína hjá fíknidómstólnum, en giskar helst á, að hann hafi ekki verið sérstaklega inntur eftir keyrslunni þessa tvo daga, þeir hafi kannske ekki skift eins miklu máli í sambandi við rannsóknina á fíkni-efnamálimu, sem þá var til umræðu.

Mætti segir að það sé heldur ólíklegt, að hann hafi farið í alla þessa túra að Kópavogshælinu. Skýringin gæti verið sú að hann hefði verið kallaður upp og ~~þessi~~ honum borin skilaboð um að koma þangað og hann hafi mótttekið skilaboðin, en geymt að fara í túrin. Síðan gæti svo skeð, að hann hefði fengið sömu skilaboð aftur og frestað samt ferðinni áfram, vegna þess kannske, að mikið væri að gera.

Mætti kveðst ekkimuna eftir því að hafa farið í túr að Kópavogshælinu annanhvorn umrædda daga, en segir alls ekki loku fyrir það skotið. Um túrin að Grettisgötu 82, kl. 07 oo að morgni þess, 27. janúar 1974, segir mætti, að hann hljóti að hafa farið í þennan túr. Þar sem stutt var að fara. Sendur af Hlemmtorgi. Mætti kveðst ekki muna eftir þessum túr og segist ekki geta áttað sig á því, hvaða fólk hann kunni að hafa tekið þar upp í bílinn.

Um aðra túra sem bókaðir eru umrædda daga, hefur mætti lítiðnað segja, hann kveðst einfaldlega ekki muna eftir þeim.

Mætti kveðst mikið vera búinn að hugsa um þetta mál og velta fyrir sér á ýmsa vegu og sérstaklega fyrir kynni sín af þessum mönnum sem þar koma við sögu. Hann segist ekki hafa komist að neinni niðurstöðu sem varpað gæti einhverju ljósi á verknaðim. Hann segist ekki hafa heyrt neitt það á tali mannanna, sem væri hægt að setja í samband við hvarfið á Guðmundi Einarssyni.

Mætti er immtur eftir því hvort hann hafi séð hníf í fórum áðurgreindra manna. Hann segir að sig rámi í það, að Kristján Viðar hafi keypt dolk í verzluninni, Ellingsen, en hann segist ekki treysta sér til að lýsa homum. Mætti kveðst ekki hafa séð byssusting í fórum hans. Mætti kveðst ekki hafa orðið var við að Sævar væri með slíkt í sínum fórum. Hann kveðst ekki hafa séð hjá homum öflugan hníf með beinskafti.

Mætti segist hafa komið inn í íbúðina til Kristjáns Viðars, en man ekki hversu oft það var. Hann segist allþrei hafa verið þar í neinskonar gleðskap. Mætti kveðst aðeins í eitt skifti hafa ekið Sævari að, Hamarsbraut 11, en sig minni að hann hafi ekki farið þar inn, af því enginn var heima og komið með aftur til Reykjavíkur. Mætti kveðst ekki muna hvenær þetta var, en telur að það hafi verið að kvöldlagi og mikið snjóáð.

Mætti kveðst ekki muna eftir að hafa ekið Erlu Bolladóttur og segist ekki þekkja hana. Mætti man eftir því að hafa farið inn með Sævari, þegar hann var að heim-sækja dömu á Kópavogshælinu. Hann segir að vel geti verið að það hafi verið í tvö skifti. Hann segist þó sérstaklega muna eftir því í eitt skifti, það hafi verið morguninn sem hann og Sævar fóru til útlanda.

Skýrslutöku lokið kl.22,00.

Vottar,
Helliert Johannesson.

Upplesið staðfest,
Viggó Guðmundsson.

Óslí Guðmundsson
lögreglum.

Þ.1.2.1977, kl.22,15, mætir aftur í málimu, Viggó Guðmundsson. Mætti er inntur eftir því, hvort hann hafi haldið dagbók yfir keyrslu á bíl föður síns. Mætti kveðst ekki vera vanur að halda dagbók, heldur hafi uppgjör þeirra feöga verið þannig að hann hafi skrifað niður þá túra í litla vasabók eða á blað og látið föður sinn hafa það, er þeir gerðu upp aksturinn. Mætti telur útilokað að til sé í fórum sínum eða föður síns, dagbók yfir áðurgreint tímabil, eða þá tvo daga sem hér eru aðallega til umræðu og athugunar.

Mætti er þá inntur eftir því, hvort hann hafi þekkt Guðmund Einarsson. Hann segist aðeins hafa séð myndir af honum í blöðum, en ekkert kannast við hann þar. Mætti minnst þess ekki að hafa nokkru sinni ekið með ham. Hann segist ekki hafa heyrt Sævar eða félag hans, hafa orð á því að þeir þekktu hann.

Mætti segir að klæðnaður Sævars hafi verið þannig, að hann hafi verið yfirleitt í sömu fötumum, slitnum svörtum leðurjakka í dökkleitri ullarpeysu og að hann minnir svörtum flauelisbuxum. Hann hafi yfirleitt verið heldur ósnyrtilegur til fara. Mætti segir að sér sé minnststæðast um klæðnað Kristjáns Viðars, það var ljós hálfslíður pels og ljósbrúnar leðurbuxur, sem hann hafi oft verið í. Hann segir að Kristján hafi oft verið snyrtilega klæddur miðað við Sævar.

Skýrslutöku lokið kl.22,35.

Gísli Guðmundsson
Lögreglum.

Upplesið staðfest,
Viggó Guðmundsson
Viggó Guðmundsson.

P.2.febr.1977.

Samkv. beiðni, Gumlaugs Briem sakadómara, hefur verið útvegað yfiþlitskort af hluta Hafnarfjarðar, Straumsvík og hraunið þar fyrir sunnan. Kortið var gert af Landmælingum Íslands og er eftir loftmynd af umræddu svæði.

Gísli Guðmundsson
Gísli Guðmundsson
lögreglum.

P.5.febr.1977.

Eins og fram kemur í skýrslu, Hellerts Jóhannessonar lögreglum. á bls.47 í framhaldsrannsókn málsins, hefur dagbókum leigubílsstöðva Hafnarfjarðar verið glatað og því ekki hægt að fá þar staðfestingu á því, hvort leigubílleða bílar, hafa verið sendir að Hamarsbraut 11, umrædda morönótt.

Árman Kristinsson sakadómari, hefur óskað eftir því, að myndir af ákærðum svo og Guðmundi Einarssyni, yrðu láttnar liggja frammi á þeim tveim leigubílsstöðvum í Hafnarfirði, sem þar er um að ræða, þ.e. Nýja bílstöðin og Bifreiðastöð Hafnarfjarðar, ef það gæti orðið til glöggvunar fyrir bílstjóra stöðvanna og minnti þá á, ferð í umrætt hús, eða ekið þessum mönnum eitt eða annað.

Í dag fór undirritaður með þessum myndir og hafa framkvæmdarstjórar stöðvanna lofað því, að þær yrðu aðeins til sýnis fyrir bílstjórana, en ekki viðskiftavini. Verða myndirnar þær í vörzlu stöðvanna í nokkra daga og því verið lofað, að þetta um vita, ef einhver af bílstjórunum gæti orðið að liði um áðurgreint atriði.

Í dag fór undirritaður að Hamarsbraut 11, Hafnarfirði, ásamt, Jóhannesi P.Jónssyni, rannsóknarlögreglumanni í Hafnarfirði. Við ræddum þarna við, Sverrir Lúthersson og konu hans, Auði Samúelsdóttur, sem eru eigendur, kjallara og fyrstu hæðar hússins. Þau fluttu í húsið þ.15.marz 1974 kaupsamningur er dagsettur daginn áður.

Með lyefi þeirra hjóna fengum við að líta á húsaskipan og

er ekki mikið um það að segja umfram það sem áður hefur komið fram í málinu. Sverrir hefur verið að dytta að húsinu síðan ham eignaðist það, þ.á .m. hefur hann lagfært dyrabúnað hinnar umtöluðu geymslu þar sem ákæfðir segjast hafa lagt lík Guðmundar, eftir að þeir unnu á honum.

Sverrir sagði að dyrabúnaðurinn hefði verið mjög lélegur og sagðist hann ekki vera viss um að hurðin hefði verið á lómum. Timburgólf er á milli hæða eins og raunar áður hefur komið fram. Þau hjónin, Sverrir og Auður, sögðu að fremur hljóðbært væri í húsinu og áreiðanlega hefði vel heyrst upp, þegar gleðskapur eða átök áttu sér stað í Kjallaranum. Þeim bar saman um það að enn hljóðbærara væri þó á milli fyrstu og amarrar hæðar hússins, en kjallarans og fyrstu hæðar.

Sverrir gat þess að sama útidyrhurð og læsing væri á kjallara og vissi hann ekki til þess/til hefði verið nema einn lykill að útihurðarlæsingunni. Útidyrhurðin virðist vera í þokkalegu standi og bendir ekki til þess, að hún hafi verið spennt upp, eða þvinguð upp, til að komast bangað inn.

Gísli Guðmundsson
Lögreglum.

Þ.7.febr.1977.

Í gögnum málsins kemur það fram, að hnífsblað var sent til rannsóknar hjá Glæpamálastofnuninni í Wiesbaden, V. Þýskalandi í sept.1976 og er undirrituðum tjáð, að það sé hnífur sá sem Helga Gísladóttir segir að Sævar hafi beðið sig að geyma. Í svarbréfi frá hr. Kissling, dags. 21.9.1976, var framkvæmd rannsókn á hnífsblaðinu, en ekkert kom fram sem þýðingu hefði fyrir málið.

Ragnar Vignir deildarstjóri tæknideildarinnar, var á ferð í Wiesbaden um miðjan janúar s.l. og hittir þá dr. Kissling, sem tjáði honum að hann hefði hent hnífsblaðinu, þar sem ekkert var á því að finna og hann taldi enga þýðingu hafa við rannsókn málsins.

Gísli Guðmundsson

p.8.2.1977, kl.09,45 mætir sem vitni í málinu, Páll Rúnar Elíson, tilh. að Heiðardal, Blesugróf sími 81754 sjómaður að atvinnu, f. 25.8.1953 í Rvík. nafnr.7002-3695. Mætta er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslunnar, en komið hefur fram í rannsókn málsins að mætti hafi heyrt, Tryggva Rúnar Leifsson, segja frá atburðinum, þegar Guðmundi Einarssyni var ráðinn bani að, Hamarsbraut 11, í Hafnarfirði, p. 27.jan.1974 Mætta er bent á vitnaskylduna.

Mætti kveðst áður hafa gefið skýrslur um þetta mál og bendir á framburð sinn hjá rannsóknarlögreglunni p.29.11.1976, þar sem greint er frá samtali hans og Tryggva Rúnars. Mætti segir að vitni að því samtali hafi verið, Halldór Fannar Ellertsson, tilh. að, Snorrabraut 85. Mætti segist muna vel eftir þessu samtali. Hann segist þá ekki hafa verið búinn að smakka áfengi og Halldór ekki heldur. Hann segir að Tryggvi Rúnar hafi ekki verið undir áhrifum áfengis, né ofnotkun lyfja.

Mætti segir að samtalið hafi farið fram í klefa nr. 39 á fyrstu hæð Litla-Hrauns og eins og áður greinir, hafi Halldór Fannar verið þar viðstaddur. Mætti telur að þetta samtal hafi átt sér stað um kl. 20.00 að kvöldi.

Mætti kveðst hafa byrjað á því að spyrja Tryggva Rúnar um þetta mál, vegna þess að hann var nýkominn úr yfirheyrslum í sambandi við það. Mætta fannst Tryggvi ekki vera neitt tregur til að ræða um málið við þá og sér fundist hann segja þeim sannleikan í málinu.

Mætti kveðst muna eftir því, að Tryggvi hefði sagt þeim, að hann hefði slegið Guðmund Einarsson niður og síðan hafi Sævar, sparkað í höfuð hans, þar sem hann lá í gólfinu. Mætti segir eftir Tryggva, að Guðmundur hafi verið að reyna að rísa á fætur, þegar Sævar sparkaði í höfuð hans og það hafi orðið honum að bana.

Mætti kveðst ekki minnst þess að Tryggvi Rúnar, skýrði þeim neitt sérstaklega frá þætti Kristjáns Viðars í málinu, að öðru leyti en því, að hann hefði verið þarna viðstaddur. Ekki kveðst mætti muna eftir því, að Tryggvi Rúnar tilgreindi neina

ástæðu fyrir árásimmi á Guðmund Einarsson.

Mætta minnir að Tryggvi hafi sagt frá því, að eftir að Guðmundur var látinn, hafi þeir druggið líkið inn í einhvern skáp. Eftir það hafði verið gert, þá hafi þeir orðið það skelkaðir, að þeir hafi tekið inn LSD töflur.

Mætti minnst þess einnig, að Tryggvi hafi haft orð á því, að hann hafi verið svo ruglaður eftir að taka inn töflurnar, að hann myndi ekki eftir því, hvað þeir hefðu gert af líkinu, en hann rámaði í það, að eitthvað hefði verið farið með það í jeppa. Hann hafi síðan alveg gleymt þessu máli og ekkert verið að hugsa um það, fyrr en hann var tekinn og farið að yfirheyra hann um það, þá hafi þetta rifjast upp smátt og smátt.

Mætti er inntur eftir því, hvort hann geti munað nánar eftir því, að Tryggvi Rúnar hafi nefnt einhverjar stúlkur, sem hafi verið viðstaddir þegar þessi atburður gerðist. Mætti kveðst muna eftir því, að hann hafði eitthvað talað um stúlkur og þá líklega tvar, en nöfn þeirra hafi ekki verið nefnd.

Mætti kveðst ekki hafa komist að því, hverjir það voru sem sátu fyrir homum og réðust á hann í Keflavík þ.8.okt. 1976, en grunar að það sé að undirlagi Tryggva Rúnars, vegna þess að mætti gaf lögreglunni upplýsingar um Tryggva og þeir hafi rætt um sín í milli, sama kvöld á Litla-Hrauni, en þá hafi Halldór Fannar ekki verið viðstaddur. Þá hafi þeir verið aðeins tveir, ~~hann~~^{mætti} og Tryggvi.

Mætti minnst þess ekki, að Tryggvi Rúnar hafi minnst á það, að unnið hafi verið á Guðmundi með hnífi eða öðru eggvopni og segir að hann hafi ekki minnst á neinn hnif í sambandi við þennan atburð.

Mætti kveðst ekki hafa þekkt, Guðmund Einarsson og minnst þess ekki, að hafa séð hann með þeim mönnum, sem viðurkent hafa að vera veldir að dauða hans. Mætti kveðst þekkja Kristján Viðar Viðarsson og stundum komið heim til hans að Grettisgötu 82, en yfirleitt stanzað þar mjög stutt. Hann segir að erindi sitt til hans hafi helst verið að finna þar

manneskjur, sem voru þar þá í einhverjum gleðskap eða partíum. Ekki kveðst mætti muna eftir því, að hafa komið heim til hans, þá helgi sem Guðmundur Einarsson hvarf, en tekur fram að þetta sé nokkuð sem hann treysti sér ekki til að fullyrða neitt um á þessari stundu. Mætti segist ekki muna eftir því, að hafa séð gamlan byssusting í íbúð Kristjáns Viðars og segist ekki muna eftir því, að hafa séð hann bera slíkan hlut við belti sitt.

Mætti segist kannast við, Sævar Giesielski, en kveðst ekki hafa haft nein skifti við hann.

Mætti segist vera nokkuð viss um það, að Tryggvi Rúnar hafi rætt þessi mál við fleiri fanga á Litla-Hrauni, því sér hafi virtst, eins og þetta væri ekki mikið launungarmál hjá honum. Ekki kveðst mætti geta nefnt nein sérstök nöfn þeirra fanga, sem Tryggvi ræddi sérstaklega við aðra en, Halldór Fannar, eins og fyrr er getið.

Skýrslutöku lokið kl.11,00.

Gísli Guðmundsson
lögreglum.

Upplesið staðfest,

Páll R. Elíson

Páll Rúnar Elíson.

P.8.febr. 1977, kl.14,05, mætir sem vitni í málinu, Halldór Fannar Ellertsson, tilh. að, Snorraráraut 85, sími 16384, sjómaður að atvinnu, en ekki í skipsrúmi eins og er, f. 30.11. 1950 að, Tjaldanesi, Saurbæ Dalasýslu, nafnnr.3576-0016. Mætta er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslunnar. Honum er bent á vitnaskylduna.

Mætta minnir að það hafi verið í júlí- ágúst s.l. sumar, þegar hann var refsifangi á Litla-Hrauni, að hann heyrði Tryggva Rúnar Leifsson, vera að ræða um atburðinn, þegar Guðmundi Einarssyni var ráðinn bani. Mætti segir að frásögn hans af því, hafi verið mjög ruglingsleg og erfitt að henda reyður á hvað raunverulega gerðist.

Mætti segir að Tryggvi hafi mikið spurt þá að því, hvað skrifað hafi verið um þetta mál í blöðin og hann hafi

rætt frjálslega við þá um málið. Mætti heldur að Tryggvi hafi rætt um þetta mál, við flesta þá fanga sem hann þekkti þarna fyrir austan.

Mætti segist hafa heyrt það á Tryggva, að hann teldi sig vera saklausan í málinu og jafnvel að þarna væri um að ræða, samsæri gegn sér. Hann hafi t.d. haldið því fram, að flutningar á líki Guðmundar væri algjört rugl hvað hann sjálfan snerti. Það hafi helst verið á honum að skilja, að hér væri á ferðinni eitt alsherjar rugl. Mætti kveðst aldrei hafa heyrt Tryggva minnst á það, að hann vissi hvað gert hefði verið af líki Guðmundar.

Mætti kveðst muna eftir því, að Tryggvi sagði við hann, að hann óskaði þess heitast, að lík Guðmundar myndist, því þá væri hann sannfærður um það, að hann yrði hreins-
ður af þeim verknaði. Mætti segir að sér hafi helst skilist á Tryggva, að hann kendi Kristjáni Viðari Viðarssyni um það, að vera flæktur í málið.

Mætti minnst þess ekki, að hann hafi heyrt Tryggva Rúnar tala um að stúlkur hafi verið viðstaddar í sambandi við hvarfið á Guðmundi Einarssyni. Hann segist heldur ekki muna eftir því, að Tryggvi hafi talað um hús í Hafnarfirði í því sambandi.

Mætti heyrir nú skýrslu þá sem, Páll Rúnar Elíson, gaf hér á undan. Mætti segir skýrslu Páls vera helber ósannindi og /til heil brú í henni. Mætti man eftir því að ~~KAFAX~~ hafa verið inni í herbergi Páls Rúnars ásamt Tryggva, en þar hafi alls ekki verið rætt um þessi mál, eins og Páll segji frá.

Mætti segir frá því, að Páll Elíson, hafi verið mjög hræddur við Tryggva Rúnar og mætti þess vegna rætt við Tryggva og reynt að setta málin. Þá hafi Tryggvi sagt sér það, að Páll þyrfti ekki að vera neitt hræddur við sig, því hann myndi láta hann í friði. Mætti segir að eitthvað seinna hafi þeir Tryggvi og hann farið inn í herbergið til Páls og þeir rætt nokkra stund saman.

Ekki kveðst mætti skilja, hvers vegna Páll Elíson, hafi verið

að spinna þessa sögu upp, en segir að það komi sér ekki á óvart, þar sem hann hafi áður reynt hann að miklum óvöndugheitum. Ekki kveðst mætti hafa heyrt Pál minnst á það, að setið hafi verið fyrir honum suður í Keflavík og kveðst mætti ekki gera mikið úr sannleiksgildi þeirrar sögu.

Mætti segist kannast við Kristján Viðar Viðarsson, en ekki verið með honum og heldur fundist stafa beygur frá honum. Mætti segist ekki þekkja, Sævar Ciesielski, en sig rámi þó í að hafa einhverntíma séð hann. Ekki kveðst mætti þekkja Albert Klahn Skaftason. Mætti kveðst ekki hafa þekkt Guðmund Einarsson.

Skýrslutöku lokið kl.15,05.

Ósli Guðmundsson
Ósli Guðmundsson
lögreglum.

Upplesið staðfest,
Halldór Fannar Ellertsson
Halldór Fannar Ellertsson.

Þ.8.febr.1977.

Eftir að sakadómarnir þrír fengu þetta mál til meðferðar, hafa nokkrar skýrslur komið fram, sem snerta rannsókn málsins. Þar á með skýrsla sem ber yfirskriftina, Rannsóknarnefndin Reykjavík og er skrifuð í Vestmannaeyjum þ.26.nóv.1976. Skýrsla þessi er höfð eftir, Leifi Vilhjálmsyni og skráð af, Sigurbirni Víði Eggertssyni, lögreglum.

Leifur gerir þarna grein fyrir heimsókn sinni að Grettisgötu 82, ásamt unnustu sinni, Ingibjörgu Sigurðardóttur og Hreini Vilhjálmsyni bróður sínum. Þá hafi verið þar staddir, Kristján V.Viðarsson, Tryggvi Rúnar Leifsson, Albert Klahn og Sævar Ciesielski.

Samkv. framburði Leifs, hefur hópurinn ætlað að fara í samkomuhúsið Klúbbinn, en enginn fengið þar inngöngu nema, Sævar. Hitt fólkið hefði farið að, Sólheimum 27 til, Daníels Halldórssonar og Elínar Elíadóttur, en ekki verið hleypt

þar inn. Hann heldur því fram að lögreglan hafi komið þangað skömmu seinna og þeir þá forðað sér í burtu.

Spurst hefur verið fyrir um þetta útkall hjá lög-
reglunni hér í borginni, en þar er ekki skráð útkall
að, Sólheimum 27, að kvöldi 27. jan.1974 eða aðfaranótt
þess 28. Ekki er óhugsandi, að lögreglan hafi átt þarna
leið um í öðrum erindagjörðum.

Gisli Guðmundsson
Gisli Guðmundsson
lögreglum.

Þ.9.2.1977, kl.10,20,mætir aftur í málimu, Páll Rúnar
Elíson og er honum kynntur framburður, Halldórs Fannar
Ellertssonar hér í gær. Mætta er enn bent á vitnaskylduna.

Mætti segir að þetta sé ekki rétt hjá Halldóri og heldur
fast við það sem hann sagði í fyrri skýrslu sinni í gær-
morgun. Mætti kveðst alveg muna eftir því, að Tryggvi
Rúnar hafi rakið nokkuð atburðarrásina í sambandi við
Guðmund Einarsson, en mætti segir að það sé rétt hjá
Halldóri Fannar, að framburður Tryggva Rúnars, hafi verið
ruglingslegur á köflum.

Mætti minnst þess ekki að hafa heyrt Tryggva Rúnar ræða
þetta mál við aðra þarna fyrir austan, en vel geti verið
að hann hafi gert það fyrir því. Mætti kveðst vera reyðu-
búinn að standa við fyrri framburð sinn, hvar og hvenær sem
er.

Upplesið staðfest

Páll Rúnar Elíson

Páll Rúnar Elíson.

Gisli Guðmundsson
Gisli Guðmundsson
lögreglum.

Þ.9.febr.1977.

Skrifstofa bifreiðarstöðvar Hreyfils, hefur tekið saman keyrslu, Viggós Guðmundssonar, leigubifreiðarstj. dagana, 26. og 27. janúar, 1974, sem bókaðir hafa verið í afgreiðslu stöðvarinnar. Viggó hafði afgreiðslunúmerið 729 og keyrði í forföllum föður síns, Guðmundar Hallmundssonar, Grensásvegi 60.

Í fyrstu var talið að Viggó hafi verið pantaður nokkrum sinnum að Starfsmannahúsi Kópavogshælis og á Grettisgötu 82, en þegar grant er skoðað, þá hefur hann ekki verið sendur á þessa staði á áðurgreindum tíma. Samkv. skrá stöðvarinnar, þá hefur Viggó verið í keyrslu báða þessa daga. Skráin yfir akstur Viggós, lítur þannig út.

Laugardagur 26.jan.1974:

Kl. 02,45,	sendur að	Fellsmúla 11.
" 04,00,	" "	Háteigsvegur 26.
" 20,15	" "	Bólstaðarhlíð 50.
" 20,30	" "	Sólheimar 25.
" 20,40	" "	Skeiðarvogur 65
" 21,10	" "	Ljósaland 14
" 21,30	" "	Dunhaga 18
"		

Sunnudagur 27. jan.1974:

Kl. 03,50	sendur að,	Meistaravöllum 31
" 04,10	" "	Réttarbakki 17
" 05,00	" "	Giljalandi 9 (plattúr)
" 19,45	" "	Landssíminn, Barónsstíg
" 20,35	" "	Grensásvegur 5
" 21,25	" "	Írabakki 8

Mañudagur 28. jan.1974:

Kl. 01,50	sendur að,	Landsspítala, Eiríksgötumegin.
-----------	------------	--------------------------------

Gísli Guðmundsson
Gísli Guðmundsson
lögreglum.

Þ.9.febr.1977.

Skrifstofa bifreiðastöðvar Hreyfils hefur tekið saman skrá yfir bókaða túra, að starfsmannahúsi Kópavogshælis, Kópavogshæli og Grettisgötu 82, dagana 26-27. janúar,1974. Skráin lítur þannig út.

Laugardagur 26. jan.1974:

Kl. 07,00	afgr.nr. 18,	Starfsmannahús Kópavogshælis
" 09,30	" " 165,	Kópavogshæli
" 09,50	" " 731,	Starfsmannahús Kópavogshælis
" 14,35	" " 38,	" "
" 18,30	" " 328,	" "
" 19,00	" " 71,	" "
" 20,40	" " 195,	" "

Sunnudagur 27. jan. 1974:

Kl. 07,00	afgr.nr. 125,	Grettisgata 82
" 1040	" " 101,	Starfsmannahús Kópavogshælis
" 13,00	" " 73,	" "
" 14,15	" " 189,	" " (plattúr)
" 16,00	" " 306,	" "
" 18,30	" " 297,	" "

Nauðsynlegt er að kalla alla þá bílstjóra fyrir, sem hér eiga hlut að máli og inna þáeftir hvort þeir muni eftir þessum túrum. Spyrja þá einnig um dagbækur/vasabækur, frá þessum tíma.

Gisli Guðmundsson
Gisli Guðmundsson
lögreglum.

Þ.10.febr. 1977, kl.10,00, mætir í málinu, Björn Sigurðsson, tilh. að, Sólheimum 44, sími 32103, leigubifreiðarstjóri á bifr. R.8533, afgreiðslunr. 165 á Hreyfli, f. 28.okt.1920 að Efstadal í Laugardal, Árn., nafnr. 1350-4725. Mætta er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslunnar. Bifreiðarstöðin Hreyfill upplýsir að mætti hafi verið sendur að Kópavogshæli, þ. 26.janúar 1974, kl.09,30. Mætti er inntur eftir því, hvort hann muni eftir þessum tús. Hann er áminntur um sannsögli.

Mætti kveðst ekki muna eftir þessu tilviki. Hann segist nokkurm sinnum hafa verið sendur í túra að, Kópavogshælinu en hefur ekkert sérstaklega um þá túra að segja. Mætti skoðar myndir af þeim mönnum sem viðurkennt hafa aðild sína að morði Guðmundar Einarssonar og kveðst hann ekki muna eftir því, að hafa keyrt þá frá Kópavogshælinu.

Mætti kveðst ekki kannast neitt sérstaklega við þessa menn öðruvísi en að hafa séð myndir af þeim í fjölmiðlum og kveðst ekki geta gefið neinar upplýsingar í sambandi við þá, sem að gagni mætti verða við rannsókn málsins. Mætti segist ekki eiga til dagbók yfir túra sína frá fyrrgreindum tíma.

Upplesið staðfest,

Björn Sigurðsson
Björn Guðmundsson.

Gísli Guðmundsson
Gísli Guðmundsson
lögreglum.

Þ.10.febr. 1977.

Í dag hafði undirritaður aftur samband við áðurgreindar leigubílsstöðvar í Hafnarfirði og innti forráðamenn þeirra eftir niðurstöðum þeirrar könnunar, er þeir voru beðnir um og áður er getið. Þeir sögðu báðir, að enginn bílstjóri kannaðist við að hafa ekið umræddum mönnum þ.26. eða 27. jan. 1974 og hefðu engar upplýsingar sem að gagni mættu verða við rannsókn málsins. Í dag voru myndirnar sóttar á bílastöðvarnar.

Gísli Guðmundsson
Gísli Guðmundsson
lögreglum.


Þ.10.2. 1977, kl.11,25, mætir í málinu, Jónas Sigurðsson, tilh. að, Garðsenda 4, sími 33581, leigubifreiðarstjóri á bifr. R.2558, afgreiðslunr. 73 á Hreyfli, f. 31.jan. 1912 að Grund á Langanesi, N. Þing. nafnr.5264-6146. Mætta er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslunnar. Á skrá frá Hreyfli kemur fram að mptti hafi verið sendur í túr að Starfsmannahúsi Kópavogshælis, þ.27.jan.1974, kl.13,00. Mætti er inntur eftir því, hvort hann muni eftir þessu tilviki. Hann er áminntur um sannsögli.


Mætti kveðst ekki geta munað neitt eftir þessu. Hann segir að margoft hafi komið fyrir, að hann hafi verið sendur þangað. Mætti skoðar myndir af þeim mönnum, sem viðmunkemt hafa aðild sína að morði, Guðmundar Einarsonar svo og af hinum myrta.

Mætti segir að eini maðurinn sem hann kannist við sé, Tryggvi Rúnar Leifsson, sem mætti kannast við að hafa nokkrum sinnum ekið. Mætti kveðst ekkert hafa um akstur með Tryggva að segja. Hann minnst þess ekki að nein vandræði hafi verið í sambandi við keyrslu með hann.

Mætti kveðst ekki eiga til dagbók frá fyrrgreindu tíma-bili, en telur að hugsanlegt sé, að hann eigi í fórum sínum vasabók, þar sem hver ökuferð, eða öllu heldur fjárhæð hveðrar ökuferðar sé skráð niður. Þar sé ekki skráð niður, hvert ekið hafi verið. Mætti kveðst n'ú muna eftir því, að í þeirri vasabók sem hann nefndi, sé ekki að finna skrá yfir hvern túr, heldur samanlagða fjárhæð yfir hvern dag. Þannig sé ekkert á þessari bók að græða í sambandi við þennan umrædda túr í Starfsmannahúsi Kópavogshælis.

Upplesið staðfest,


Jónas Sigurðsson.


Gisli Guðmundsson
lögreglum.

P.lo.2.1977, kl.14,00, mætir í málinu, Sigmundur Ágúst Sigfússon, tilh. að, Hófgerði 20, Kópavogi, 8. 42639, leigubifreiðarstjóri á bifr. Y.1878, stöðvarnr. 297 á Hreyfli, f. 30.8.1914 að, Egilsstaðakoti, Villinga-holtshr. Árn., nafmr. 0142- 0682. Mætta er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslunnar. Samkv. skrá Hreyfils, hefur hann verið sendur að starfsmannahúsi Kópavogshælis, þ.27. janúar 1974, kl.18,30. Mætti er inntur eftir því, hvort fhann muni eftir þeirri ferð. Mætti er áminntur um sannsögli.

Mætti kveðst ekki muna neitt eftir þessum túr. Hann segist nokkuð oft hafa farið í túr að þessu húsi, en kveðst ekki muna eftir neinu sérstöku tilviki í sambandi við þær ferðir.

Mætti skoðar nú myndir af mönnum þeim sem viðurkennt hafa að vera valdir að dauða, Guðmundar Einarssonar. Mætti kveðst ekki þekkja þessa menn og ekki minnst þess sérstaklega, að hafa ekið með þá.

Mætti kveðst ekki halda dagbók yfir túra sem hann tekur og ekki kveðst hann geta séð neitt um ferðir sínar á umræddum tíma, í bókhaldi sínu.

Gísli Guðmundsson
lögreglum.

Upplesið staðfest,
Ágúst Sigfússon
Sigmundur Ágúst Sigfússon.

P.lo.febr. 1977.

Ármann Kristinsson sakadómari hefur óskað eftir því að kannað væri hvenær þær, Jónína Ingibjörg Gísladóttir og Helga Gísladóttir, voru á vöktum í Kópavogshælinu, þ.26. og 27. jan. 1974. Í bréfi frá skrifstofu ríkisspítalanna dags. í dag, kemur fram að Jónína Ingibjörg var á vakt, frá kl.07,00 til 15,00 þ.26, og frá 12.00-20,00 þ.27. jan. Helga vann frá, kl.07,30-15,30 þ.26. og frá kl. 12,30- 20,30 þ. 27. janúar 1974.

Gísli Guðmundsson
lögreglum.

P.lo.2. 1977, kl.14,30, mætir í málinu, Roy Ófeigur Breiðfjörð, tilh. að, Vallhólma lo, Kópavogi, sími 40451, leigubifreiðarstjóri á bifr. Y.lo1, afgreiðslunr. lo1 á Hreyfli, f. 17.4.1924 í Rvík., nafnr. 7362-6404. Mætta er gerð grein fyrir itlefni yfirheyrslunnar. Samkv. skrá Hreyfils, hefur hann verið sendur að, starfsmannahúsi Kópavogshælis, þ.27. jan. 1974, kl.10,40. Mætti er inntur eftir því, hvort hann muni eitthvað eftir þessu tilviki. Hann er áminntur um sannsögli.

Mætti kveðst ekki muna eftir þessum einstaka túr. Hann segist oft hafa farið í túra að þessu húsi, en segist ekki muna eftir neinu sérstöku í því sambandi.

Mætti skoðar nú myndir af þeim mönnum sem viðurkennt hafa aðild sína að dauða Guðmundar Einarssonar. Hann segist ekki þekkja þá og minnst þess ekki sérstaklega, að hafa keyrt þá, að minnsta kosti hafi ekkert sérstaklega skeð í sambandi við þá.

Ekki kveðst mætti halda dagbók, en hann segist skrifa hjá sér fjárhæðina fyrir hvern túr. Í bókhald sitt skrifi hann heildarútkomuna yfir daginn, en hendi þá minnisblöðunum yfir túrana.

Ósli Guðmundsson
lögreglum.

Þoppleið staðfest,
Roy Ó. Breiðfjörð

P.10.febr. 1977, kl.15,20, mætir í málinu, Vilhjálmur Guðmundsson, tilh. að, Stigahlíð 46, sími 30496, leigubifreiðarstjóri á bifr. R.2345, stöðvarnr. 71 á Hreyfli, f.13.5.1913, ~~á~~ í Rvík. Nafnr. 9308-5272. Mætta er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslunnar. Samkv. skrá Hreyfils hefur mætti verið sendur í túr að starfsmannahúsi, Kópavogshælis, þ. 26. jan. 1974, kl.19,00. Hann er inntur eftir því, hvort hann muni eitthvað eftir þessari ferð. Mætti er áminntur um sannsögli.

Mætti kveðst ekki muna neitt eftir þessum ákveðna túr. Hann segir að mikið sé um það, að pantaðir séu bílar á þennan stað og hann margoft verið sendur þangað.

Mætta eru sýndar myndir af þeim mönnum sem viðurkennt hafa aðild sína að dauða, Guðmundar Einarssonar. Hann segist ekki kannast neitt við að hafa ekið þessum mönnum, að minnsta kosti hafi þá ekkert sérstakt skeð í sambandi við þá.

Dagbók kveðst mætti ekki halda. Hann kveðst keyra í sjóð, hvern dag fyrir sig, sem hann skrái í sitt bókhald. Þannig telur hann alveg útilokað að hann geti fundið út, eða munað sérstaklega eftir þessum umrædda túr, frekar en öðrum.

Gísli Guðmundsson
Lögreglum.

Upplesið staðfest,
Vilhjálmur Guðmundsson
Vilhjálmur Guðmundsson.

Sama dag hafði undirritaður tal af, Jónasi Kr.Jónasyni, tilhþ að, Bröttubrekku 7, Kópavogi, bifreiðarstjóra á bifr. Y.1940, afgreiðslunr. 195 á Hreyfli, f. 21.7.1926, nafnr. 5559-7161. Hann er nú í byggingarvinnu að, Myrkárbakka, í Eyjafirði og ekki væntanlegur suður á næstunni. Ræddi ég við hann í síma og innti hann eftir þeim túr, sem hann er skráður fyrir hjá Hreyfli, að starfsmannahúsi Kópavogshælis, þ. 26. jan.1974, kl.20,40.

Hann sagðist ekki muna eftir þessu sérstaka tilviki og taldi sig ekki geta orðið að neinu liði við rannsókn máls-

ins. Hann sagðist ekki hafa haldið neina dagbók og ekki hafa neitt við að styðjast, sem gæti komið að gagni við upprifjun á þessum tilgreinda tús.

Gisli Guðmundsson
Lögreglum.

P.10.febr. 1977, kl.16,45, mætir í málinu, Vigfús Vigfússon, tilh. að, Dunhaga 17, sími 17184, leigubifreiðastóri á bifreiðinni, R.414, stöðvarnúmer 38 á Hreyfli, f. 12.2.1914 að, Tungu í Nauteyrarhr. N.Ísafj. nafnr. 9223-1348. Mætta er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslunnar. Samkv. skrá skrifstofu Hreyfils, hefur mætti verið sendur í tús að starfsmannahúsi Kópavogshælis, þ. 26.jan. 1974, kl.14,35. Mætti er minntur eftir því, hvort hann geti munað eftir þessum tús. Mætti er áminntur um sannsögli.

Mætti segist ekki geta neitt munað eftir þessu tilvik. Hann kveðst oft hafa verið sendur í túra að þessu húsi en hann segist ekki muna eftir neinu sérstöku tilviki í því sambandi.

Mætti skoðar nú myndiraf þeim sem viðurkennt hafa aðild að dauða Guðmundar Einarssonar. Hann segir sig ráma í að hafa einhverntíma ekið, Tryggva Rúnari Leifssyni, en það sé ekki í sambandi við áðurgreindan tús að starfsmannahúsi Kópavogshælis.

Mætti kveðst ekki halda dagbók um akstur sinn og geti hann því ekki stuðst við neitt þannig, sem gæti komið að einhverju gagni við að rifja upp þennan einstaka tús.

Undirlesio staðfest,

Gisli Guðmundsson
Lögreglum.

Vigfús Vigfússon.

Vigfús Vigfússon

Þ.10.febr. 1977, kl.17,30, mætir í málinu, Sigurður Betúelsson, tilh. að, Langholtsvegi 156, leigubifreiðarstjóri á bifr. R.168, stöðvarnr. 328 á Hreyfli, f. 16.7. 1909, að Höfn í Hornvík, N.Ísafjarðarsýsla, nafnr. 7843-1148. Mætta er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslunnar. Samkv. skrá skrifstofu Hreyfils, hefur mætti verið sendur í túr að starfsmannahúsi Kópavogshælis, þ. 26. jan.1974, kl.18,30. Mætti er inntur eftir því, hvort hann muni eftir þessum tilgreinda túr. Hann er áminntur um saan-sögli.

Mætti kveðst ekkert muna eftir þessu tilvik. Hann segir að það hafi nokkrum sinnum skeð, að hann hafi verið sendur í túr, að þessu húsi, en hann ségir, sér sé ekki minnstætt neitt sérstakt atvik í því sambandi.

Mætta eru sýndar ljósmyndir af þeim mönnum sem viðurkennt hafa að vera valdir að dauða, Guðmundar Einarssonar. Mætti kveðst ekki kannast við þessa menn og man ekki sérstaklega eftir að hafa keyrt þá.

Mætti kveðst ekki halda dagbók yfir sína keyrslu, sem gæti komið að neinu gagni við upprifjun á þessum einstaka túr, sem hann hefur verið inntur eftir hér.

Gísli Guðmundsson
 lögreglum.

Upplesið staðfest,
Sigurður Betúelsson
 Sigurður Betúelsson.

Þ.11.febr. 1977, kl.09,25, mætir í málinu, Filippus Þorvarðsson, tilh. að, Lindargötu 63, sími á vinnustað, 85522, leigubifreiðarstjóri á bifr. R.843, afgreiðslunr. 18 á Hreyfli, f. 26.10.1919 að, Vindási á Rángárvöllum, nafmr. 2315-0158. Mætta er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslunnar. Samkvæmt skrá Hreyfils, hefur mætti verið sendur í túr að starfsmannahúsi Kópavogshælis, þ.26.jan.1974, kl.07,00. Mætti er inntur eftir því, hvort hann muni eftir þessum túr. Mætti er áminntur um samsögli.

Mætti kveðst ekki muna eftir þessu tilvik, en hann segist margoft hafa verið sendur í túr að þessu húsi.

Hann kveðst ekki muna eftir neinu sérstöku atriði í sambandi við keyrslu að eða frá starfsmannahúsinu, sem eitthvað væri hægt að tengja þeim atburði, sem þetta mál fjallar um.

Mætti skoðar myndir af þeim mönnum sem viðurkennt hafa aðild sína að dauða Guðmundar Einarssonar. Hann segist ekki kannast við þessa menn og man ekki sérstaklega eftir að hafa keyrt með þá.

Mætti kveðst ekki halda dagbók, sem gæti orðið honum að liði við að finna út þennan einstaka túr.

Gísli Guðmundsson
Lögreglum.

Upplesið staðfest,
Filippus Þorvarðsson
Filippus Þorvarðsson.

Þ.11.febr. 1977, kl.11,20, mætir í málinu, Þórður Guðmundsson, tilh. að, Kársnesbraut 33, sími 40674, leigubifreiðarstjóri á bifr. Y.221, stöðvarnúmer 221 á Hreyfli var áður, 306, f. 31.8.1917, í Ólafsvík, nafnr.9512-8769. Mætta er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslunnar. Samkv. skrá frá skrifstofu Hreyfils, hefur mætti verið sendur í túr að starfsmannahúsi Kópavogshælis þ.27.jan.1974, kl.16,00. Mætti er inntur eftir því, hvort hann muni eftir þessum túr. Mætti er áminntur um samstögli.

Mætti kveðst ekki muna eftir þessum ákveðna túr umræddan dag. Hann segist margoft hafa keyrt fólk, að og frá þessu húsi, en kveðst ekki muna eftir neinu sérstöku, sem hægt væri að setja í samband við þetta einstaka tilfelli.

Mætti skoðar myndir af þeim mönnum sem viðurkennt hafa aðild sína að dauða Guðmundar Einarssonar. Hann kveðst ekki þekkja meina og minnst þess ekki sérstaklega að hafa keyrt þá.

Mætti kveðst ekki halda dagbók yfir keyrslu sína og geti hann því ekki stuðst við neitt, sem gæti minnt hann á þann túr, sem hér er spurt um.

Gísli Guðmundsson
Lögreglum.

Þórður Guðmundsson
Upplesið staðfest,
Þórður Guðmundsson.


Sunnudaginn 13.febr. 1977, kl.13,00, mætir aftur í málinu, Lárus Kristján Pétursson, deildarstjóri og er honum kynntur framburður, Snorra Sigurjónssonar lögregluþjóns, þar sem hann gæinir frá því, að hann hafi farið til móts við mætta suður í Hafnarfjörð, þ.4. febr. 1974, þegar Sævar Ciesielski var handtekinn. Mætti er áminntur um sannsögli.


Mætti kveðst ekki muna sérstaklega eftir því, að hafa hringt í fíkniefnadeildina, en telur þó hugsanlega að svo geti hafa verið, þar sem hann muni mjög ógreinilega flutning sinn á Sævari, frá Hamarbraut 11 til Reykjavíkur. Mætti kveðst geta fullyrt það, að engin átök hafi orðið á milli sín og Sævars, við þessa handtöku.

Aðspurur kveðst mætti ekki muna eftir neinu sérstöku, sem gæti komið að gagni við rannsókn þessa máls.

Skr. 60-61. - 75-76
- - 1 Göt III

Upplesið staðfest,


Kristján Pétursson.

Gísli Guðmundsson

Lögreglum.

Þ.17.febr. 1977, kl.11,30, mætir aftur í málinu, Alfreð Hilmarsson og er hann inntur eftir því, hvort eitthvað fleira hafi rifjast upp hjá honum, eftir að hann gaf skýrslu sína í málinu, þ. 30. jan. s.l. Einnig er mætta gerð grein fyrir því að, Ingibjörg Sigurðardóttir, eiginkona Leifs Vilhjálmssonar, greini frá því í viðtali við Sigurbjörn Víði Eggertsson, í Vestmannaeyjum þ.26. nóv. s.l., að hún muni eftir manni heima hjá Kristjáni Viðar, sennilega sunnudagskvöldið 27, jan.1974 og eftir lýsingunni á honum, geti hún átt við mætta. Mætti er minntur á vitnaskylduna.

Mætti kveðst ekki hafa bætt neinu við minni sitt í sambandi við þetta mál og ekki muna eftir neinu atriði sem að gagni mætti verða við rannsókn þess. Um það kvöld sem Ingibjörg gæini frá hefur mætti það að segja, að hann geti ekki munað sérstaklega eftir þessu, en vilji alls ekki fullyrða, að þetta

geti ekki verið rétt og lýsing hennar á þeim manni sem þarna á að hafa verið, gæti eins átt við sig. Mætti kveðst kannast við pilt að nafni, Ingi Rafn Bæringsson og telur að þessi lýsing gæti líka átt við hann. Mætti kveðst vita til þess, að hann hafi komið heim til Kristjáns Viðars, að Grettingötu 82, á þessu tímabili.

Mætti kveðst ekki muna eftir neinum sérstökum leigubílsstjórum sem ekið hafi Kristjáni Viðar, Sævari Ciesielski og þeirra félagum, en eins og hann greindi frá í áður nefndum framburði sínum, þá muni hann eftir að hafa séð, Vigg'ó Guðmundsson heima hjá Kristjáni. Meira kveðst hann ekki hafa um það að segja.

Gísli Guðmundsson
lögreglum.

Upplesið staðfest,
Alfred Hilmarsson.
Alfred Hilmarsson.

Þ.17.2.1977, kl.13,30, mætir í málinu, Grétar Jóhannes Sigvaldason, tilh. að, D.gata 5, Blesugróf, sími 36267, nemi í matreiðslu, f. 1.3.1955 í Rvík., nafnr. 2747-0793. Mætta er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslunnar, sem er það, að hann var góður vinur, Guðmundar Einarssonar og er inntur eftir upplýsingum um hann á meðan þeir voru félagar. Mætta er gerð grein fyrir vitnaskyldunni.

Mætti kveðst hafa þekkt Guðmund Einarsson fyrst þegar hann var um 8 ára að aldri og þeir verið mikið saman, en orðið mjög góðir kunningjar um 13 ára gamlir. Eftir það hafi þeir verið mjög mikið saman, og verið mikill samgangur á milli þeirra. Hann sgir að þeir hafi skemmt sér mjög mikið saman.

Mætti segir að mjög gott hafi verið að vera með Guðmundi, hann hafi verið traustur vinur. Hann segir að þeir hafi báðir farið að smakka áfengi fyrst um 15 ára að aldri og eftir það hafi þeir bragðað áfengi af og til, er þeir voru að skemmta sér, en hann telur að áfengisnotkun hafi verið í hófi.

Mætti kveðst allfremi hafa orðið var við annað en að samband Guðmundar við kvenfólk, væri eðlilegt og all-drei orðið var við neina kynvillu, eða neitt þess háttar í hans fari. Mætti kveðst hafa verið að vinna það ör-lagaríka kvöld, sem Guðmundur fór í Alþýðuhúsið í Hafnar-firði ásamt fleiri krökkum. Mætti kveðst alldrei hafa farið á ball þangað og segist hann ekki vita til að Guðmundur hafi farið þangað á ball áður. Mætti segir þó hugsanlegt að Guðmundur kunni að hafa áður farið þangað á ball.

Mætti kveðst kannast við, Sævar Ciesielski, Kristján Viðar Viðarsson og lítilháttar við Albert Klahn Skaftason. Hann segist ekki þekkja. Tryggva Rúnar Leifsson. Mætti kveðst þekkja Sævar frá því að þeir voru saman í barnaskóla í Austurbæjarskólanum og svo hafi einnig verið með Kristján Viðar.

Mætti segir að kynni sín af þessum piltum hafi ekki verið góð, báðir hafi þeir verið erfiðir í umgengni og sér hafi komið Sævar þannig fyrir, að hann gæti tæpast talist heill á geðsmunum. Mætti segir að Kristján og Guðmundur Einarsson hafi verið saman í bekk og kveðst hann vita til þess, að Kristján hafi stundum komið í heimsókn til Guðmundar ím í Blesugróf. Þetta segir mætti að eigi aðeins við það, er þeir voru saman í barnaskóla. Mætti kveðst ekki minnst þess að Kristján kæmi í heimsókn til Guðmundar, eftir að þeir hættu í barnaskólanum.

Mætti kveðst ekki hafa orðið var við að Guðmundur skrifaði dagbók, eða yfirleitt að hann skrifaði um nein skrifstök atvik sem gerðust.

Mætti segir að Guðmundur hafi alls ekki verið árásarhneigður, en hann hafi verið vel sterkur og yfirleitt ekki látið sinn hlut fyrr en í fulla hnefana, ef einhver vildi reyna kraftana við hann. Mætti segir að hann hafi alltaf verið mjög rólegur, en mætti kveðst muna eftir því að hann hafi lent í einhverjum átökum, en það hafi þá verið þannig, að einhver fór að skifta sér af honum. Ekki kveðst mætti hafa

orðið var við að Guðmundur lenti í neinum illindum við þá menn, sem viðurkennt hafa aðild sína að dauða hans.

Mætti kveðst hafa tekið þátt í leitinni að Guðmundi Einarssyni, en fyrst hafi verið byrjað að leita að honum, þriðjudaginn 29.jan.1974. Hann segir að erfitt hafi verið að leita vegna þess að snjór var á jörðu.

Mætti fullyrðir það, að Guðmundur og hann sjálfur hafi ekki neytt fíkniefna og allrei verið í sambandi við neina þá aðila, sem höfðu slíkt undir höndum. Hann kveðst allrei hafa verið beðinn um að útvega eða selja fíkniefni og ekki vita til þess að Guðmundur hafi verið beðinn um það heldur.

Skýrslutöku lokið kl.14,45.

Upplesið staðfest,
Eisli Guðmundsson
Eisli Guðmundsson
lögreglum.
Grétar J. Sigvaldason
Grétar J. Sigvaldason.

Þ.17.febr. 1977.

Í dag fór ég undirritaður ásamt, Hellert Jóhannessyni að Grettisgötu 82 og ræddum þar við, Ingigríði Finnsdóttur, ömmu Kristjáns Viðars Viðarssonar, f. 25.1.1906. Inntum við hana eftir því, hvort hún myndi eftir því að hafa farið í Fossvogskirkjugarö s.l. sumar í fylgd með þeim, Kristjáni Viðari og Svvari Ciesielski.

Ekki sagðist Ingigríður muna eftir þessu. Hún sagðist oft fara í kirkjugarönn, því þar væri mikið af hennar skyldfólki jarðsett.

Þá var hún innt eftir því, hvort hún kannaðist við U lagað járn, sem Kristján hefur borið, að hann hafi óvart slegið í höfuð manns, sem var staddur heima hjá honum í ágúst 1974. Ekki kannaðist hún við að hafa séð þetta járn, en hafi það

einhverntíma verið þar innan dyra, þá væri svo ekki lengur. Sagðist mín ekkert vita hvað af því hefði orðið. Ingiríður sagði að Kristján ætti ekkert dót lengur hjá henni, því það hefði allt verið sent til hans, austur að Litla- Hrauni, þegar hann var sendur þangað á s.l. ári.

Óslí Guðmundsson
Óslí Guðmundsson
lögglum.

Þ.19.febr. 1977, kl.13,00, mætir aftur í málinu, Viggó Guðmundsson, fyrrverandi leigubílstjóri og er honum bent á, að upplýsingar um ferðir hans, samkv. upplýsingum skrifstofu Hreyfils, hafi ekki verið réttar. Hann var ekki skráður fyrir þeim túrum sem í fyrstu var haldið, að starfsmannahúsi Kópavogshælis, né heldur að Grettisgötu 82, að morgni þ. 27.1.1974. Er mætti beðinn velvirðingar á þessum mistökum.

Hins vegar er mætta bent á það, að samkv. skrá Hreyfils, þá tekur hann síðasta túr kl. 21.10, laugardagskvöldið 26. jan. 1974, en síðan er hann ekki skráður í neinn túr, fyrr en kl. 03,50 aðfaranótt sunnudagsins 27.jan.1974. Mætti er inntur eftir því, hvers vegna þessi eyða komi í hans keyrslu og hvort hann geti gefið skýringar á því. Mætta er bent á vitnaskylduna.

Mætti kveðst ekki muna sérstaklega eftir þessu, en telur þessa eyðu í keyrslunni eiga sér eðlilegar orsakir. Hann segir að vel geti hugsast að hann hafi farið heim til sín og horft á sjónvarpið og síðan tekið túra fyrir utan samkomuhúsin og eftilvill líka af götunni og ekki svarað köllum afgreiðslu stöðvarinnar, fyrr en fólki fór að fækka á götunni.

Mætti er inntur eftir því hvort hann muni eftir að hafa keyrt Kristján Viðar, Sævar Síesielski, ásamt fleria fólki frá, Grettisgötu 82 að samkomuhúsinu, Klúbbnum og síðar að Sólheimum 27, sunnudagskvöldið 27.1.1974. Þetta kveðst mætti ekki muna eftir að hafa gert, en segist ekki vilja fortaka það.

Ítrekað aðspurður kveðst mætti ekki geta munað eftir neinu því atviki í sambandi við þetta fólk, sem gæti komið að neinu gagni við rannsókn á morði Guðmundar Einarssonar. Aðspurður kveðst mætti ekki muna eftir því að hafa ekið þeim, Kristjáni Viðar, Tryggva Rúnari og Sævari Ciesielski, heiman frá, Grettisgötu 82 og suður í Hafnarfjörð með viðkomu í starfsmannahúsi Kópavogshælis, þar sem Sævar á að hafa orðið eftir. Þetta kveðst mætti ómögulega geta munað, en kveðst ekki vilja for- taka það.

Gísli Guðmundsson
~~Gísli Guðmundsson~~
 lögreglum.

Upplesið staðfest,
~~Viggó Guðmundsson~~
 Viggó Guðmundsson.

Þ.19.febr. 1977.

Í dag fór undirritaður heim til foreldra, Tryggva Rúnars Leifssonar, að, Selásbletti 14 og innti þau eftir því, hvort verið gæti að, Tryggvi hefði skrifað eitthvað hjá sér í vasa- bók, eða dagbók, frá þeim tíma, sem Guðmundur Einarsson hvarf.

Þau hjónin sögðu að það væri alls ekki og væri alveg víst, að hann hefði ekki haldið neina dagbók, hvorki frá þeim tíma eða öðrum. Þau töldu líka fráleitt að nokkuð þýddi að leita í herbergi því, sem hann var í áður en hann var tekinn og settur í gæsluvarðhald fyrir rúmu ári síðan, því dót hans væri þar ekki lengur og væri raunverulega ekki til á neinum vísnum stað, neitt af hans dóti, nema það sem fylgdi honum og væri í fangelsinu í Síðumúla.

Gísli Guðmundsson
~~Gísli Guðmundsson~~
 lögreglum.

Þ.20.febr. 1977. kl.13.00 mætir í málinu, Erla Bolladóttir,
nú tilh. að Hörpugötu 13, vinnur nú hjá Bæjarútgerð Rvíkur.
f. 19.7.1955 í Rvík. nafnr. 2147-0929. Mætta er innt eftir
nokkrum atriðum í sambandi við rannsóknina á morði Guðmundar
Einarssonar, ef það gæti varpað skýrara ljósi á atburðarrás-
ina. Mætta er áminnt um samsögli.

Mætta heldur því fram, að fyrri framburður sinn um þetta mál,
sé réttur og hafi hún ekki neinu við hann að bæta. Hún kveðst
reyðubúin til að svara öllum þeim spurningum sem lagðar séu
fyrir hana um einstök atriði málsins.

Aðspurð kveðst mætta ekki hafa þekkt Tryggva Rúnar Leifsson
áður, en hún kveðst hafa spéð hann eftir atburðinn á Hamars-
braut 11 og telur hún þar um sama mann að ræða. Hún kveðst
ekki muna eftir að hafa séð þarna inni nema 4 menn samtals,
þ.e. Sævar Ciesielski, Kristján Viðar Viðarsson, Tryggvi Rúnar
og sá sem var vafinn innaní lakið.

Mætta telur það vera nokkuð víst, að lakið hafi verið úr rúmi
hemmar. Hún segir það hafa verið hvítt, en einhverjar randir
hafi upphaflega verið í því, en orðnar mjög daufar notkun og
þvotti. Mætta kveðst ekki hafa séð mann þann sem var þakk-
aður inn í lakið og því ekki geta staðfest hver hann var. Hún
segir að sér hafi alldrei verið sagt frá því hver það var, fyrr
en við yfirheyrslur í Síðumúla.

Mættu minnir að ljós hafi verið í kjallaraífbúðinni, þegar hún
kom heim að hana minnir nál. kl. 03.00. Hún segist hafa skriðið
inn um glugga á þvottahúsinu, vegna þess að hún hafði ekki lykil.
Mættu minnir að ljós hafi aðeins verið í innra herberginu. Hún
segist vera alveg viss um að enginn maður hafi þá verið inni í
ífbúðinni, nema það hafi þá verið hinn látni, sem gæti þá hafa
verið í geymsluherberginu inn af þvottahúsinu. Mætta segir að
mjög lélegur dyrabúnaður hafi verið á milli geymslunnar og þvotta-
hússins. Hún telur að hurð hafi þar verið á hjörum, en yfirleitt
ekki verið lokað. Mætta kveðst vera nokkuð viss um, að hurðin
hafi ekki verið lokað á geymskunni, þegar hún kom þarna inn um
gluggann. Hún kveðst ekki hafa kveikt ljós inni í þvotta húsinu.

Mætta segist ekki hafa verið mikið ölvuð þetta kvöld. Hún kveðst
ekki muna eftir því, hvort hún hafi verið búin að neyta einhverra

fíkniefna. Hún kveðst nokkuð hafa gert að því að reykja
hass og tvisvar sinnum segist hún hafa tekið inn LSD. Hún
segir það hafa skeð í sept. og okt. 1973. Hún heldur að
þetta hafi ekki valdið sér skað, þar sem hér hafi verið um
litla skammta að ræða. Hún segist ekki muna lengur, hver
lét hana hafa þessi fíkniefni.

Mætta kveðst ekki muna eftir því, að kvenfólk hafi komið
að, Hamarsbraut 11 umrædda nótt, en tekur það fram, að hún
hafi orðið mjög miður sín eftir að henni varð ljóst, hvað
skeð hafði og muni þess vegna mjög illa alla atburðarrásina
á eftir.

Mætta kveðst ekki hafa orðið vör við að leigubíll væri pant-
aður að Hamarsbraut 11 þessa nótt. Hún heldur að þegar leigu-
bílar voru pantaðir þangað, þá hafi verið hringt í B:S:H:
Mætta kveðst allrei hafa orðið vör við að, Albert Klahn
Skaftason kæmi þar að húsinu umræddanótt, en hún segist
hafa orðið vitni að því, að líkið var borið út úr húsinu.
Hún segir að þeir þrír sem áður eru nefndir, hafi allir
hjálpast að við það. Hún segist ekki hafa séð bílinn sem
það var sett í.

Mætta kveðst ekki hafa fengið neina vitneskju um það, hvert
farið var með líkið af Guðmundi þarna á eftir og ekki segist
hún geta gefið neinar upplýsingar sem gætu komið að neimu
gagni við að finna það nú.

Ekki kveðst mætta muna eftir því, að mikill hávaði væri í
þeim þremmingum, er þeir voru að vefja lakinu utanum mann-
inn, né heldur þegar þeir voru að bera það út. Hún telur að
verknaðurinn hljóti að hafa verið búinn að ske, áður en hún
kom heim um nóttina. Hún segir húsið vera mjög hljóðbært
og alveg útilokað annað en hún hefði heyrt í þeim, ef átök
hefðu orðið á milli þeirra eftir að hún kom heim.

Mætta kveðst muna eftir því, að Kristján Viðar hafi verið
mikið ölvaður þegar hún kom að þeim við að ganga frá líkinu,
ekki hafi séð áfengisáhrif á Sævari, en hún treystir sér
ekki til að lýsa ástandi Tryggva Rúnars, þar sem hún hafi
ekki þekkt hann fyrir.

Ekki kveðst mætta hafa séð neinn hníf eða annað eggvopn í

fórum Kristjáns eða hinna, en hún segist stundum hafa séð Kristján með hníf hangandi við belti sitt. Hún segist líka muna eftir því að hafa séð heima hjá honum, stóra hnífa hangandi þar uppi á vegg.

Mætta kveðst ekki muna eftir að blóð væri inni í íbúðinni eftir þennan atburð. Hana minnir að hún hafi séð lakið úr rúmi þeirra úti í ruslatunnunni fyrir utan húsið. Hún segist hafa látið lakið vera í tunnunni og ekki séð það eftir það.

Mætta minnst þess, að Sævar hafi komið heim að Hamarsbraut 11, sunnudagskvöldið eftir að atburðurinn skeði. Þá hafi keyrt hann, Viggó Guðmundsson, en hann hafi beðið úti í bílnum. Sævar hafi haft í hyggju að fara austur að Gljúfurholti, en hætt við það og látið Viggó fara. Mætta segir að Viggó hafi keyrt mikið fyrir Sævar um þetta leyti.

Mætta kveðst alldreif hafa orðið vör við veski eða armbandsúr Guðmundar Einarssonar. Hún telur víst, að ekkert hafi orðið eftir þar í húsinu, sem gæti hafa tilheyrt honum.

Mætta segist ekki vita um það, hver gæti hafa hringt til Elinborgar Rafnsdóttur og spurt um mann þann sem sést hefði með Guðmundi Einarssyni á Strandgötunni í Hafnarfirði.

Ekki kveðst mætta hafa orðið vör við neinn hnapp, eða tekið eftir því hvort hnappur hefði slitnað af einhverri flík, Kristjáns eða einhvers hinna. Hún geti ekkert um það sagt. Hún segist heldur ekki geta neitt um það sagt, hvar byssustingurinn eða það eggvopnsem unni hafi verið á Guðmundi með, hafi verið sett eða dhvar það geti verið nú.

Mætta segist hafa flutt heim til föður síns að Hamarsbraut 11 í nóv. 1973 og Sævar Ciesielski búið þar hjá henni af og til. Hún segist ekki hafa átt margar vinkomur á þessu tímabili, því Sævar hafi heldur sett sig á móti því. Hún segist þó hafa átt góðan kunningsskap við, Sigríði Guðjónsdóttur, í Blindraheimilinu við Hamrahlíð, en hún sé gift húsverðinum, Birgi Andrésyni. Hún segist hafa komið heim til hennar, þegar hún frétti að búið var að handtaka Sævar vegna fíkniefnamáls sem hann lenti í.

Mætta segir að enginn annar en Kristján Pétursson, deildarstjóri hjá ~~Tö~~llinum á Keflavíkurflugvelli, hafi leitað í íbúð þeirra að Hamarsbraut 11, þegar Sævar var handtekinn. Hún segist ekki vita til þess, að Kristján hafi lagt hald á eitt eða neitt annað en Sævar sjálfan. Hún kveðst ekki hafa verið heima þegar það gerðist.

Mætta kveðst aðspurð aðeins hafa kannast við, Guðmund Einarsson áður, en hún segist ekki vita til þess, að hann hafi áður komið heim til þeirra að Hamarsbraut 11. Hún kveðst ekki vita til þess að hann og Sævar hafi haft nein samskipti hvor við annan. Hún kveðst alldrei hafa heyrt Sævar minnst á Guðmund Einarsson, hvorki fyrr eða síðar. Hún segir að alldrei hafi verið rætt um hvarfið á honum, þegar fjölmiðlar sögðu frá því.

Skýrslutöku lokið kl.15,05.

Vottur,
Hellert Johannesson
Hellert Johannesson.

Upplesið staðfest,
Erla Bolladóttir
Erla Bolladóttir.

Gísli Guðmundsson
Gísli Guðmundsson
lögreglum.

P.20.febr. 1977.

Í dag fór ég undirritaður að, Hraunprýði í Blesugróf og ræddi þar við, Einar Baldursson föður Guðmundar Einarssonar. Innti ég hann eftir því, hvort Guðmundur kynni að hafa haldið dagbók, eða skrifað eitthvað hjá sér í vasabók, sem gæti komið að einhverju gagni við rannsókn málsins, og þeða sýndi einhver líkindi þess að hann hefði áður haft einhver samskipti við þá menn sem viðurkennt hafa aðild sína að dauða hans.

Einar sagðist geta fullyrt það, að Guðmundur hefði ekki haldið neina slíka dagbók og ekki hefði hann fundið neitt það í dóti hans, sem hægt væri að hafa nokkurt gagn af við frekari rannsókn málsins. Hann sagði að lögreglumenn hefðu ekki áður óskað eftir því, að leitað væri í dóti Guðmundar

og raunar taldi hann að það hefði haft litla þýðingu. Sjálfur sagðist hann hafa gert það sem í hans valdi stóð, til að finna einhverja þá punkta, er gætu komið þarna að einhverju gagni og alldrei orðið neins vísari.

Gisli Guðmundsson
Gisli Guðmundsson
lögreglum.

Þ.21.febr. 1977 kl.11,00 mætir í málinu sem vitni Sigurður Stefán Almarsson tilh. að, Kaafavogi 33, sími ~~328~~ 34282, verkamaður, f. 30.8.1956 í Hafnarfirði. nafnr. 7834-7252. Mætta er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslunnar, sem er það að hann þekkir, Tryggva Rúnar Leifsson og Kristján Viðar Viðarsson. Mætta er bent á vitnaskylduna.

Mætti segist ekki geta gefið neinar upplýsingar í sambandi við umrædda tvo menn sem skýrir að nokkru leyti aðild þeirra að morðinu á Guðmundi Einarssyni. Mætti segist ekki hafa þekkt Guðmund Einarsson.

Mætti kveðst hafa kynnst Kristjáni, þegar þeir voru saman á Litla Hrauni sennilega á árinu 1975, en Tryggva Rúnari segist hann hafa þekkt eitthvað áður. Ekki kveðst mætti muna eftir því, hvenær hann kynntist honum fyrst.

Mætti kveðst hafa verið hér í Reykjavík, þegar Guðmundur Einarsson hvarf í janúar 1974. Hann segist þá hafa verið að vinna í fiskbúðinni í Vogaveri. Mætti segist hafa þekkt þá, Tryggva Rúnar Leifsson og stundum lent með honum á fylliríi.

Mætti telur sig muna eftir því, hvar hann var um helgina, þegar Guðmundur hvarf. Hann segist þá hafa verið að skemmta sér með kunningja sínum, sem heiti Garðar Eyþórsson og átti þá heima í Njörvasundi 40. Þetta segist mætti muna vegna þess, að Garðar hafi verið í skóla með Guðmundi Einarssyni og þeir hafi rætt um hann daginn sem verið var að leita að honum.

Mætti minnst þess, að eitthvað hafi verið rætt um það, að

Guðmundur hefði fallið niðurí sprungu í hrauni nál. Hafnarfirði, því vitað var að hann hafði verið þar á skemmtistað. Garðar hefði talið hetta heldur ótrúlegt, því hann hefði verið vel hraustur náungi.

Mætti er imtur eftir því, af sínum kynnum af, Kristjáni Viðari og Tryggva Rúnari, hvort hann telji þessa menn líklega til að hafa framið þann verknað sem þeir hafa sjálfir viðurkennt.

Mætti gefur Kristjáni Viðari, slæmt orð, segist hafa reynt hann að því að vera mikill hrotti og ekki hika við að lemja menn til óbóta. Sjálfur kveðst hann hafa reynslu af því.

Mætti hefur aðra sögu að segja af Tryggva Rúnari Leifssyni. Hann segist ekki geta trúað því, að hann hafi tekið þátt í þessum verknaði og allt eins víst, að hitt fólk hafi lögð þessu upp á hann. Mætti kveðst raunar hafa stundum orðið þess var, að Tryggvi Rúnar lenti í slagsmálum, en það hafi yfirleitt ekki verið við þá sem hann var að skemmta sér með.

Mætti kveðst ekki muna betur, en að Tryggvi Rúnar hafi þá búið með stúlku að Krummahólum 2 og minnir að hún hétu Hulda. Hann heldur að hún eigi nú heima á Grettisgötu, en veit ekki númerið á húsinu.

Mætti kveðst ekki þekkja Sævar Ciesielski, en minnst þess þó að hafa einu sinni séð hann. Hann kveðst heldur ekki þekkja Albert Klahn og minnst þess ekki að hafa nokkru sinni séð hann. Annað kveðst mætti ekki hafa um þetta mál að segja.

Skýrslutöku lokið kl. 11,50.

Elisli Guðmundsson
Elisli Guðmundsson
lögreglum.

Upplesið staðfest,
Sigurður Stefán Almarsson
Sigurður Stefán Almarsson.

D.22.2.1977, kl.16.30, mætir í málinu Albert Klahn
Skafason tilh. að Laugavegi 46 a, sími 24113, iðn-
nemi f. 16.2.1955 í Rvík. nafnr. 0190-7182. Mætta
er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslunnar., Hann er
beðinn að gera mánari grein fyrir nokkrum atriðum sem
snerta málið, ef hann tröysti sér til. Mætti er áminntur
um sannsgöli.

Mætti kveðst ekki muna eftir neinu sérstöku atriði í sambandi við málið, sem hann gæti skýrt nánar. Hann kveðst þó muna nú eftir einu atriði, sem hann hafi ekki minnst á áður. Hann segir að þegar búið var að losa sig við líkið í hrauninu og þeir voru að leggja af stað til baka, þá hafi hann ekki vitað fyrr til, en Tryggvi Rúnar hafi tekið sig hálstaki aftanfrá, þar sem mætti sat undir stýri og var kominn á ferð, en Tryggvi Rúnar setið afturí.

Mætti segir að Tryggvi Rúnar hafi ekki gefið neina skýringu á þessu háttalagi sínu, en þegar Stjáni skipaði honum að sleppa takinu, þá hafi hann geert það. Mætti segir að Tryggvi hafi tekið hálstakið þannig, að hann hafi sett handlegginn fram fyrir hann og hert að þannig að haka mætta var í olnbogabót Tryggva Rúnars.

Mætti er beðinn að gefa lýsingu á ástandi þeirra félaga, er þeir komu út í bílinn til hans. Mætti segir að sér hafi virtst Tryggvi Rúnar vera langæstastur og engu líkara en hann væri eitthvað ruglaður, sér hafi virtst Sævar vera í jafnvægi en Kristján Viðar verið eins og hann væri í annarlegum áhrifum. Hann segir að annars sé mjög erfitt að sjá áhrif á Kristjáni.

Mætti kveðst ekki muna fyrir víst, hvernig hann ók bifreiðinni að Hamarsbraut 11. Hann segist áður hafa sagt frá því að hann hafi bakkað að húsinu, en hann segist nú halda að það sé ekki rétt, líklega hafi hann ekið áfram að húsinu og stöðvað bílinn skammt frá útidyrnum. Hann man eftir því að hafa farið að útidyrum og hringt dyrabjöllu, eða bankað á útidyrahurðina og hafi Sævar komið til dyra.

Mætti kveðst hafa ætlað að ganga inn í húsið, en þá hafi

Sævar aftrað því og beðið sig um að bíða heldur úti í bíl. Mætti kveðst þá hafa farið út í bílinn, en minnst þess ekki að hafa innt hann eftir því, hvers vegna hann vildi ekki að hann kæmi inn. Ekki kveðst mætti hafa tekið eftir óeðlilegum viðbrögðum Sævars, öðrum en þetta að hann vildi ekki hlæypa honum inn.

Mætti kveðst nú hafa sest út í bílinn og man ekki hversu langan tíma hann beðið þar. Þá minnir f hann að Sævar hafi komið einn út fyrst, og beðið sig um að opna farangursgeymsluna á bílnum, en það var gert með handfangi undir mælaborðinu. Hann kveðst hafa verið þarna á bíl föður síns, Volkswagen árgerð 1957. Síðan hafi Sævar farið inn aftur og þeir svo komið þrír berandi með líkið á milli sín og verið vafið utanum það hvítur dúkur eða ljósleitt stikki.

Mætti segir að mennirnir hafi í fyrstu ætlað sér að setja þetta í farangursgeymsluna, en þegar ekki hafi verið hægt að loka henni, þá hafi verið horfið frá því og líkið lagt á gólfið í bílnum á bak við framsætin. Hann telur að líkið hafi verið sett í bílinn hægra megin. Mætti heldur að hann hafi ekki aðstoðað við þetta.

Mætti segist ekki hafa gert sér grein fyrir því, að þarna var um lík að ræða og kveðst ekki hafa heyrt þá félagana hafa orð á því. Mætti segir að þeir hafi fyrst haft orð á því við sig, er þeir voru að flytja líkið í kirkjugarðinn að þarna væri um lík að ræða. Hann segir að alldreif hafi verið nefnt hvaða lík þetta væri,

Mætti kveðst ekki hafa séð neitt annað fólk á Hamarsbraut 11 en, Tryggva Rúnar Leifsson, Kristján Viðar Viðarsson og Sævar Ciesielski og hafi þeir allir tekið þátt í að flytja líkið í hraunið. Mætti hefur áður lýst því, hvert hann telur að farið hafi verið með líkið og margoft reynt að benda lögreglumönnum á þann stað. Hann kveðst engu geta bætt við þá frásögn sína.

Mætti kveðst hafa þekkt alla áðurgreinda menn, áður en þessi atburður skeði, en þó kveðst hann hafa þekkt þeirra minnst,

Tryggva Rúnar Leifsson. Mætti giskar á að hann hafi fyrst kynnst Tryggva heima hjá, Kristjáni Viðari, líklega á árinu 1972. Hina tvo segist mætti hafa þekkt frá því þeir voru saman í barnaskóla.

Mætta minnir að Kristján Viðar hafi verið klæddur í hálf síðan mokkafrakka, en segist ómögulega geta munað klæðnað hans að öðru leyti. Hann segist ekki hafa tekið eftir því, hvort tölu vantaði á frakka Kristjáns og ekki kveðst hann hafa heyrt þá minnast á neina tölu.

Mætti minnst þess ekki að hann sæi blóðbletti á stikkinu sem var vafið utanum líkið og ekki hafa orðið var við neina blóðbletti eða aðra bletti í bílnum, eftir þessa flutninga. Hann segist ekki heldur hafa fundið neina óvenjulega lykt, hvorki saurlýkt eða aðra. Ekki kveðst mætti muna eftir því, að hafa séð neinn hníf eða eggvopn í fórum Kristjáns Viðars eða hinna.

Mætta eru nú sýndar myndir af byssusting þeim sem stolið var frá Bárði Ragnari Jónssyni og er hann inntur eftir því, hvort hann hafi séð slíkt vopn heima hjá Kristjáni, eða í fórum hans. Mætti kveðst vera alveg viss um að hafa séð nákvæmlega eins hlut heima hjá Kristjáni á Grettisgötu 82. Hann minnir að það hafi verið áður en umræddur atburður gerðist. Hann segir að Kristján hafi geymt byssustinginn uppi í skáp í stofu hjá móður sinni. Hann segist muna sérstaklega vel eftir þessu, því hann hafi sjálfur reynt að fala hann af honum.

Mætti segir að Kristján hafi ekki viljað láta sig hafa gripinn, en ekki hafi hann minnst á það, hvað hann hyggðist gera við hann. Mætti segir að Kristján hafi sagt sér frá því, að hafa stolið byssustingnum frá Bárði, sumari 1973. Mætti kveðst einnig hafa séð hjá Kristjáni voldugan hníf með hvítu skafti og heldur að Kristján hafi einnig komið með ham heim frá Kaupmannahöfn. Mætti kveðst ekki muna eftir að hafa séð Kristján með byssustinginn við belti sitt.

Ekki kveðst mætti muna eftir því að hafa fengið neina greiðslu fyrir þessa umræddu flutninga. Hann kveðst nokkrum sinnum hafa fengið hass í pípu hjá Sævari, segist hann hafa gert talsvert

að því að reykja hass. Mætti kveðst einnig hafa tekið mjög oft LSD, en þá yfirleitt í litlum skömmtum í einu, ca. 1/4 til 1/2 töflu í einu.

Mætti kveðst ekki muna, hvar hann var kvöldið áður en þessi atburður skeði. Hann minnir helst að hann hafi verið staddur heima hjá sér, þegar hann fékk boðin um að koma á Hamarsbraut 11, en hann segir að vel geti líka verið að hann hafi verið einhversstaðar annarsstaðar, þetta geti hann alls ekki munað.

Mætti kveðst ekki hafa þekkt, Guðmund Einarsson og ekki segist hann vita til þess, að hann hafi haft neitt samband áður við áðurgreinda þrjá banamenn hans.

Ekki kveðst mætti treysta sér til að benda á þann sem líkið nú er. Hann kveðst halda fast við sinn fyrri framburð um það, að það síðasta sem hann viti um það, hafi það verið sett í Fossvogskirkjugarð. Sjálfur segist hann hafa verið með í koma Míkímu þar fyrir ásamt þeim, Kristjáni Viðar Tryggva Rúnari og Sævari. Hann kveðst vera alveg viss um að þeir hafi allir verið við þetta.

Mætti kveðst ekki muna fyrir víst hvort líkið var sótt að nóttu eða degi, en heldur frekar að það hafi verið að nátturlagi. Sömu menn hafi verið með í bílnum, en nú hafi hann verið á Toyota bíl frá föður sínum. Hann segir að keyrt hafi verið suður í hraun og þeir Tryggvi og Sævar farið út úr bílnum, en hann og Kristján beðið inni í bíl. Hann segir að sér hafi fundist löng bið eftir þeim í kringum 1. klukkutíma og hafi þeir þá sett líkið í skottið á bílnum.

Mætta minnir að ekið hafi verið fyrst heim til Kristjáns og síðan seinna um kvöldið í kirkjugarðinn. Mætta fannst það vera Sævar sem stjórnaði þessu verki. Mætta minnir að þeir hafi verið með tvær skóflur. Hann heldur að önnur skóflan hafi verið í bílnum, en hin verið fengin heima hjá Kristjáni. Hann telur að ekki sé hægt að finna þá skóflu sem þá varmi bíl föður hans. Hann segist ekki muna eftir því, hvað gert hafi verið við skóflurnar.

Ekki kveðst mætti hafa fundið neina lykt, þegar verið var að

flytja líkið í kirkjugarðinn. Hann segir að þá hafi það verið í svörtum plastpoka og segist hann ekki hafa orðið var við að leyst hafi verið frá pokanum og litið ofaní hann, hvorki á meðan hann var í bílnum, eða verið var að fara með hann út í kirkjugarðinn.

Ítrekað aðspurður um það, hvort Tryggvi Rúnar hafi verið með við að koma líkinu fyrir í kirkjugarðinum segir mætti, að hann sé alveg viss um, að hann hafi verið með við að sækja líkið út í hraunið, en hann sé ekki alveg eins viss um það, að hann hafi verið með við flutninginn heiman frá Kristjáni og í kirkjugarðinn. Þetta sé minnisatriði, sem hann treysti sér ekki til að fullyrða um.

Mætti man ekki fyrir víst, hvenær þessir flutningar áttu sér stað, en hann giskar á, júlí til ágúst 1974 og telur hann að þeir hafi verið að þessu nálgæt miðnætti. Hann heldur að hann hafi verið kominn heim til sín um tvö leyt-ið um nóttina. Ekki minnst hann þess, að aðrir hafi verið heima hjá Kristjáni Viðari, þegar þeir fóru í þenn-an umrædda leiðangur í kirkjugarðinn. Hann heldur að þeir hafi ekki farið heim til Kristjáns eftir að þetta var um garð gengið, hann minnir að sjálfur hafi hann farið beint heim til sín, en líklega hafi hann þó keyrt hina heim til Kristjáns.

Mætti kveðst ekki hafa heyrt neitt minnst á þennan atburð eftir að hann hafði gerst. Hann segir þó að lagt hafi verið á það mikil áhersla, að þagað væri fyfir ferðinni með líkið. Mætti segir að þeir hafi allir lagt áherslu á þetta, þar á hann við, Sævar Siesielski, Kristján Viðar Viðarsson og Tryggva Rúnar leifsson.

Skýrslutöku lokið kl.18,50.

Vottur,
Helgi Jóhannsson
Helgi Jóhannsson.

Upplesið staðfest,
Albert K Skaftason
Albert Klahn Skaftason.

Ósli Guðmundsson
Ósli Guðmundsson
Lögreglum.

P.23.2. 1977, kl.13,30, mætir í málinu, sem vitni, Bæring Vagn Aðalsteinsson, tilh. að, Krosseyrarvegi 6, Hafnarfirði, sjómaður að atvinnu, f. 25.3.1949, í Bolungarvík, nafnr. 1489-7704. Mætta er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslunnar. Mætti var fangi á Litla Hrauni á árinu 1975 og kynntist, Tryggva Rúnari Leifssyni, sem þar var einnig á þeim tíma. Mætta er gerð grein fyrir vitnaskyldunni.

Mætti kveðst ekki muna eftir neinu sérstöku í fari Tryggva Rúnars, eða í viðtali við hann, sem hægt væri að setja í samband við hvarfið á Guðmundi Einarssyni. Mætti segir að Tryggvi hafi alldreikomið neitt inn á þetta mál í viðræðum við sig.

Mætti kveðst hafa lent á Litla Hrauni líklega 11 eða 12. maí, 1975 og losnað annaðhvort 3. eða 4. desember sama ár. Hann segir að Tryggvi Rúnar hafi verið þarna allan þennan tíma og þeir verið ansi mikið saman, ~~þannan tíma~~ og hægt að segja að þeir hafi haft fremur lítil afskipti af öðrum föngum.

Mætti kveðst ekki hafa orðið var við að Tryggvi Rúnar væri neitt sérstaklega illa farim á taugum og sér hefði fundist hann í eðlilegu jafnvægi. Mætti kveðst hafa orðið var við að Tryggvi neytti lyfja líklega 4 sinnum á dag og heldur að þar hafi aðallega verið um að ræða Mogadon, samkv. læknisráði.

Mætti kveðst ekki hafa orðið var við að Tryggvi neytti LSD þarna fyrir austan og ekki segist hann hafa orðið var við að hann reykti hass.

Mætti kveðst kannast við, Kristján Viðar Viðarsson, en ekki þekkja hann neitt náíð og alldrei hafa haft nein samskipti við hann. Sævar Ciesielski segist mætti ekki þekkja. Mætti segist ekki hafa þekkt, Guðmund Einarsson.

Gisli Guðmundsson
lögreglum.

Upplesið staðfest,

Bæring V. Aðalsteinsson
Bæring V. Aðalsteinsson.

P.23.febr. 1977.

Í dag fór undirritaður ásamt, Hellert Jóhannessyni og Davíð Baldurssyni, lögreglumönnum að, Grettisgötu 82 og ræddum þar aftur við, Ingiríði Fimmsdóttur. Henni voru sýndar myndir af byssusting þeim sem áður hefur verið getið um og er sagður vera eins og sá sem, Kristján Viðar Viðars-son, tók ófrjálstri hendi frá, Bárði Ragnari Jónssyni og Magneu Jóhönnu Matthíasdóttur á árinu 1973, er þau bjuggu í Kaupmannahöfn.

Ingiríður var spurð að því, hvort hún hefði orðið vör við slíkan hlut í fórum Kristjáns, en hún sagði svo ekki vera. Hún gaf okkur heimild til að leita í íbúðinni, ef byssu- stingurinn gæti leynst einhversstaðar. Leituðum við mjög rækilega í allri íbúðinni, en án árangurs.

Gisli Guðmundsson
Gisli Guðmundsson
lögreglum.

Magnús
P.26.2.1977, kl.9.50, mætir í málinu sem vitni,/Gunnar
Guðmundsson tilh. að, Unufelli 31, sími 71686 leigubif-
reiðarstjóri á bifr. R.36401, afgreiðslunr. 125 á Hreyfli,
f. 11.12.1918 að Sunnuhlíð Áshreppi A.Húnavatnssýslu,
nafnr. 6257-7487. Mætta er gerð grein fyrir tilefni yfir-
heyrslunnar. Samkv. skrá skrifstofu Hreyfils, hefur mætti
verið sendur í túr að Grettisgötu 82, kl. 07 00 að morgni
sunnudagsins, 27. jan. 1974. Mætta er gerð grein fyrir
vitnaskyldunni.

Mætti kveðst ekki geta munað neitt eftir þessum umrædda
túr að Grettisgötu 82. Hann telur að þetta hljóti að
hafa verið mjög venjulegur túr og ekkert sérstakt sem þar
hafi skeð, sem geri túrinn eftirminnilegri en aðra túra.
Ekki kveðst mætti muna eftir því að hafa áður eða í önnur
skifti lent að þessu húsi.

Mætta eru sýndar myndir af þeim mönnum, sem viðurkennt
hafa aðild sína að dauða Guðmundar Einarssonar. Hann
kveðst ekki þekkja neinn af þeim og man ekki eftir að

hafa keyrt þá. Ekki kvæðst mætti halda dagbók yfir akstur sinn og ekkert hafa við að styðjas t sem gæti minnt hann betur á þessa áðurgreindu ferð að, Grettisgötu 82.

Gisli Guðmundsson
lögreglum.

Upplesið staðfest,
Gunnar Guðmundsson
Gunnar Guðmundsson.

Sunnudaginn 27.febr. 1977, kl.14,00, mætir í málinu, Stella Ester Kristjánsdóttir, tilh. að Asparteygi 2, Mosfellssveit, sími 66416, húsmóðir f.15.11.1937 í Reykjavík, nafnr. 8519-7371. Mætta er móðursystir, Kristjáns Viðars Viðarssonar og er henni gerð grein fyrir því, að henni sé ekki skylt, að bera vitni í málinu, vegna skyldleika við hann. Mætta óskar eftir því sjálf, að skýra frá einu atriði, sem varpað gæti einhverju ljósi á hvað varð um byssusting þann, sem hefur komið til umræðu í málinu.

Mætta segir að eftir að gerð hefði verið leitað byssustingnum á Grettisgötu 82 og móðir sín Ingiríður Finnsdóttir spurnð um hann þ.23. febr. síðastl., þá hafi hún rætt við sig um byssusting sem lögreglan taldi að Kristján hefði haft í fórum sínum. Raunar segir mætta, að móðir sín hafi talað við sig um að þar væri um stóran hníf að ræða.

Þegar þetta kom til umræðu, þá segir mætta að hún hafi strax haft orð á því við móður sína, hvort hér væri ekki um að ræða grænharúna hnífinn stóra, sem hún hafi spurt sig um eitt sinn, hvað hún ætti við að gera. Þá segist mætta hafa sagt við hana eitthvað á þá leið, hvers vegna hún henti þessu ekki í krusluttunnuna. Þá segir mætta, að móðir sín hafi allt í einu, munað eftir þessu líka.

Mætta segist ekki muna, hvaða ár þetta skeði, en giskar á að tvö til þrjú ár séu liðin frá því. Hún segist hafa heim sótt móður sína að, Grettisgötu 82 og segist hún muna eftir því að þær hafi verið staddar í eldhúsinu, þegar þetta kom til umræðu. Móðir sín hafi sagt sér, að hún fundið hnífinn,

en mætta segist ekki muna eftir því, að hún hafi tiltekið neimn ákveðinn stað.

Mætta segist muna eftir því, hvernig hnífurinn leit út. Þetta hafi verið mjög öflugt verkfæri í slíðri og raunar segist hún ekki hafa séð hnífinn tekinn úr slíðrinu. Hún segir að slíðrið hafi verið grænleitt eða kannske ljósgræn-brúnt, líkt og litur á hermannaklæðnaði. Hún man ekki eftir litnum á skaftinu, en minnst þess að það hafi verið strífað eða hrjúft, líkt og það væri vafið með þræði. Mætta segist muna eftir því að lykkja eða keðja hafi verið við slíðrið.

Mætta skoðar nú myndir af byssusting þeim, sem áður hefur verið getið um og er sagður vera eins og sá sem Kristján V. Viðarsson tók frá, Bárði Ragnari Jónssyni. Mætta segir að sér finnist byssustingurinn á myndinni, þar sem hann er í slíðrinu, líkjast mjög þeim hlut, sem hún hefur hér verið að reyna að lýsa.


Mætta segir að eftir að hún segi móður sinni að réttast sé, að henda þessum grip í ruslatunnuna, þá segist mætta hafa sett hann í bréfpokann sem hann hafði verið í og síðan í plastpoka með öðru rusli og síðan hafi móðir hennar, farið með þokan út í ruslatunnu á bak við húsið.

Eins og áður greinir segist mætta ekki muna hvenær þetta gerðist, en hún segist ekki vita betur en sorphreinsunin hafi hent þessu ásamt öðru rusli á sorphaugana. Hún segist alldreif síðar hafa séð neitt slíkt verkfæri þar á heimilinu, eða í fórum Kristjáns Viðars. Hún segir að þetta sé í eina skiftið, sem hún hafi orðið vör við slíkan hlut. Mætta kveðst ekki geta gefið neinar aðrar upplýsingar sem gætu komið að neinu gagni við rannsókn þeirra voða mála, sem Kristján er bendlaður við.

Skýrslugerð lokið kl.14,45.

Vottur,

Dóra Hlín Ingólfsdóttir.




Upplesið staðfest,



Stella E. Kristjánsdóttir.

Gísli Guðmundsson

lögreglum.



Þ.27.2.1977, kl.15,00, mætir í málinu, Ingiríður Fimmsdóttir, tilh. að, Grettisgötu 82, ~~skólak~~, húsmóðir, f. 25.1. 1906, að Hraunsmúla, Kolbeinsstaðahreppi, Snæfellsnessýslu, nafnr. 4702-7268. Mætta er móðuramma, Kristjáns Viðars Viðarssonar og er henni gerð grein fyrir því, að henni sé ekki skylt að bera vitni í málinu, vegna skyldleika hennar og Kristjáns Viðars. Mætta kveðst óska eftir því sjálf, að skýra frá einu atriði sem varpað gæti einhverju ljósi á það, hvað varð um byssusting þann, sem hún var spurð um og lög-reglumenn leituðu að í íbúð hennar, þ. 23. febr. s.l.

Mætta segist ekki hafa munað eftir þessu atriði, þegar hún var innt eftir þessu í fyrrgreindu samtali við rannsóknarlög-reglumennina, en það hafi rifjast upp fyrir sér, þegar hún fór að ræða málið við, Stelli dóttur sína, síðar.

Mætta segir að Stella hafi spurt sig að því, hvort ekki væri þarna um að ræða hinn sama hlut og mætta hafi verið að sýna henni og segja henni frá, að hún væri hrædd að hafa í bíbúðinni. Þá segist mætta allt í einu hafa munað eftir þessu og hafi Stella bent sér á að henda þessu í ruslatunnuna, sem að þær hafi síðan gert. Mættu minnir að hún sjálf hafi hent byssustingnum í ruslatunnuna, eftir að hann hafði verið settur fyrst inn í brúnt bréf og síðan í plastpoka með öðru rusli.

Mætta segist ekki muna ~~af~~ fyrir víst, hvenær þetta gerðist, en hún giskar á, að það sé á árinu 1973 og þá helst rétt fyrir jólin. Mætta kveðst muna eftir því, að hún hafi verið að gera hreina skápa í eldhúsinu og þar hafi byssustingurinn legið í efsta skáp. Mætta kveðst ekki hafa rætt um þennan hlut við Kristján Viðar.

Mætta segist þó vilja skýra frá því, að þegar Kristján Viðar kom heim frá Kaupmannahöfn síðla sumars 1973, þá hafi hún veitt þessum hlut athygli í ferðatösku hans. Hún kveðst þá aðeins hafa haft orð á þessu við Kristján og lýst ótta sínum yfir því, að hann væri að koma með það á heimilið, en hann svarað því til, að hann ætlaði að eiga þetta til minna.

Mætta kveðst hafa grun um að Kristján hafi reynt að fela þennan

hlut fyrir, þeim sem komu til hans í heimsóknir og svo einnig hafi hann ekki viljað, að lögreglan yrði vör við byssustinginn.

Mætta segist hafa hent byssustingnum í samráði við Stellu dóttur sína og hafi tilgangurinn aðeins verið sá, að ekki yrði neitt slys að þessu verkfæri, þar sem um var að ræða mikla óreglusemi á Kristjáni og margskonar óreyðufólk, sem heimsótti hann.

Mætta hefur séð myndir af byssusting þeim sem áður hefur verið getið í málinu og segist hún ekki sjá betur en um samskonar hlut sé að ræða. Mættu minnir að liturinn á slíðrinu væri dökkgrænn. Mætta segist ekki muna eftir því að hafa séð byssustinginn tekinn úr slíðrinu og sjálf segist hún ekki hafa gert það. Hún segist allrei hafa séð Kristján Viðar, fara með byssustinginn út.

Mætta kveðst ekki muna eftir neinu öðru sem gæti komið að gagni við rannsókn þeirra voðamál, sem Kristján Viðar er bendlaður við.


Skýrslutöku lokið kl.15,35.

Vottur,

Dóra Hlón Ingólfsdóttir.



Upplesið staðfest,


Ingiríður Finnsdóttir.

Gísli Guðmundsson


lögreglum.

p.1.3.1977, kl.19 20 mætir í málinu sem vitni, Sæmundur Jóhannsson tilh. að, Kópavogsbraut 5 (Starfsmannahús Kópavogshælis), verkamaður f. 11.8.1949 í Rvík. nafnr. 8816-3214. Mætta er gerð grein fyrir tilefni yfirheyrslumar. Sævar Ciesielski hefur skýrt frá því, að hann hafi heimstótt Helgu Gísladóttur, sem þá bjó í starfsmannahúsinu að kvöldi þ. 26.jan. 1974 og hitt mætta þar á staðnum það kvöld. Mætta er gerð grein fyrir vitnaskyldunni.

Mætti segist vita hver Sævar Ciesielski er og vita að kunningskapur var á milli hans og Helgu Gísladóttur. Ekki kveðst mætti muna eftir þessu umrædda kvöldi sérstaklega. Mætti man ekki eftir því að hafa séð Sævar þetta kvöld, en vill ekkert fullyrða um það. Mætti segist ekki muna glöggst eftir því að hafa séð Sævar í starfsmannahúsinu, líklega geti það þó verið.

Mætti segist ekkert þekkja, Kristján Viðar Viðarsson, en kannast við að hafa séð, Tryggva Rúnar Leifsson á böllum fyrir ca. 10 árum síðan. Mætti segist ekki hafa þekkt Albert Klahn Skaftason á umræddu tímabili og ekki vitað hver hann var, fyrr en hann hóf kunningskap sinn við, Ingibjörgu, sem bjó í sama húsinu. Mætti segist vita hver Erla Bolladóttir er, en ekki umgengist hana eða séð ham á fyrrgreindum tíma.

Skýrslugerð lokið kl.19,55.

Gisli Gaðmundsson
lögreglum.

Þuppleið staðfest,
Sæmundur Jóhannsson.
Sæmundur Jóhannsson.

AB
p.2.marz, 1977.

Í viðtali við Sævar Ciesielski p.27.2. 1977 að fyrirlagi dómara í málinu, skýrði Sævar mér frá því að atburðar-rásin á Hamarsbraut 11 í Hafnarfirði, þegar Guðmundi var ráðinn bani, væri ekki sannleikanum samkvæmt. Hann sagði það ekki rétt, sem hann hefði áður haldið fram, að hringt hefði verið í leigubíl og síðar í Albert Klahn Skaftason.

Hann sagði að sannleikurinn væri sá, að síminn hjá Erlu hefði verið lokaður þegar þetta gerðist vegna skuldar og kvaðst hann hafa látið Erlu hafa peninga til að greiða þá skuld. Sævar benti á það, að þetta hlyti að vera auðvelt að kanna.

Í framhaldi af þessu samtali, þá skrifaði Gunnlaugur Briem sakadómari beiðni til stöðvarstjóra bæjarsímans í Hafnarfirði, þar sem óskað var eftir öllum upplýsingum varðandi þetta atriði.

Í gær kom skriflegt svar frá Magnúsi Eyjólfssyni stöðvarstjóra, þar sem fram kemur, að vegna skuldar á símanum, sem var á nafni föður Erlu Bolladóttur, Bolla Gunnarssyni átti hann að vera lokaður dagana 26 og 27. jan. 1974. Skuldin kr. 6.262,30, hafði verið greidd p.6. febr. sama ár.

Þá skýrði Sævar undirrituðum frá því, að hann myndi ekki betur en, Tryggvi Rúnar hefði verið vafinn á hægri hendi, þegar atburðurinn gerðist í Hafnarfirði. Sagðist Sævar muna eftir því, að Tryggvi hefði brennt sig illa, þegar hann hefði óvart lagt hendina á glóandi heita eldavélarhellu, þar þeir voru staddir á Vesturgötu 24, að hann minnir um miðjan janúar 1974.

Sævar sagði að auðvelt eigi að vera, að kanna sannleiksgildi þessa atburðar, því Tryggvi hafi örugglega farið á Slysavarðstofuna til að fá gert að brunasárinu. Haft hefur verið samband við læknaritara á Slysadeild Borgarspítalans og verður send skrifleg umsögn um komu Tryggva Rúnars á Slysadeildina út af umræddu brunasári.

P.3.3.1977.

Í dag barst umbeðið læknisvottorð frá, Slysadeild Borgarspítalans dags. 2.3.s.l. vegna Tryggva Rúnars Leifssonar. Í vottorðinu kemur fram að hann hafi komið þangað meðvitundarlaus þ.14. jan.1974 kl.00,15. Þar segir að umnusta hans og þrír piltar, hafi komið með hann í einkabíl.

Í vottorðinu segir að Tryggvi hafi verið mjög illa haldinn af of stórum skammti af svefntöflum og hafi þurft að gefa honum súrefni. Þá segir enn fremur að hann hafi verið með brunablöðrur á vinstri hendi en engin merki um ígerð eða sýkingu í sárinu. Segir að sjúklingur hafi jafnað sig fljótt og verið útskrifaður af spítalanum daginn eftir.

Í lok vottorðsins segir, að Tryggvi hafi komið aftur til eftirlits þ. 21. jan. 1974 og er sagt að brunasárin séu þá gróin og sjúklingur útskrifaður. ~~Þetta vottorð virðist ekki hafa aðra býðingu fyrir rannsókn þessa máls ~~æra~~ en þá, að staðfesta frásögn Sævars Ciesielski, um það þegar Tryggvi Rúnar brenndi sig og sýnir að hann getur munað atburði sem skeðu á þessum tíma.~~

Gísli Guðmundsson
lögreglum.

P.3.3.1977. kl.15.55. mætir aftur í málinu, Lilja Hjartardóttir og er hún enn minnt á vitnaskylduna. Sævar Ciesielski hefur haldið því fram í viðtali við rannsóknarlögreglu-
mann Gísla Guðmundsson, að hann muni sérstaklega eftir því, að laugardagskvöldið, 26. jan. 1974, á meðan hann stóð við hjá, Helgu Gísladóttur í starfsmannahúsi Kópavogshælis, að þá hafi mætta farið á dansleik í Klúbbnum, en komið heim í ástarsogg, vegna þess að strákur sem hún var þá með, hefði lagt lag sitt við aðra stúlku. Mætta er innt eftir því, hvort þessi frásögn Sævars fái staðist.

Mætta segir að atvikið sé fyrir hendi, þetta hafi skeð en hún hafi ekki verið að koma úr Klúbbnum, heldur hafi hún verið í Glæsibæ. Mætta segir að piltur sá sem þarna sé átt við heiti Einar, en man ekki föðurnafn hans. Hún

heldur að hann sé ættaður af Barðaströndinni, en hún segist ekki vita um dvalarstað hans eða heimilisfang nú. Hún segir að þau hafi verið búin að vera saman í nokkra mánuði áður en þetta gerðist, en ekki haft nein samskipti eftir það.

Mætta segir að þau hafi farið saman að skemmta sér þetta umrædda kvöld, en hún segist ekki geta sagt um það, hvort dagsetningin sé rétt, en hún segir atburðinn hafa skeð á laugardagskvöldi. Hún segir að þau hafi fyrst farið í hús í hlíðunum, til bróður Einars sem heiti Guðmundur. Aðspurð segist hún ekki vita frekari deili á Guðmundi og ekki vita hvar hann sé nú búsettur.

Hún segir að setið hafi verið heima hjá Guðmundi við drykkju og man ekki hvort fleira fólk var þar þá, en síðan hafi þau öll farið í samkomuhúsið Glæsibæ. Ekki segist hún muna, hvað klukkan var, er þangað var komið.

Mætta segir að Einar hafi þarna á ballinu, hitt stúlku, sem hann hafði áður verið með. Ekki man mætta nafn hennar. Þessi stúlka hafi sagt Einari að hún væri ófrísk eftir hann og Einar hafi komið til sín og skýrt sér frá því, að hann ætlaði að hætta að vera með sér, til þess að geta verið með henni og reynst henni vel, úr því svona væri komið fyrir henni.

Mætta segir að þau hafi eitthvað rætt málið en síðan hafi hún farið út úr húsinu og tekið leigubíl þar fyrir utan og látið hann keyra sig heim. Hún segist ekki vita hvaða leigubíll þetta var.

Mætta kveðst ekki geta munað eftir því, hvort Sævar var þá heima hjá Helgu, en það geti vel verið. Hún segist ekki muna eftir því heldur, hvort Sæmundur Jóhannsson var staddur þá í herbergi þeirra. Mætta segist hafa verið miður sín og undir áhrifum áfengis og því ekki veitt því eins mikla athygli, hverjir þarna voru staddir.

Eins og áður greinir, segist mætta ekki muna mánaðardaginn sem þetta skeði, en hún segir að vel geti verið að það passi

við þann umrædda laugardag, sem málið fjallar um. Mætta segist ekki geta séð þetta í neinsstaðar í bókum hjá sér.

Aðspurð kveðst mætta ekkert frekar hafa við fyrri skýrslu sína að bæta, um svarta skyrtnu, sem þá var fjallað um. Hún segist ekki geta gefið neinar frekari upplýsingar, sem ætla mætti að gætu komið að gagni við rannsókn málsins

Mætta segist aðspurð ekki geta sagt um, hvað klukkan var, þegar hún fór út úr Glæsibæ og heldur ekki þegar hún kom heim í herbergi þeirra Helgu Gísladóttur.

Skýslutöku lokið kl.17,45.

Upplesið staðfest,

Lilja Hjartardóttir

Lilja Hjartardóttir.

Gísli Guðmundsson
lögfrólegur.

Gísli Guðmundsson

*A. ungar bls. 182
Heltur pólitískt svara*

P.3.3.1977.

Í viðræðum sem fram hafa farið undanfarna daga á milli undirritaðs og Sævars Giesielski gæzlufanga í Hegningarhúsinu, hefur komið fram veruleg breyting á atburðarrásinni, laugardagskvöldið 26. jan. 1974, miðað við það sem áður hefur komið fram í málinu.

Í viðbót við það sem hann hefur sagt um að síminn hjá Erlu Bolladóttur að Hamarsbraut 11, hafi verið lokaður og því ekki verið hringtúr þeim síma í leigubíl og síðar í Albert Klahn Skaftason, hefur hann haldið því fram, að Albert Klahn hafi keyrt, Kristján Viðar, Tryggva Rúnar ásamt einum manni til viðbótar, sem kallaður væri Gunni, til Hafnarfjarðar í umrætt skifti.

Sævar kvaðst ekki vita deili á þessum Gunna, en hann væri í útliti ekki ósvipaður Sævari sjálfum og hefði hann talsvert mikið verið með Albert á því tímabili, sem Guðmundur Einarsson hvarf. Þegar Sævar var að því spurður, hvers vegna hann hefði ekki sagt frá þessum manni í fyrri fram-

burðum sínum, þá sagði hann ástæðuna vera þá, að sér hefði yfirleitt alldreif verið trúað og hann þá ekki séð neina ástæðu til að segja frá slíku, fremur en öðru, sem einhverja þýðingu gæti haft á gang málsins.

Sævar sagði að eftir því sem hann myndi best og raunar taldi hann sig muna það vel, að hann hefði verið staddur á Vesturgötu 24 þetta umrædda laugardagskvöld og þá hefði þangað komið, Albert Klahn og erindið verið að kaupa LSD af Sigríði Gísladóttur. Þá kveðst Sævar hafa beðið Albert að keyra sig til Helgu Gísladóttur í Kópavog, en hann ekki viljað gera það, aðallega vegna þess að hann vildi ekki láta sjá sig þar, því hann hefði lent í átökum þar áður.

~~Sævar sagðist vita um það, að Albert hefði síðan farið heim til Kristjáns Viðars að, Grettisgötu 82 og látið Tryggva Rúnar hafa LSD. Þar hefði verið staddur áður- nefndur Gunní. sem hefði verið búinn að taka inn LSD.~~

Sjálfur segist Sævar hafa tekið leigubíl fyrir utan Naust og látið keyra sig til Helgu Gísladóttur. Hann segir að nokkru seinna, hafi komið þangað, Kristján Viðar og verið að falast eftir peningaláni hjá sér og fyrir utan hefði beðið, Albert Klahn í svarta Volksvagninum og þá verið framí hjá honum, Gunní en afturí hefði setið, Tryggvi Rúnar Leifsson.

Ekki sagðist Sævar hafa lánað Kristjáni neina pening, þó hann hafi verið með talsverða peninga á sér. Kristján hefði farið við svo búð og ætlað suður í Hafnarfjörð. Sævar segist muna vel eftir veru sinni hjá Helgu þetta kvöld, hann segist hafa verið með Ballantain Viðsky og sggist muna eftir því að hafa gefið, Sæmundi Jóhannssyni í glas, eins og fram hefur komið áður. Sæmundur man sjálfur illa eftir þessu, en rámar samt í að hafa þegið Viðsky glas hjá Sævari, en man ekki hvort það var á þessu kvöldi eða öðru.

Sævar sagðist hafa fulla vitneskju um það frá strákunum sjálfum, að þeir fjórir sem voru saman í Volksvagenbílnum

hafi fyrr þetta sama kvöld, verið að keyra um á milli skemmtistaða hér í borginni og ætlun þeirra verið að verða sér úti um fjármuni, með því að stela veskjum af fólki sem þeir treystu sér við. Ekki mun hafa orðið árangur sem erfiði í þessum leiðangri.

Ekki sagðist Sævar geta fullyrt neitt um það, hvort þessi **Gunni**, hefði farið með hinum á Hamarsbrautina. Hann kvaðst sj álfur hafa tekið leigubíl frá starfsmannahúsinu og látið keyra sig að Hamarsbraut 11. Þá sagði Sævar að allir mennirnir hefðu verið kommir inn í íbúðina og þar á meðal hefði verið, Albert Klahn Skaftason. Sævar sagðist hins vegar ekki vera alveg viss um það, hvort **Gunni** hefði þá verið með þeim þar inni.

hugi
Þ. 3. febr. 1977, kl. 18,00, kom Albert Klahn Skaftason, hingað á skrifstofuna, eftir minni ósk og ræddi ég við ham ásamt, Kristmundi J. Sigurðssyni, aðst. yfirlöggregluþjóni, fram til kl. 23,30 í kvöld. Albert bar fyrir sig miklu minnisleysi, en virtist þó færast nær raunveruleikanum, þegar áleið samtal okkar.

Albert gaf okkur upplýsingar um kunningja sinn, sem nokkuð mikið hefði verið með honum á þeim tíma sem atburðurinn á Hamarsbraut 11 gerðist og væri þar um að ræða, **Gunnar Jónsson**, tilh. að Lokastíg 18 f. 9.2.1956, nafnr. 3367-8495. Hann sagði að verið gæti, að þessi **Gunnar** hefði verið með í bílnum, er þeir fóru til Hafnarfjarðar og var hann þá kominn að þeirrif niðurstöðu, að hann hefði ekið þeim félagum að Hamarsbraut 11, laugardagskvöldið 26. jan. 1974.

Í samráði við, Gunnlaug Briem sakadómara, var Albert Klahn Skaftason færður til geymslu í fangelsið í Síðumúla.

Gisli Guðmundsson
Gisli Guðmundsson
lögglum.

P.4.marz.1977, kl.13,00, mætir aftur í málinu, Albert Klahn Skaftason og er honum kunnugt um tilefni yfirheyrslunnar. Gætt er ákvæða l. málsgreinar 40 gr. laga um meðferð opinberra mála. Mætti er áminntur um sannsögli.

Mætti óskar eftir því í upphafi, að taka það sérstaklega fram, að hann hafi nú ákveðið það, að gera hreint fyrir sínum dyrum og segja allan sannleikann í málinu.

Mætti byrjar frásögn sína á því að hann hafi verið staddur heima hjá, Kristjáni Viðari Viðarssyni, að Grettiskötu 82, að hann minnir á milli kl.21,00 og 22,00 að kvöldi, laugardagsins 26. janúar 1974. Hann segir að þangað komi með sér, Gunnar Jónsson, Lokastíg 18, en þar hafi auk Kristjáns Viðars verið Tryggvi Rúnar Leifsson.

Mætti segir að þeir Tryggvi og Kristján hafi verið eitthvað að sulla með áfengi og líka hafi þeir eitthvað verið með einhverskonar töflur. Mætti segir að það hafi komið til tals, að þá langaði að fá LSD töflur og þá verið ákveðið að mætti færi til Sigríðar Gísladóttur að Vesturgötu 24, því hún myndi eiga þær til.

Mætti segir að Gunnar Jónsson hafi komið með sér vestur á Vesturgötu og þar hafi þá verið staddur, Sævar Marínó Ciesielski. Mætta minnir að hann hafi keypt 3-4 LSD töflur af Sigríði, eða jafnvel fengið þær að láni. Hansegir að töflur þessar hafi verið bláleitar og að starð á við eldspýtnahaus.

Mætti kveðst muna eftir því að Sævar Ciesielski, hafi beðið sig um að aka með sér að starfsmannahúsi Kópavogshælis, en hann færst undan því vegna þess, að hann hefði lent þar í á-tökum og væri þar óvelkominn. Mætti segir að Gunnar og hann sjálfur hafi síðan farið aftur að, Grettisgötu 82, en Sævar var kyrr á Vesturgötu 24.

Mætti kveðst ekki muna betur, en Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og Gunnar, hafi allir tekið eitthvað inn af þessum töflum, en treysti sér ekki til að tilgreina það nánar.

Mætti segir að þeir félagarnir séu allir peningalausir og hann telur að það hafi verið eftir uppástungu þeirra, Kristjáns og Tryggva að fara út að "bísa" eins og kallað sé. Það sé í því fólgið að fara að skemmtistöðum og komast í samband við náunga sem eigi peninga, eða stela veskjum.

Mætti segir að þeir fari síðan út í Volkswagen bifreið föður síns, sem hann hafði til, umráða. Þeir Tryggvi og Kristján hafi setið aftur í, en Gunnar við hlið sína í framsætinu. Mætti kveðst síðan aka að eftirtöldum samkomuhúsum; Röðull, Þórskaffi, Sigtún og Klúbburinn. Hann telur að þetta hafi verið um það leyti sem skemmtistöðum var lokað.

Mætti segir að, hann sjálfur og Gunnar hafi ekki tekið þátt í "bísinu", en þar hafi bæði Kristján og Tryggvi haft sig í frammi. Hann segir að ekki hafi orðið neinn árangur af þessum aðgerðum þeirra og þá segist hann hafa ekið að starfsmannahúsinu við Kópavogshæli í þeim tilgangi að hitta þar Sævar Ciesielski, og reyna að fá lánaða hjá honum peninga.

Mætti kveðst hafa stöðvað bílinn á Kópavogsbrautinni gegnt umræddu húsi og hafi Kristján farið inn í húsið. Hann segir að Gunnar hafi farið út úr bílnum til að helaya Kristjáni út. Mætti segir að Kristján hafi verið nokkurn tíma í burtu ca. 10 til 15 mín. eða svo, en borið sig illa þegar hann kom aftur, því Sævar hafi ekki viljað lána honum peninga.

Mætti segir að þeir Tryggvi og Kristján hafi stungið upp á því að fara þá til Hafnarfjarðar og halda þar áfram að "bísa". Hann segist síðan hafa ekið til Hafnarfjarðar og telur að þangað hafi þeir komið um það leyti sem dansleikjum var að ljúka. Fyrst segist hann hafa stanzað neðarlega í brekkunni á Reykjavíkurveginum og þar fari þeir Kristján og Tryggvi út. Þá kveðst hann aka áfram og snýr við og aftur upp í brekkuna og stöðvar á mótis við samkomuhúsið Skiphól.

Mætti giskar á að hann hafi beðið þarna í um það bil 10 mín. og hafi Gunnar verið hjá sér í bílnum allan tímam. Hann segist ekki hafa veitt þeim, Kristjáni og Tryggva neina athygli, frá því þeir fóru úr bílnum og þar til þeir komu aftur.

Þegar þeir komu aftur að bílnum, þá hafi verið maður ~~verf~~ með þeim, sem mætti þekkti ekki, en reyndist síðar vera Guðmundur Einarsson. Mætti segir að maður þessi hafi verið hár og grannur, með dökkt sitt liðað hár. Mætti segist ekki muna hvernig klæðnaður hans var, en honum fannst hann vera vel klæddur.

Mætti segir að sér hafi virtst að maður þessi vera talsvert drukkinn, en ekki slagað og verið stilltur og kurteis. Mætti segir að þeir Kristján og Tryggvi hafi spurst sig aðf því, hvort hann mætti vera með í bílinn og segist hann hafa tekið því vel. Mætti segir að þeir hafi síðan allir setist afturí.

Mætti heldur að það hafi verið Kristján Viðar, sem lagði til að þeir færu að Hamarsbraut 11 og reyndu að slá þar upp "partíi". Þangað segir mætti að hafi verið ekið og það muni hafa verið Kristján sem fór þar fyrstur og opnaði húsið og hafi þeir allir farið þangað inn. Mætti segir að myrkur hafi verið í íbúðinni í kjallara hússins. Mætta var kunnugt um, að þarna bjó Erla Bolladóttir og Sævar Ciesielski. Hann segist tvisvar sinnum hafa komið þar áður, í annað skiftið ekið þangað, Sævari, en í hitt skiftið, Erlu og fl. fólki.

Mætti segir að þegar inn var komið hafi verið farið að ræða um að kaupa saman áfengisflösku og einhverntíma fljótlega, hafi Sævar Ciesielski komið. Ekki kveðst mætti hafa séð að hann væri undir áhrifum áfengis. Hann hafi undrast veru þeirra barna og haft orð á því og sagt eitthvað á þá leið, hvað þau væru þarna að gera. Ekki hafi hann samt óskað eftir því að þau færu í burtu.

Mætti segir að þá hafi það skeð, að þeir, Kristján og Tryggvi hafi gengið á Guðmund með það, að hann leggði út peninga til áfengiskaupa, en hann eins og færst undan því. Þetta telur mætti að hafi síðan magnast á milli þeirra og segist hann hafa séð það, að Kristján Viðar hrinti Guðmundi frá sér dg um leið hafi Tryggvi Rúnar, stökkið á Guðmund og leikurinn þá borkist inn í innra fherbergið.

Mætti telur að þegar svona var komið, hafi Sævar verið farinn að skifta sér eitthvað af þessu, en mætti kveðst ekki hafa séð

hann slá eða sparka til Guðmundar. Mætti segir að hann og Gunnar Jónsson, sitji saman á dývan eða legubekk í fremra herberginu, þegar átökin áttu sér stað. Sjálfur kveðst mætti ekki hafa orðið vitni að því, þegar Guðmundur var sleginn og því ekki geta borið um það, hver sló hann niður, en hann segist telja, að, Kristján og Tryggvi hafi báðir verið þar að verki.

Mætti telur að þessi slagsmál hafi staðið yfir í mjög stuttan tíma. Hann segir að Guðmundur hafi greinilega verið svo fullur, að hann gat lítið verið sig, en hann hafi haft einhverja tilburði í þá áttí í fyrstu þegar Kristján hrinti honum. Mætti segist aðeins hafa lítið inn í innra herbergið eftir átökin, þá hafi Guðmundur legið á bakinu á gólfinu og ekkert hreift sig. Hann segist ekki muna eftir að hafa séð blóð á honum, eða neitt blóð þar á gólfinu ~~en~~ né annarsstaðar. Mætti kveðst alldreif hafa séð notað neitt barefli eða eggvopn í þessum átökum og ekki kveðst hann hafa séð neitt því líkt í fórum þeirra félaga.

Ekki kveðst mætti muna eftir því að neitt hafi verið rætt um það á eftir, hvort Guðmundur væri alvarlega slasaður, en hann segist muna eftir því, að hann sjálfur og Gunnar, hafi farið út úr húsinu fljótlega eftir þetta. Hann minnir fastlega að hann hafi þarna á eftir, ekið Gunnari heim til sín, að Lokastíg 18. Mætti man ekki eftir því að annar en Gunnar hafi verið í þeirri för.

Mætti segist hafa farið aftur að Hamarsbraut 11, þegar hann var búinn að keyra Gunnar heim og minnir hann að hann legði bílnum á bílastæði sunnan við húsið. Síðan hafi hann farið að dyrunum og bankað. Sævar komið til dyra og beðið mætta að fara bílinn að tröppunum og bíða í bílnum. Mætti segist alveg muna eftir því, að hann hafi ekki farið þarna inn í húsið aftur og hafi hann gert það sem Sævar bað hann um.

Mætta minnir að Sævar bæmi út og bæði sig um að opna farangursgeymsluna og rétt á eftir, hafi þeir komið út allir þrír, berandi líkið af Guðmundi á milli sín. Mætti segir að þeir hafi í fyrstu reynt að koma líkinu fyrir í farangursgeymslunni, en horfið frá því, þegar ekki var hægt að loka.

Mætti segir að síðan hafi þeir sett líkið á gólfið í bílnum á milli sætanna. Mætti segir að líkið hafi verið vafið hvítu léreftsstykki, sem leit út fyrir að geta verið lak. Hann segir að lakið eða léreftið hafi hulið líkið að öllu leyti. Hann segist alldreif hafa orðið var við neitt lífsmark með Guðmundi, eftir að hann var bórinn þannig út í bílinn.

Mætti segir að eftir að líkinu hafði verið komið fyrir í bílnum, hafi þeir Tryggvi Rúnar og Kristján Viðar, sest aftur í, Tryggvi vinstna megin en Kristján hægra megin. Hann segist muna vel eftir því, að Kristján virtist vera feiminn að hafa fætur sína ofaná líki Guðmundar. Mætti telur að höfuð Guðmundar hafi verið þeim megin í bílnum sem Kristján var, þ.e. hægra megin.

Mætti segir að eftir að búíð var að setja líkið í bílinn, þá hafi Sævar aðeins skroppið inn aftur, en verið fljótur og síðan hafi hann sest í framsætið við hlið mætta.

Þegar hér var komið telur mætti að Sævar hafi ráðið ferðinni. Hann hafi látið sig keyra suður fyrir Hafnarfjörð og fyrst inn á Sædýrasafnsveginn og verið stanzað við Sædýrasafnið. Þar segir hann að Tryggvi og Sævar hafi farið út úr bílnum og farið að hliðinu, sem hafin verið læst. Mætti kveðst muna eftir því, að Kristján hafi kallað til þeirra, eitt-hvað á þá leið, hvort þeir væru brjáláðir. Hann segir að þá komi þeir fljótlega aftur inn í bílinn.

Mætti segir að Sævar láti þá aka að gömlu Reykjanesbrautinni og nokkurn spöl eftir henni og telur hann að á móts við Ál- verið hafi hann beygt til vinstri inn á afleggjara og ekið eftir honum nokkrum spöl. Þá hafi Sævar beðið hann að stöðva og snúa við, sem hann hafi gert. Þarna segir mætti að líkið hafi verið tekið út úr bílnum hægra megin og þeir síðan allir þrír, borið það eitthvað út í hraunið. Mætti minnst þess, að Kristján Viðar hafði orð á því við sig áður en þeir fóru af stað með líkið, að hvarfa ekki á eftir þeim, það væri honum fyrir beztu. Sjálfur segist hann hafa farið eftir þessum ráðum og ekki litið til þeirra, fyrr en þeir voru komnir all- langt frá bílnum og þeir horfið þar út í myrkrið.

Mætti telur að þeir hafi verið um hálfa klukkustund í burtu og hafi þeir allir komið saman. Hann segist ekki hafa orðið var við að þeir væru með neitt meðferðis, hvorki lak eða annað. Mætti minnst þess ekki að þeir væru með neitt verkfæri meðferðis til að urða líkið. Ekki minnst mætti þess að þeir ræddu neitt um líkið eða annað því viðkomandi á eftir.

Mætti segist síðan hafa ekið af stað áleiðis til baka og þá hafi Tryggvi Rúnar tekið sig hálstaki, eins og hann hafi raunar áður skýrt frá í farmburði sínum, en þá hafi Kristján Viðar sagð við Tryggva að þetta væri óþarfi og um leið eitthvað tekið í Tryggva, þá hafi hann sleppt takinu. Á eftir telur hann að Sævar hafi beðið sig að þegja yfir því sem hann nú hafi orðið vitni að.

Eftir þetta segir mætti að ekið hafi verið aftur að Hamarsbraut 11 og segist hann ekki muna betur, en að Sævar hafi farið þar úr bílnum. Hann minnir að hinir tveir hafi verið með til Reykjavíkur og hann ekið þeim að Grettiskgötu 82. Sjálfur segist hann hafa farið heim til sín að Njálsgötu 44 og giskar hann á að þá hafi klukkan verið orðin 04,00 um nóttina.

Mætti segist ekki hafa orðið var við neinn blóðblett eða neina aðra bletti í bílnum eftir þessa flutninga og ekki segist hann hafa séð neina bletti í léreftsstikkinu sem vafið hafði verið utanum líkið. Ekki kveðst hann heldur muna eftir því að hafa fundið vonða lykt, hvorki inni á Hamarsbraut 11, eða inni í bílnum þegar verið var að flytja líkið.

Þá gerirmætti grein fyrir síðari þætti málsins, en það er flutningur á líki Guðmundar Einarssonar úr Hafnarfjarðarhæðunni og til núverandi staðar, sem hann segir vera kirkjugarðinn í Hafnarfirði. Hann segist vera reyðubúinn til að fara á staðinn og reyna að benda á staðinn þar í kirkjugarðinum, en sökum ókunnugleika, geti hann ekki lýst ~~staðnum~~ staðháttum að neinu gagni.

Mætti man ekki fyrir víst, hvenær þetta gerðist, en hann telur að það hafi verið í ágústmánuði 1974. Mætta minnir að það hafi verið Sævar Ciesielski, sem hringdi heim til hans og beðið hann að koma niður á Grettisgötu 82. Hann minnir að Sævar hafi hringt til sín um kl.16,00 til 17.00þ hann hafi ekki nefnt erindið í símanum.

Mætti segist hafa farið heim til Kristjáns Viðars, en man ekki hvað klukkan var. Hann segir að þá hafi þar verið staddir, Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og Sævar Marinó. Mætti segir að þarna hafi verið rætt um það, að sækja líkið af Guðmundi út í hraun og flytja á annan stað. Hann minnir að Sævar fhafi haft orð fyrir hópnum. Ekki man mætti eftir því að nein ástæða hafi verið færð fyrir þessari ákvörðun. Og mætti kveðst ekki hafa skilið þetta.

Mætti kveðst hafa verið beðinn um að sjá um keyrsluna á þeim félagum og segist hann samþykkt það. Hann segist þá hafa verið á Toyota bifreið sem faðir sinn átti. Ekki kveðst hann muna skrásetningarnúmerið á bifreiðinni. Mætti segir að ekki hafi verið farið í þessa flutninga fyrr en seint um kvöldið og segir hann að eitthvað hafi verið um hassreykingar heima hjá Kristjáni, áður en farið var.

Mætti segist ekki geta sagt um það, hvað klukkan var, þegar þeir lögðu af stað, en hann segist hafa ekið suður í Hafnarfjarðarhraun og eftir tilvísan Sævars, að þeim stað, eða nálægt þeim stað, sem álitíð var að lík Guðmundar hafði verið látið. Hann segir að eitthvað hafi gengið erfiðlega að finna líkamsleyfar Guðmundar og telur að það hafi tekið ~~þrjú~~ klukkutíma eða jafnvel lengri tíma. Hann segir að það hafi verið Sævar og Tryggvi sem leituðu að líkamsleyfunum og komið með það, en Kristján hafi allan tíman setið í bílnum hjá mætta.

Mætti segir að þeir félagar hafi tekið með sér svarta plastpoka, heiman frá Kristjáni og telur að þetta hafi verið notað utanum líkamsleyfar Guðmundar í flutningnum. Eftir að búíð var að setja þetta í skottið á bílnum, þá telur hann að beðið hafi verið eftir að dimmt var orðið og þá segist hann hafa ekið eftir fyrirlagi Sævars að, krikjugarðinum í Hafnarfirði.

Mætti segist hafa ekið norður Reykjanesbraut og beygt til hægri inn á götu sem liggur norðan við kirkjugarðinn og síðan ekið afturá bak að hliði sem þar er á garðinum.

Mætti segir að fyrst hafi farið út úr bílnum þeir, Sævar og Kristján og telur að þeir hafi verið að kanna aðstæður. Mætti kveðst síðan sjálfur fara út úr bílnum og Tryggvi með sér og þeir farið á eftir hiðum út í garðinn. Ekki segist hann muna eftir því að hafa tekið þátt í greftrinum, en hann segir að tekin hafi verið nokkurskonar gröf, austarlega í garðinum, og líkamsleyfum Guðmundar komið þar fyrir.

Mætti minnir að gröfin hafi verið í um það bil fyllri manns lengd, en mjó og dýptin á að giska 50 til 70 cm. Hann segist ekki hafa verið viðstaddur þegar líkamsleyfarnar voru settar ofaní gröfina og heldur ekki þegar mokað var yfir. Hann telur að notaðar hafi verið tvær skóflur, önnur hafi sennilega verið í bíl föður hans, en hin fengin hjá Kristjáni Viðari. Ekki segist hann vita, hvað orðið hafi af skóflunum á eftir og ekki hvar þær eru nú niðurkomnar.

Mætti kveðst ekki vita hvað klukkan var, þegar þetta var um garð gengið, en telur líklegt að það hafi verið á milli klukkan tvö og þrjú um nóttina. Hann minnir að hann hafi ekið Tryggva Rúnari heim til sín að, Selásbletti 14, en hinum að Grettisgötu 82.

Mætti segist nú hafa sagt allan sannleikan í málinu, eins og hann geti best munað. Hann segir að fyrri framburðir hans, sem ekki komi heim við þessa skýrslu, séu ekki réttir. Hann kveður sig reyðubúinn til að gera allt sem í hans valdi standi, til að mál þetta, geti upplýst að öllu leyti.

Yfirheyrslu lauk kl.02,00.

Tekið skal fram, að hlé var gert á yfirheyrslunni á meðan Albert mætti fyrir dómi, svo og klukkutíma matarhlé. Yfirheyrslan var gerð að fyrirlagi, Gunnlaugs Briem og Ármanns Kristinssonar sakadómara og með fullu samþykki Alberts.

Vottar,
Kristinnur J. Sigurðsson.
Hauur Jóhannsson.

Upplesið staðfest,
Albert K Skaftason
Albert Klahn Skaftason.

Gísli Guðmundsson, lögfréðlum.

Laugardaginn 5. marz 1977, kl. 13,15, mætir aftur í málinu, Albert Klahn Skaftason og er hann nú inntur eftir því, hvort hann geti upplýst eitthvað frekar í málinu, t.d. hvað varð um veski Guðmundar og eða armbandsúr hans. Mætti er áminntur um sannsögli.

Mætti segist alldrei hafa séð n einn með veski Guðmundar og ekki hafa séð Guðmund sjálfan taka það upp. Það sama hefur mætti að segja um armbandsúr Guðmundar. Hann segist ekki hafa tekið eftir því að Guðmundur væri með úr og ekki séð neinn með aukaarmbandsúr í fórum sínum.

Mætti kveðst ekki vita hvort Guðmundur hafi verið færður úr einhverjum fötum eða skóm og ekki segist hann muna eftir því, hvernig skór hans voru.

Ítrekað aðspurður segist mætti vera alveg viss um, að líkamsleyfar Guðmundar hafi verið settar í Hafnarfjarðar-kirkjugarð og hann segist vera alveg viss um að með honum hafi verið þeir, Kristján Viðar Viðarsson, Tryggvi Rúnar Leifsson og Sævar Marínó Ciesielski.

Ekki kveðst mætti muna eftir því betur nú, hvaða mánaðardag þessir flutningar áttu sér stað, en telur allar líkur á því, að það hafi skeð um miðjan ágúst 1974. Hann segist nú hafa sagt allan sannleikan í málinu, eins og hann raunar tók fram í framburði sínum hjá rannsóknarlögreglunni í gær og segist hann ekki hafa neinu við þetta að bæta.

Mætti lofar að leggja sig allan fram til þess að líkamsleyfar Guðmundar finnast í umræddum kirkjugarði.

Vottar,
Hellekt Jóhannesson.

Hellekt Jóhannesson
Kristján J. Viðarsson

Upplesið staðfest,

Albert K Skaftason

Albert Klahn Skaftason.

Gísli Guðmundsson
lögreglum.

Laugardaginn 5. 3. 1977.

Í dag fyrir hádegi var farið með, Albert Klahn Skaftason suður í Hafnarfjarðarkirkjugarð, þar sem hann taldi mikla möguleika á því, að hann gæti bent á staðinn, þar sem lík Guðmundar Einarssonar var grafið. Auk undirritaðs voru með í þeirri ferð, Gunnlaugur Briem sakadómari, Kristmundur J. Sigurðsson, aðst.yfirlögregluþj. og Hellert Jóhannesson lögreglum.

Albert hefur skýrt frá því að tekin hafi verið gröf í austur horni garðsins og auk hans hafi verið við það verk, Kristján Viðar, Tryggvi Rúnar og Sævar Marínó. Sjálfur segist hann hafa tekið þátt í greftrinum, en hinir lagt líkið ofan í gröfina og mokað yfir.

Við fylgdum Albert þarna um stórt svæði í norðausturhorni garðsins, en þrátt fyrir ráp aftur og fram, þá gat hann ekki bent á neinn þann stað, sem líklegur gæti talist vera að þeir hefðu komið líkinu fyrir í. Albert talaði um að gröfin hefði verið tekin meðfram leiði, eða á milli leiða og lengd hennar verið ca. manns lengd eða upp undir tveir metrar og snéri eins og steypiti garðurinn sem liggur meðfram götunni sem ekið er eftir norðaustan við kirkjugarðinn.

Þetta var skoðað eins rækilega og unnt var í tvo klukkutíma, en niðurstaða varð engin. Fyrirhugað var að fara aðra ferð í sama kirkjugarð og í samvinnu þá við kirkjugarðsvörðinn. Mun Kristmundur J. Sigurðsson, stjórna þeirri leit.

Gisli Guðmundsson
Gisli Guðmundsson
lögreglum.

26/2 1977.

Ég undirritaði að Nýju Bílastöðinni í Hafnarfirði og kannaði það hjá Björgvin Þórðarsyni formanni stöðvarinnar, ^{t,h}Vesturgötu 1, hvort bifreið kynni að hafa verið send að Hamarsbraut 11 nóttina 27 jan. 1974.

Björgvin skýrði mér svo frá, að stöðin væri lokað kl. 24,00 og eftir þann tíma eru ekki bókaðir aksturstarar hjá ökumönnum.

Hann kveðst hafa talað við þá menn, sem hafa hætt á bifreiðastöðinni frá þessum tíma, en enginn kannast við, að hafa ekið að Hamarsbraut 11 né nokkur ökumanna kannast við umrætt fólk.

Þó mundi einn ökumaður eftir því, að hafa ekið Einari Bollasyni og Bolla Gunnarssyni á umræddan stað þ.e. að Hamarsbraut 11, en fyrir þann tíma sem hér er um rætt.

Björgvin gat einnig um það að svört Datsun bifreið hafi ekki verið í akstri frá nefndri stöð og Volga bifreiðar hafi ekki komið til sögunnar fyrr en á árinu 1975.

Björgvin gat um það, að ekki væri möguleiki á, að fólk sem pantaði bifreið frá hans stöð og væri stadd að Hamarsbraut 11 gæti hafa gengið að lögreglustöðinni.

Tímans vegna er það ekki fræðilegur möguleiki.

Ég fór einnig að Bifreiðastöð Hafnarfjarðar og hitti þar á tvo ökumenn sem voru viðlátir.

Ég spurði þá eftir því hvort þeir myndu eftir, að hafa verið pantaðir til aksturs að Hamarsbraut 11 27/1 1974.

Hvorugur þeirra mundi eftir aksturstar þangað, en annar ökum.
kvaðst ekki hafa ekið þessa nótt nema fyrri partinn þar sem
ófærð hafi verið orðin.

Hellert Jóhannesson
Hellert Jóhannesson
Lögreglum.

3. 3. 1977.

I dag hríngdi Hreiðar Georgsson stöðvarstjóri á Bifreiðastöð Hafnarfjarðar símar 51666 og 51667 til mín undirritaðs, en eg hafði beðið hann að kanna hvaða stúlkur hefðu verið við afgreiðslu á stöðinni nóttina 27. jan. 1974 og einnig á nætur-sölunni sem er tengd bifreiðastöðinni.

Hreiðar sagði mér að eftir því sem hann kæmist næst, hefði frú Guðný Ásmundsdóttir verið við afgreiðsluna, en allar þakur um þetta væru nú ekki lengur til. Hann gaf mér upp heima síma Guðnýjar og hafði eg samband við hana. Hún bauðst til að koma á skrifstofu mína í dag kl. 17:00 og ræða málið.

Guðný sagðist muna eftir að snjóað hefði þessa nótt, en ekki hvaðst hún muna eftir að neitt sérstakt hefði borið við.

Hún sagðist hafa kannast við myndina af Kristjáni Viðari Viðarssyni, er hún sá hana í blöðunum og muna eftir að hann hefði komið nokkrum sinnum, að afgreiðslu lúnni á bifreiðastöðinni, en hvert hann hefði komið umrædda nótt, sagðist hún ekki geta sagt um.

Guðný sagðist ekki kannast við Tryggva Rúnar Leifsson eða Sævar Marinó Siesielski og mindi ekki eftir að hafa séð þá er hún hefur athugað myndir af þeim hér á skrifstofunni.

Guðný segist vera sérstaklega minnisgóð og hafa reynt að brjóta heilan um það hvert hún mindi eftir einhverju varðandi menn þessa, er Hreiðar hafði rætt við hana, en hún kæmi því ekki fyrir sig.

Hún sagðist hafa verið á vakt kvöldið eftir og einnig á mánudagsmorguninn og muna vel eftir því, er lögreglan í Hafnarfirði, kom með mynd af Guðmundi Einarssyni og spurðist fyrir, hvert hún mindi eftir að hafa séð hann aðfaranótt sunnudagsins.

Einnig minnir hana, að hjálparsveitin í Hafnarfirði hafi líka verið með mynd af Guðmundi og sýnt sér hana. 152

Hún hefði sagt eins og var að hún hefði ekki orðið þessa mans vör.

Guðný sagði að enginn hefði beðið um að fá að líta í bækurnar, þar sem skráð var hvaðan var beðið um bíl og klukkan hvað það var. Ekki heldur hefði verið beðið um að bækurnar frá þessari helgi væru geymda, hefði sú beiðni komið fram hefði það að sjálfsögðu verið gert.

Vegna rúmleysis í húsnæði stöðvarinnar, væru bækurnar eiðilagðar, er þær hefðu verið geymdar nokkurn tíma.

Guðný sagðist muna eftir að oft hafi verið beðið um bíl að Hamarsbraut 11, en sér væri ómögulegt að muna eftir þetta langan tíma, hvert bíll hefði verið sendur þangað nóttin 27. jan. 1974. Hún sagðist muna eftir að sumum bifreiðarstjórnunum, hefði verið heldur ver við að vera sendir þangað.

Guðný sagði, að eftir því sem næst væri komist mundi Ólöf Guðnadóttir hafa verið á vakt með sér umrædda nótt.

Ólöf á heima á Hjallabraut 6 Hafnarfirði sími 52747, Guðný á heima á Stekkjarflöt 2 Garðabæ sími 42640.

Föstudaginn 4 þ. m. fór Hellert Jóhannesson rannsóknar-lögreglumaður heim til Ólafar að Hjallabraut 6 og ræddi við hana og sýndi henni myndir af Kristjáni Viðari, Sævari Marinó og Tryggva Rúnari og auk þess sýndi hann henni mynd af Guðmundi Einarssyni.

Ólöf taldi að hún hefði verið á vakt ^{orðið} nóttina 27. jan. 1974. Hún minntist þess ekki að hafa þessara manna vör um nóttina eða að beðið hefði verið um bifreið að Hamarsbraut 11.

Ólöf sagðist muna eftir að Kristján Viðar og Sævar Marinó hefðu komið oftast en einu sinni að afgreiðslunni á stöðinni, en hvenær það hefði verið gæti hún ekki sagt um.

Kristm. J. Sigurðsson
Kristm. J. Sigurðsson
aðst. yfirlögregluþjónn.

7. 3. 1977.

153

Laugardaginn 5. þ. m. fór eg undirritaður að beiðni Gunnlaugs Briem sakadómara ásamt Hellert Jóhannessyni rannsóknarlögreglumanni, með Albert Klahn Skaftason til Hafnarfjarðar, til að kanna hvert hann gæti áttað sig frekar, á stað þeim í Hafnarfjarðarkirkjugarði, sem hann telur að líkamsleifar Guðmundar Einarssonar hafi verið grafnar.

Einnig bað Gunnlaugur um, að haft væri samband við kirkjugarðsvörðinn í Hafnarfirði og hann fenginn á staðinn, og inna hann náði eftir því, hvert hann hefði orðið var við jarðrask í kirkjugarðinum í ágústmánuði 1974.

Við Hellert sóttum kirkjugarðsvörðinn Gest Gamalielsson Vitastíg 4 Hafnarfirði sími 50162. Hann varð góðfúslega við beiðni okkar, og kom með okkur í kirkjugarðinn.

Gestur sagði okkur að sláttur stæði yfir í garðinum á umræddum tíma, hafist seinnipartinn í júlímánuðu og stæði fram í september.

Hann sér um hreinsun og slátt á garðinum og taldi mjög ótrúlegt, að hægt væri að eiga við gróin svæði garðsins, án þess að hann yrði þess var. Hann hefði ekki orðið var við neitt jarðrask á þessum tíma, nema í sambandi við grafir, sem teknar hefðu verið. Hann lofaði að búa til skrá yfir það, hvar jarðað hefði verið í garðinum á þessu tímabili.

Gestur sagði að óvíst væri að klaki væri farinn úr kirkjugarðinum fyr en í júní, þótt það færi að sjálfsögðu mikið eftir því hvað sólríkt yrði.

Er klaki væri farinn, væri auðvelt að kanna með járnteini, hvert eitthvað hefði verið grafið í garðinum, þetta grunnt, þar sem um mold væri að ræða í efstalagi hans.

Albert hélt sig við sama svæði í kirkjugarðinum og er farið var með hann í leit í garðinum á laugardagsmorguninn,

sem er í norðaustur horni hans, á frekar afmörkuðu svæði.

Hann gat ekki bent á neinn ákveðinn stað eða neitt í garðinum, sem bent gæti til hvar helst skildi leita.

Albert hvaðst kannast vel við hliðið, sem líkamsleifarnar hefðu verið bornar í gegnum, en það er eystra hliðið á steypum vegg, sem afmarkar kirkjugarðinn að norðan verðu.

Er komið hefði verið innúr hliðinu, hvefði verið beygt til vinstri og haldið meðfram veggnum, þar til að komið hefði verið austan til í garðinn, þá hefði verið beygt smá spöl inní hann. Tré eru næst veggnum og verður að ganga garð megin við þau, ef þessi leið er farin, en hún er frekar ógreiðfær vegna greina trjána.

Albert sagði að gröfin, sem þeir grófu, hefði verið um manslengd um 40 cm. á breidd og 50 - 70 cm á dýpt, utan vert við leiði.

Aðrar lýsingar hans voru óljósar og ekki traustvekjandi.

Kristm. J. Sigurðsson
Kristm. J. Sigurðsson
aðst. yfirlögregluþjónn.

Þ. 8. marz 1977.

Í dag var farið fram á það við, Dómsmálaráðuneytið, að gerðar yrðu ráðstafanir eins fljótt og nokkur kostur er, til að hafa uppi á, Gunnari Þór Jónssyni, skráður tilh. að, Lokastíg 18, f. 9.2.1956.

Hjalti Zophóníasson fltr. tók að sér að sjá um þetta erindi og kvaðst hann þegar í dag gera ráðstafanir til þess að hreifing kæmist á málið.

Gisli Guðmundsson
Gisli Guðmundsson
lögglum.

P.9.3 1977, kl.15,00 mætir í málinu Sævar Marínó

Ciesielski ákærður í málinu og nú gæzlufangi í Hegn-
ingarhúsinu við Skólavörðustíg. Undanfarna daga hefur
mætti rætt um hvarfið á Guðmundi Einarssyni og atburðina
sem skeðu að, Hamarsbraut 11 aðfaranótt sunnudagsins 27.
jan. 1974. Fram hefur komið veruleg breyting á fyrri
framburði hans í málinu.

Að fyrirlagi dómara, sem hafa málið til meðferðar er
tekin eftirfarandi skýrsla af mætti. Honum er bent á rétt
sinn um að réttargæzlumaður hans sé viðstaddur en mætti
telur að nægilegt sé að hann fái afrit af skýrslunni. Gerð
var tilraun með að ná sambandi við lögfæðing hans, sem er
Kristján Stefánsson í fjarveru Jóns Oddssonar. Mætta er
bent á ákv. 1. málsgreinar 40 gr. laga um meðferð opinberra
mála. Hann er áminntur um sannsögli.

Mætta er kynnt það sem bókað var eftir honum þ. 2. og 3. þ.m.
varðandi lokun símans á Hamarsbraut 11 brunasár, Tryggva Rún-
ars ofl. Hann segir að þar sé rétt eftir sér haft. Mætti
gefur þá skýringu á framburði sínum nú, að í fyrri rannsókn
málsins hafi ekki verið tekið til greina þegar hann vildi
tjá sig og segja allan sannleikan í málinu.

Mætti kveðst hafa komið heim til Kristjáns Viðars, að Grettis-
götu 82, eftir kvöldmat laugard. 26. jan. 1974. Hann man ekki
betur en hafa þá verið einsamall. Hann segir að þar hafi þá
verið eitthvað af fólki og man eftir, Alberti Klahn, Tryggva
Rúnari og Gumma, sem áður sé getið um. Hann kveðst ekki muna
eftir að nefna fleiri þar. Hann getur þess, að þarna hafi all-
taf verið remmir af fólki, út og inn.

Mætti telur að Gunní hafi verið búinn að taka inn LSD töflu
og jafnvel hafi Tryggvi Rúnar fengið þar eina töflu frá Albert.

Mætti kveðst síðar hafa farið að Vesturgötu 24 til Sigríðar
Gísladóttur og segist hafa þá verið með svarta handtösku í
fórum sínum, sem innihélt áfengi og eitthvað fleira. Mætti
man ekki hvernig hann fór upp á Vesturgötu, en segist hafa
hitt, Albert Klahn Skaftason, sem var að verða sér úti um LSD

fyrir sjálfan sig og Kristján Viðar. Mætta skyldist að þeir ætluðu sér að neyta þess þá strax um kvöldið.

Mætti kveðst hafa haft orð á því að Albert keyrði sig til vinkomu sinnar, Helgu Gísladóttur, í starfsmannahúsi Kópavogshælis en hann hafi neitað því og sagðist vera að flýta sér til Kristjáns og eins það að hann hefði áður lent í slagsmálum eða átökum og vildi því ekki láta sjá sig þar. Mætti kveðst ekki muna eftir því hvort einhver hafi verið með Albert, þegar hann kom á ~~sv~~ Vesturgötu 24. Mætti segist ekki vilja útiloka þann möguleika, að hann hafi verið í bílnum hjá Albert, frá Kristjáni Viðar að Vesturgötu 24.

Mætti segir að um það bil eða rétt eftir að Albert fór, hafi hann tekið leigubíl sem stóð fyrir utan veitingahúsið Naustið og kveðst hann muna eftir því að bílinn var hvítur, eða ljós á lit og líklega af Steindórsstöð. Mætti kveðstækki hafa þekkt bílstjóran, minnir að hann væri á miðjum aldri með dökkt hár.

Mætti segist hafa látið leigubílinn keyra sig til Helgu í Kópavogi og haft í hyggju að vera hjá henni yfir nóttina og slappa af. Hann segist hafa verið með Whisky flösku meðferðis og segist eitthvað hafa verið farinn að smakka á áfenginu þá. Hann segir að flaskan hafi verið í töskunni sem áður er getið um og ennfremur segir hann að þar hafi verið tvær hljómplötur, Tu bell a bells og War.

Mætti telur að klukkan hafi verið um 23,00 þegar hann kom til Helgu. Hann segist muna eftir því, að Sæmundur Jóhannsson, komi inn í herbergið til Helgu og þyggi hjá sér Whisky lögg í glas. Hann stanzí einhvern tíma og þeir rabbi saman.

Mætti segir að nokkru eftir að hann kom til Helgu, eða líklega um kl. 24 00, hafi komið þangað Kristján Viðar Viðarsson og erindið verið að slá lán hjá mætta. Mætti kveðst þá hafa verið allfjáður og Kristjánviðar um það. Hann segist hafa verið með um 60 þús. krómur í vasa sínum.

Mætti segir að Kristján hafi beðið sig að lána honum, 5 þúsund krónur, að hann mimir. Mætti segist ekki hafa lánað Kristjáni neina peninga, heldur sagt við hann að hann geymdi sína peninga suður í Hafnarfirði.

Mætti kveðst ekki muna það, hvort Kristján kom inn í herbergi Helgu, en heldur að svo hafi ekki verið. Hann segir að Kristján hafi verið klæddur í brúnan síðan taufrakka og í dökkleitum leðurjakka innanundir, rauðum taubuxum og ljósri skyrtu, sem verið hafi eitthvað mynstruð. Sjálfur segist mætti hafa verið klæddur í dökkan leðurjakka, bláum terrelinbuxum og í lopapeysu svart-hvítri að lit, sem Helga hafi látið hann hafa. Hann segist hafa þá verið í svörtum leðurskóm, uppháum, með rennilás að innan verðu.

Mætta virtist Kristján vera nokkuð ölvaður, en rólegur að sjá. Hann segist hafa tekið eftir bíl, Alberts Klahn fyrir utan húsið, þ.e. ~~svartur~~Volksvagen af eldri gerð. Minnir mætta að bíllinn hafi staðið í innkeyrslunni við húsið, en þetta kveðst hann ekki vera alveg vissum. Mætti kveðst hafa séð að, Gunni sat framí hjá Alberti, en hann segir að Kristján hafi sagt sér, að Tryggvi Rúnar væri einnig í bílnum.

Mætti segir að Kristján hafi haft orð á því við sig, að þeir hefðu verið að keyra á milli skemmtistaða í borginni að reyna að afla sér peninga, eða vera á putterfi eins og hann hafi heyrt það kallað, en hann hafi verið daufur yfir árangri af þeirri staffessemi. Mætti segir að Kristján Viðar hafi talað um, að þeir mundu nú fara til Hafnarfjarðar. Mætta skyldist að erindið þangað væri það sama og þeir höfðu verið að gera fyrir utan skemmtistadina hér í borginni. Mætti segir að ekki hafa verið rætt um að þeir hittust neinsstaðar í Hafnarfirði.

Mætti kveðst hafa farið aftur inn til Helgu, eftir að Kristján fór og giskar hann á, að þá hafi klukkan verið um, 01,00. Rétt á eftir segist mætti muna eftir því, að starfsstúlka á hælina og herbergisfélagi Helgu, Lilja Hjartardóttir hafi komið heim og verið miður sín út af ástarmáli, en hún hafði verið á skemmtistað um kvöldið.

Mætti segist hafa legið nokkra stund í rúminu hjá Helgu og segist hann hafa verið orðinn talsvert ölvaður. Hann heldur að klukkan hafi verið um 02,00 aðfaranótt sunnudagsins, þegar hann fór að hugsa um það, ^{að} vissara væri að fara og huga að því, hvort, Kristján og félagar hans, sem áður eru nefndir, myndu reyna að komast inn í íbúðina að, Hamarsbraut 11, ~~XXXXXX~~ en hún hafi oft staðið ólæst, sökum þess að ekki var nema einn lykkill til að útidyrælasingunni.

Mætti man eftir því að hann klæddi sig og minnist þess að hafa þá farið aftur í lopapeysuna og í hvírti skyrту innanundir, sem hann keypti í Amsterdam, er hann hafi verið þar á ferð fyrir viku eða svo, ásamt Viggó Guðmundssyni. Um þá ferð megi lesa í sérstöku máli, sem rannakað var hjá fíkniefnadómstólum, á þeim tíma.

Mætti kveðst síðan hafa tekið leigubíl til Hafnarfjarðar en man ekki fyrir víst, hvar eða hvernig hann fékk þann bíl. Hann segir að til greina komi, að hann hafi gengið upp á að bílasíma Hreyfils við bíðhúsið og eins geti verið að hann hafi tekið bílinn fyrir utan starfsmannahúsið. Þetta sé mætta ekki svo ljóst, að hann treysti sér að fullyrða neitt um það. Mætti kveðst ekki muna hvaða bílstjóri ók honum, þessa ferð. Aðspurður segir hann að það hafi ekki verið Viggó Guðmundsson.

Mætti man eftir því að ljós var í gluggum íbúðarinnar í kjalara hússins, þegar hann kom að húsinu. Hann segist hafa gert upp bílinn, en segist ekki muna hvað hann kostaði. Hafi leigubíllim síðan ekið í burtu. Mætti kveðst muna eftir því að hafa þá séð bíl Alberts við kjallaradyrnar og framendinn smíð til suðurs, meðfram þeirri hlið hússins sem útidyrnar á kjallaraíbúðinni eru.

Mætti segir að kjallaradyrnar séu opnar og þegar hann kemur inn, þá séu þar inni, Kristján Viðar Viðarsson, Tryggvi Rúnar Leifsson, Gunnar Þór Jónsson svo og Guðmundur Einarsson, sem mætti hafi þá ekki þekkt. Hann segir að memrinir hafi allir verið staddir í fremra herbergi íbúðarinnar. Hann segir að Erla hafi þá ekki verið heima.

Mætti segir að sér virðist allir mennirnir vera mjög mikið ölvaðir og lyfjarugl á þeim að heyra. Hann undan-
skylur þó Albert Klahn, sem honum virtist ódrukkinn.

Mætti segir að strax og hann birtist þarna inni, hafi bæði Kristján og Tryggvi beðið sig um peninga til að kaupa flösku. Segist mætti hafa sagt við þá, að hærna gætu þeir ekki verið, vegna þess að varla væri hægt að segja að hann réði húsum, því Erla Bolladóttir fengi að vera þarna hjá föður sínum.

Mætti segir að ekki hafi verið hlustað á sig og þeir bullað einhverja vitleysu og ekkert komið annað að, en kaupa flösku og setjast síðan þar niður að drekka.

Þegar hér var komið sögu segir mætti að nokkur misklið hafi verið orðin og segir hann að Guðmundur Einarsson, ætli að þrýfa til sín, en hann getað vikið sér undan. Mætti segir að þarna verði ein alsherjar slagmál út úr þessu og beinist hún að, Guðmundi Einarssyni. Þegar þetta gerist, þá segir hann að þeir séu allir staddir í fremra herbergi íbúðarinnar.

Mætti kveðst ekki gera sér alveg ljóst, hvers vegna Guðmundur beindi aðförinni í fyrstu að sér, en telur þar komi tvær ástæður til álita. Annarsvegar að hann var að amast við því að þeir væru þarna inni og hins vegar, að Guðmundur hafi haldið að mætti hafi rænt veski hans. Mætti óskar að taka það skýrt fram hér, að hann hafi ekki tekið veski Guðmundar og ekki séð það tekið úr vasa hans. Hann bendir líka á það, að hann hafi verið með peninga á sér og engin ástæða til slíks verknaðar.

Mætti kveðst hafa séð að, Kristján Viðar sló Guðmund í andlitið og þeir Tryggvi Rúnar og Albert Klahn voru þar við og telur mætti að þeir hafi einnig tekið þátt í átökum við Guðmund, en hann segist ekki hafa séð, hver gerði hvað, eða hver það var sem sló Guðmund niður. Hann segist sjálfur hafa flúið fram á ganginn og inn á salernisherbergið og þegar hann var þar inni, hafi hann heyrt dýnk, eins og maður félli utaní

vegg eða í gólfið. Mætti telur að Gunnar hafi ekki tekið þatt í átökunum, áður en mætti fór fram á ganginn, þá hafi Gunnar setið í gulfóðruðum stól, innarlega í fremara herberginu.

Mætti segir að þetta hafi skeð mjög snögg. Hann segist hafa heyrt í Tryggva og Kristján fara fram á ganginn og þá hafi hann farið út úr salernisherberginu og er hann kom inn í stofuna, þá hafi Guðmundur legið á bakinu á gólfinu í fremra herberginu. Þá hafi Albert verið yfir Guðmundi að athuga með hann, en hann man ekki glöggst hvar Gunnar var þá, en heldur að hann hafi verið hjá, Albert, að athuga með Guðmund.

Mætti kveðst hafa álitnið þarna að Guðmundur hefði verið sleginn niður, en ekki gert sér ljóst, að það væri alvarlegs eðlis. Hann segist hafa séð Tryggva og Kristján frammi á ganginum og þeir þá verið enn að ræða um peningamálin og viljað kaupa flösku. Mætti kveðst hafa ætlað að leggja til pening til áfengiskaupanna og þeir féllust á að vera ekki í íbúðinni við drykkjuna.

Mætti segir að þá hafi verið farið að reyna að vekja Guðmund og fyrst hafi Tryggvi beygt sig niður að honum og Kristján líka og þeir þá uppgötvað að Guðmundur var látinn. Sjálfur segist mætti hafa beygt sig niður að Guðmundi og komist að sömu niðurstöðu, að hann myndi vera látinn.

Eins og áður greinir, segir mætti að Guðmundur hafi legið á bakinu á gólfinu. Hann segist hafa tekið eftir því, að eitthvað blóð var í munnvikum hans, en ekkert rennandi sýnilegt blóðrennsli.

Aðspurður segist mætti ekki hafa séð Kristján Viðar Viðarsson, beyta hníf eða neimu eggvopni og ekki segist hann heldur hafa séð notað neitt barefli. Mætti óskar að taka það fram, að við samprófun í maí mán. s.l. með Kristján Viðar, hjá Nirði Snæhólmi í Síðumúlafangelsi, tjái Kristján frá því, að hann hafi orðið Guðmundi Einarssyni að bana með hnífsstungu. Þetta segist mætti ekki hafa fallist á, enda hafi það ekki við rök að styðjast.

Mætti segir að í uppháfi rannsóknar þessa máls, hafi sér verið sýnt hnífsblað, fengið hjá Helgu Gísladóttur og látið að því liggja að því hafi verið beytt í umræddum átökum, en þetta eigi ekki skylt við raunveruleikann.

Honum er sýnd mynd af byssusting þeim sem áður hefur verið vikið að við framhaldsrannsókn þessa máls og segist mætti kunnaát við að hafa séð slíkan grip hjá Kristjáni Viðari, en mætti kveðst ekki hafa séð Kristján með byssustinginn þetta umrædda kvöld eða nótt. Mætti vill geta þess, að í maí mánuði s.l. hafi Kristján Viðar tjáð mættu, að hann hafi verið með byssustinginn á sér og orðið Guðmundi að bana með homum. Mætti kveðst þora að fullyrða, að þessi saga Kristjáns sé hreinn uppspuni og kennir um, hvernig staðið var að fyrri rannsókn í málinu. Mætti segist ekki hafa neina hugmynd um, hvað varð af þessum byssusting sem Kristján hafði undir höndum. Hann segist einhverntíma hafa orðið var við hann í herbergi Kristjáns.

Þegar það var orðið ljóst, að Guðmundur Einarsson var raunverulega látinn, þá segir mætti að þeir hafi orðið mjög óttaslegnir og í fyrstu verið rætt um að kalla á lögreglu eða sjúkrabíl, en af ótta við afleiðingarnar, hafi verið horfið frá því. Líka hafi komið til álitaað koma líkinu út og skilja það eftir svo það fyndist, en ekki fallist á það vegna þess að böndin mundu berast að þeim félagum sem síðast voru með homum um kvöldið og einhver gæti hafa þekkt þá.

Þá segir mætti að komið hafi upp tillgga, um að koma líkinu fyrir á öruggum stað svo að það fyndist ekki. Ekki kveðst mætti vilja, eða geta sagt, hver stungið hafi upp á þessu, en þetta hafi orðið samkomulag á milli þeirra allra og þar segir mætti að Gunnar hafi einnig verið með í ráðum.

Mætti segir að tekin hafi verið ákvörðun um að koma líkinu fyrir einhversstaðar fjarri mannabyggðum, en ekki hafi verið tilnefndur neinn ákveðinn staður. Mætti segir að það sé rangt að þeir hafi tekið lakið úr rúmi þeirra Erlu og vafið utanum líkið. Sannleikurinn sé sá, að þeir hafi borið líkið á milli sín, eins og það lá á gólfimu. Hann segir enn fremur að það sé rngt, að þeir hafi borið það fyrst inn í geymsluherbergið,

Því að farið hafi verið með það beint út í bíl Alberts og fyrst hafi verið reynt að koma því í farangursgeymsluna, en þegar ekki var hægt að loka henni, þá hafi líkið verið sett inn í bílinn fyrir aftan framætin. Mætti kveðst ekki vilja slá því föstu, að þeir hafi reynt að koma líknu fyrst fyrir í farangursgeymslunni, eins geti verið að þeir hafi strax sett það inn í bílinn.

Ekki kveðst mætti hafa tekið eftir neinum blettum á gólfinu í herberginu þar sem líkið lá, þegar það var tekið upp. Hann segist hafa læst útidyráhurðinni, eftir að þeir fóru út með líkið. Hann segir að eftir að þeir settu líkið í bílinn, hafi hann farið einsamall, eftir því sem hann minnir, aftur inn í húsið, slökkt ljósin og lokað hurðum. Mætti minnst þess ekki að hafa séð Erlu Bolladóttur þarna á staðnum og segist hann ekki hafa hitt hana fyrr en á sunnudagskvöldið, þ. 27. janúar 1974.

Eftir að mætti hafði gengið frá íbúðinni, þá hafi hann farið út.

Þegar hér var komið sögunni, þá óskar mætti eftir því að láta staðar numið og fer fram á það, að reynt verði til þrautar, að ~~á þessum málsmálsins verði krafðir um sannleikann í málunum~~ fá aðra aðila málsins, til að segja allan sannleikann.

Skýrslutöku lokið kl. 20,40.

Vottar,
Kristmundur J. Sigurðsson
 Kristmundur J. Sigurðsson.
Hellert Jóhannsson
 Hellert Jóhannsson.

Upplesið staðfest,
Sævar Marínó Ciesielski
 Sævar M. Ciesielski.

Gísli Guðmundsson
 Gísli Guðmundsson
 lögreglum.

P.lo.3. 1977, kl.16.30, mætir enn í málinu, Albert Klahn Skaftason og er hann enn inntur eftir frekari upplýsingum í málinu. Hann er sérstaklega spurður að því, hvort hann geti upplýst hvað orðið hafi af armbandsúri því, sem Guðmundur Einarsson hafði verið með á handleggnum. Mætti er áminntur um sannsögli.

Mætti kveðst ekki vita hvað orðið hafi af úri Guðmundar Einarssonar og segist alldreif hafa séð það tekið af honum. Mætti er spurður að því hvort verið geti að, Gunnar Þór Jónsson geti hafa fengið úrið. Hann segir að þetta geti vel verið, en hann viti ekki um það. Sjálfur kveðst mætti ekki hafa átt úr, þegar atbrúðurinn gerðist.

Mætti segist hafa mikið hugsað um þetta mál og eftir að hann gaf síðustu skýrslu sína fyrir sakadómi, þá hafi hann gert sér erindi að, Hamarsbraut 11, Hafnarfirði suður í Hafnarfjarðarhraun og í Hafnarfjarðarkirkjugarð. Mætti segist hafa beygt út á afleggjarann þar sem hann telur að ekið hafi verið út af steypa Keflavíkurveginum, en ekki tröyst sér til að keyra eins langt út í hraunið og hann telur að ekið hafi verið með líkið umrædda nótt.

Mætti segist vera nokkuð viss um að muna það rétt, að í þeirri ferð, hafi hann ekið nokkurn spöl eftir malarvegi meðfram Keflavíkurveginum og minnst þess, að Sævar Ciesielski hafi haft orð á því, hvort ekki væri rétt að slökkva ljós bifreiðarinnar. Mætti segist hafa prófað það, en þá komið í ljós, að of skuggsýnt var og því kveikt ljósin aftur.

Mætti er inntur nánar eftir því, hvar líkið var látið í Hafnarfjarðarkirkjugarð. Hann segist ekki hafa fundið ákveðinn punkt í garðinum, en heldur sig við það svæði, sem er austan við ~~svæðið~~ hliðið og segist telja sig hafa séð vegginn, sem liggur meðfram veginum, frá þeim stað sem grafið var og líkið var sett. Hann heldur að gryfjan sem tekin var hafi verið styttri en hann áður sagði, en dýptin sú sama. Mætti kveðst vera tilbúinn að reyna að gera nánari grein fyrir því hvar í garðinum líkið var sett.

Aðspurður kveðst mætti ekki muna betur en áður, eftir því,

hvenær Gunnar fór frá, Hamarsbrautinni eftir atburðinn og segist ekki muna það betur nú. Mætti telur að Gunnar ætti best sjálfur að geta skýrt frá þessu, hann hafi ekki verið áberandi ölvaður. Hann segist ekkert geta sagt um það, hvort hannar hafði tekið inn LSD töflu fyrr um kvöldið.

Skýrslugerð lokið kl.17,45.

Vottur,

Hellert Jóhannesson.

Hellert Jóhannesson

Upplesið staðfest,

Albert Skafason

Albert Klahn Skaftason.

Gisli Guðmundsson

Gisli Guðmundsson

lögreglum.

Þ.11.3.1977. kl.09,30 mætir enn í nálinu, Viggó Guðmundsson Gyðufelli 14 og er hann inntur eftir frekari upplýsingum um ferðir hans með Sævar Ciesielski og félagi hans á því tíma-bili sem Guðmundur Einarsson hvarf. Mætti er áminntur um sannsögli.

Mætti kveðst áður hafa gefið allar þær upplýsingar sem hann man eftir og að gagni mættu verða við rannsókn málsins. Hann segist muna eftir því að hafa keyrt Sævar á sunnudagskvöldi að, Hamarsbraut 11 og þá hafi ætlun hans verið að fara austur að, Gljúfurholti í Ölfusi en Sævar hafi horfið frá því. Mætti man ekki hvaða mánadag þetta skeði en það hafi verið um níu leytið að kvöldi.

Mætti er spurður um klæðnað Sævars, þegar þeir fóru saman til útlanda í janúar 1974. Hann sgir Sævar hafa verið í peysu gömlum hálf síðum leðurjakka og svörtum flauelis-buxum. Hann segir að Sævar hafi eitthvað keypt af fatnaði, skyrtum eða slíku fyrir sjálfan sig í Hollandi. Hann man eftir að Sævar keypti þar hvíta skyrtu með kögri fram á hendur en að öðru leyti man hann ekki eftir fatakaupum hans.

Mætti man ekki betur en Sævar væri eins klæddur, eftir að hann kom heim úr utanlandsferðinni og telur að hann hafi

yfirleitt verið ~~innviðfarar~~ í sömu fötunum og heldur ósnyrtilegur. Mætti er spurður að því, hvort hann hafi séð Sævar í svartri skyrtu. Mætti segist ekki muna eftir því, en vill ekki fullyrða neitt um það.

Aðspurður kveðst mætti ekki minnast þess, að Sævar léti hann fá armbandsúr upp í keyrslu en hann segist eitt sinn hafa tekið úr hjá Kristjáni Viðar, vegna ökuskuldar. Hann hefur nú sýnt það úr hér, en það er ekki úr Guðmundar Einarssonar. Hann minnst ekki að hafa tekið úr í pant hjá Tryggva Rúnari Leifssyni.

Skýrslugerð lokið kl.10,00.

Upplesið staðfest,
Viggó Guðmundsson
Viggó Guðmundsson.

Gísli Guðmundsson
Gísli Guðmundsson
lögreglum.

Þ.11. marz 1977, kl. 11,00, mætir enn í málinu, Kristján Viðar Viðarsson, nú gæzlufangi í Hegningarhúsimu. Að fyrir-lagi Gunnlaugs Briem, sakadómara er lögð fyrir hann aðeins ei spurning og hún er sú, hvort líkamsleyfar Guðmundar Einarssonar hafi verið grafnar í kirkjugarðinum í Hafnarfirði. Mætti er áminntur um sannsögli.

Mætti svarar þessu þannig:
"Það er þá algjörlega án minnar vitundar".

Skýrslutöku lokið kl.11,03.

Upplesið staðfest.
Kristján Viðar Viðarsson
Kristján Viðar Viðarsson.

Vottur, Vernh. Kristjánsson
Vernharður Kristjánsson.

Gísli Guðmundsson
Gísli Guðmundsson
lögreglum.

p.11.3.1977, kl.13,25, mætir í málinu, Tryggvi Rúnar Leifsson, nú gæzlufangi í fangelsinu í Síðumúla. Að fyrirlagi Gunnlaugs Briem, sakadómara, er lögð fyrir hann aðeins ein spurning og hún er sú, hvort líkamsleyfar Guðmundar Einarssonar hafi verið grafnar í kirkjugarðinum í Hafnarfirði.. Mætti er áminntur um sannsögli.

Mætti svarar spurningunni þannig orðrétt:

"Þetta veit ég ekkert um, af því ég kem þar hvergi nærri".

Þessi skýrsla var tekin í Síðumúlafangelsi og var lokið kl.13,40.

Gisli Guðmundsson
lögreglum.

Upplesið staðfest,
Tryggvi Rúnar Leifsson
Tryggvi Rúnar Leifsson.

p.11.3.1977 kl.14,33, mætir enn í málinu Sævar Marinó Ciesielski, nú gæzlufangi í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Að fyrir lagi Gunnlaugs Briem sakadómara, er lögð fyrir hann aðeins ein spurning og er um það hvort líkamsleyfar Guðmundar Einarssonar hafi verið grafnar í kirkjugarðinum í Hafnarfirði. Mætti er áminntur um sannsögli.

Mætti svarar spurningunni þannig orðrétt:

" Nei, ekki mér vitandi".

Skýrslugerð lokið kl.14,40.

Vottur,
Bjarni Matthíasson.

Upplesið staðfest,
Sævar M. Ciesielski
Sævar M. Ciesielski.

Bjarni Matthíasson

Gisli Guðmundsson
lögreglum.

Þ. 14.3.1977, kl. 10,15, mætir aftur í málinu Erla Bolladóttir fyrrv. sambýliskona, Sævars M. Ciesielski. Henni er bent á nokkur atbiði í fyrri framburði hennar, sem ekki komi heim og saman við sumt af því sem fram kemur í framburði hennar hjá rannsóknarlögreglunni þ. 20. des. 1975 og framburði þeirra, Sævars Ciesielski og Alberts Klahn Skaftasonar. Mætta er áminnt um samsögli.

Mætta kveðst ekki gera sér ljóst, hvernig standi á þessu ósamræmi og treysti hún sér ekki til að skýra það nánar nú. Hún segist ekki geta gefið skýringu á því, hvers vegna hún hafi ekki nefnt alla þá menn sem hafi verið staddir á Hamarsbraut ll umrætt sinn, ef það sé sannleikur málsins.

Mætta segist ekki geta skýrt það frekar, hvers vegna ósamræmi er í hennar framburði og þeirra Alberts og Sævars, hvað varðar lakið úr rúmi þeirra Sævars, né heldur um að líkið hafi verið sett fram í geymsluna á meðan þeir fóru í burtu af staðnum.

Mætta kveðst ekki minnst þess, að bíll Alberts Klahn, hafi staðið fyrir utan dyranar á húsinu. Hún segist ekki muna eftir því hvort síminn hafi verið lokaður vegna vanskýla, en hún segir að það hafi komið fyrir. Hún minnst þess, að Sævar hafi einhverntíma látið hana hafa peninga til að greiða skuld sem var á símanum, en ekki kveðst hún geta tilgreint það nánar.

Mætta man eftir því að hafa sagt frá því í skýrslu hjá fíkniefnadómstólnum, þ. 7. febr. 1974, að Sævar hafi komið heim til hennar eftir nokkurra daga fjarveru þ. 27. jan. '74 og þá verið með Viggó Guðmundssyni. Hún segist ekki geta gefið neina skýringu á því, hvers vegna hún hafi ekki minnst á að hafa orðið vör við Sævar þegar hún kom heim úr Klúbbnum aðfaranótt þ. 27. jan.

Mætta segir að þegar hún gaf skýrslu sína hjá rannsóknarlögreglunni, þ. 20. 12. 1975, þá hafi hún og Sævar verið heitbundin og þess vegna hafi henni verið gerð grein fyrir því, að henni væri ekki skylt að bera vitni í málinu.

Gísli Guðmundsson. Skýrslutöku lokið kl. 11,50.

Erla Bolladóttir
Upplesið staðfest,

P.14.3.1977, kl.13,50, mættir í málimu Kristján Viðar Viðarsson, ákærður í málimu og nú gæzlufangi í Hegningarhúsinu við Skólavörðustíg. Að tilhlutan Gunnlaugs Briem sakadómara er mætti beðinn að gera nánari grein fyrir nokkrum þeim atriðum sem snerta þátttöku hans í málinu og ef hann gæti skýrt betur atburðarrásina, þegar umræddur atburður skeði. Mætta er gerð grein fyrir ákv. 1. málsgreinar 40 gr.laga um meðferð opinberra mála. Mætti er áminntur um sannsögli.

Mætti segir að frásögn hans um að hann hafi stungið Guðmund Einarsson, með byssusting er hann hafi verið með við belti sitt, sé ekki sannleikanum samkvæmt. Mætti segir að þessu hafi skotið upp í kollinn á sér og kannske hafi ástæðan verið sú, að hann vildi einn taka á sig alla sökina. Mætti segir að lýsingin á því þegar hann átti að hafa stungið Guðmund hafi ekki verið raunveruleg og þetta svokallaða "prumphljóð" sem fram kemur í skýrslu, Haraldar Árnasonar hafi verið tilbúningur, sem hann sjálfur telur sig eiga sök á. Einnig segir mætti að sama sé að segja um lyktina, sem lýst er í sömu skýrslu, það sé tilbúningur, en trúlega sé sú lýsing komin frá Erlu Bolladóttur og lögreglumönnum sem rannsókn höfðu á málimu í upphafi.

Mætti segir að saga byssustingsins um að hann hafi tekið hann frá Bárði Ragnari Jónssyni, sé sannleikur. Hann segist ekki hafa gengið með hann á sér, að minnsta kosti allrei hér heima á Íslandi. Mætti segist oftast hafa geymt stinginn á vegg nál. dyrum á herbergi sínu að, Grettisgötu 82, en hann segist stundum hafa tekið byssustinginn og falið hann annarsstaðar í íbúðinni, sérstaklega ef einhver gleðskapur var hjá honum. Mætti segir að byssustingurinn hafi horfið frá sér, en segist ekki gera sér grein fyrir því, hvort það var áður eða á eftir, að atburðurinn skeði á Hamarsbraut 11, sem hér er fjallað um.

Þá er mætti inntur eftir því, hvort hann muni það, að síminn í íbúð, Erlu og Sævars, hafi verið lokaður þegar atburðurinn skeði. Mætti kveðst nú muna eftir því, að síminn hafi verið lokaður. Hann segist ekki hafa verið spurður um þetta fyrr og því ekki munað sérstaklega eftir því.

Mætti er spurður að því, hvort hann muni eftir fleiri mönnum á Hamarsbraut 11, þegar Guðmundi var ráðinn bani. Mætti man

eftir því nú, að Albert Klahn Skaftason og strákur sem kallaður er Gunnar, hafi verið þar inni. Mætti telur að hvorugur þeirra hafi lent í átökum við Guðmund Einarsson.

Mætti kveðst ekki vita frekari deild á Gunnari, en segir að hann hafi verið mikið með Albert á þessu tímabili og verið eitthvað í fíkniefnum með Albert. Mætti segir að þessi Gunnar hafi nokkrum sinnum komið heima á Grettisgötu 82, en þá í fylgd með Albert.

Mætti man eftir því að Albert og hann komu til hans í heim-sókn þetta umrædda laugardagskvöld 26. jan. 1974 og þar hafi einnig verið, Tryggvi Rúnar Leifsson. Mætti minnst þess ekki, að Sævar Marinó hafi þá verið heima hjá honum. Mætti man eftir því að Albert fór í ~~hann~~ leiðangur til að kaupa LSD töflur af, Sigríði Gísladóttur og minnir að Gunnar hafi farið með honum.

Mætti segir að hugsanlegt sé, að hann hafi tekið inn hálfu töflu af LSD og segist hann muna eftir að hafa verið að skifta henni í sundur með rakvélarblaði. Á eftir segist hann muna eftir því, að þeir hafi farið 4 út að keyra með Albert þ.e. mætti, Tryggvi Rúnar og Gunnar. Mætti lýsir Gunnari þannig, frekar smávaxinn, með sítt dökkskölleitt hár, skift í miðju og hafi hann yfirleitt verið klæddur í ljósblá gallaföt. Mætti kveðst ekki vita um heimilisfang hans.

Mætti segir að ekið hafi verið á milli skemmtistaða um kvöldið og telur hann að ástæðan hafi verið sú að komast í "partí". Eitthvað hafi þetta gengið illa og þá hafi verið ekið að Kópavogshelimu eða starfsmannahúsinu. Hann kveðst þar hafa talað við, Sævar Marinó, er þar hafði verið hjá, Helgu Gísladóttur. Mætti segist hafa beðið Sævar um peninglán fyrir áfengi, en hann verið eitthvað tregur til þess. Mætti segist

~~Mætti er nú sýnd mynd af Gunnari Jónssyni í lokastigið og segir hann það vera umræddan Gunnar.~~

hafa vitað að Sævar átti til peninga. Mætti kveðst hafa spurt Sævar að því, hvort þeir mættu ekki koma inn til Helgu. Mætti telur að Sævar hafi þóttst spyrja Helgu að því, hvort þeir mættu koma inn, en hafi ekki gert það, en Sævar hafi sagt, að þeir mættu ekki koma inn. Sjálfur hafi hann hafat orð á

því, að hann væri á heimleið.

Eftir þetta segir mætti að ekið hafi verið til Hafnarfjarðar og hann og Tryggvi Rúnar farið út úr bílnum og í brekkunni ofan við Strandgötuna hafi hann hitt Guðmund Einarsson. Hann segir að Tryggvi hafi þá verið með sér. Mætti kveðst ekki muna betur, en þeir fari síðan þrír gangandi að Hamarsbraut ll.

Mætta er bent á að samkv. framburði Alberts Klahn, hafi þeir allir komið aftur inn í bíl til hans og hann ekið þeim að Hamarsbraut ll.

Mætti kveðst nú muna eftir því, að þeir hafi jú farið inn í bíl til Alberts, en sig minni, að þeir hafi farið aftur út úr bílnum. Ekki segist hann samt vilja fullyrða þetta. Mætti segir að erindið á Hamarsbraut ll hafi verið að fá peningalán hjá Sævari.

Mætti kveðst hafa bankað á glugga á Hamarsbraut ll og telur bæði á stofu og herbergisglugga. Mætti segist ekki muna betur en að Sævar hafi skriðið inn um glugga, en þeir hafi ekki verið komnir inn í húsið þegar Sævar kom. Mætti kveðst ekki hafa séð, í hvernig bíl Sævar kom þangað.

Mætti segir að Sævar hafi hleypt þeim inn og minnir hann að þeir, Albert og Gunnar hafi komið þangað inn rétt á eftir.

Mætti segir að átök hafi orðið á milli, Tryggva Rúnars, Sævars og Guðmundar, fljótlega eftir að þeir komu þarna inn. Hann man eftir því að Sævar hafi haft orð á því, að hér gætu þeir ekki lengi verið, því Erla komið fljótlega heim, eins minnir mætta að Sævar hafi haft orð á því við þá, að hafa ekki hátt.

Mætti man illa eftir atburðarrásinni þarna inni ám Hamarsbraut ll og kveðst ekki muna sérstaklega eftir Erlu Bolladóttur. Hann kveðst ekki treysta sér til þess nú, að gefa réttari lýsingu á atburðinum, en hann hafi áður gert.

Mætti telur sig þó muna eftir því, að hann sjálfur hafi slegið Guðmund ~~ekki~~ fjórum sinnum og segist mætti halda, að það

hafi orðið honum að fjórtjóni. Mætti telur sig einnig muna eftir því, að Tryggvi Rúnar hafi líka slegið Guðmund. Mætti segist ekki vita hvort, Sævar eða Albert hafi eitt-hvað lent í átökunum. Mætti telur fullvíst, að Gunnar hafi ekki lent í átökum við Guðmund.

Mætti kveðst ekki muna eftir að lak hafi verið vafið utanum Guðmund og segist ekkert vilja um það segja frekar. Mætti kveðst ekki muna eftir því hvort farið var með lík Guðmundar í geymsluna á Hamarsbraut 11, en vill ekkert fullyrða um það.

Um ferðalagið með líkið í bíl Alberts hefur mætti lítið annað að segja en áður er komið fram. ~~Mætti segist ekki hafa verið staðfær~~
~~til þess að sýna á mynd af þessum líka~~ Aðspurður um það, að mætti hafi verið með í að koma líkinu fyrir í Fossvogskirkju-garði í ágúst 1974, segir hann, að hann hafi ekki verið með í að flytja líkið þangað, né á neinn annan stað.

Mætta er nú sýnd mynd af, Gunnari Jónssyni, Lokastíg 18 og segir hann þar þekkja áður nefndan mann, sem verið hafði staddur að, Hamarsbraut 11, þegar umræddur atburður skeði þar.

Skýrslutöku lokið kl. 16,50.

Viðstaddur yfirheyrsluna var réttargæzlumaður mætta, Páll A.Pálsson hdl.

Vottur,
Hellert Jóhannsson
Hellert Jóhannsson.

Upplesið staðfest,
Kristján Viðar Viðarsson
Kristján Viðar Viðarsson.

Eisli Guðmundsson
Eisli Guðmundsson
Lögreglum.

Þ.16.marz 1977.

Í dag var farið í leiðangur með Albert Klahn Skaftason að Hamarsbraut 11, Hafnarfirði og þar skoðuð kjallara-íbúð sú sem atburðurinn 'a' að hafa skeð. Þá var ennfr. farið í kirkjugarðinn í Hafnarfirði og Albert beðinn um að reyna að benda enn einu sinni á þann matað sem lík Guðmundar Einarssonar var grafið.

Auk undirritaðs voru með í förinni, sakadómarnir, Gunnlaugur Briem, Ármann Kristinsson og Haraldur Henrysson, Örn Clausen hrl. réttargæzlumaður Alberts Klahn, Kristmundur J. Sigurðsson, aðst.yfirlögregluþj. Davíð Hálfðánarson og Vernharður Kristjánsson, rannsóknarlögglumenn. Sveinn Björnsson og Jóhannes Jónsson, rannsóknarlögglumenn í Hafnarfirði, voru viðstaddir umræddar athuganir.

Albert kom inn í íbúðina á Hamarsbraut 11 og ræddi Gunnlaugur Briem ofl. við hann þar inni. Ekki virtist hann vera vel minnugur þess sem þarna hafði gerst, þ. 27.jan. 1974, en hann taldi sig muna eftir því, að átökin á milli mannanna hefði byrjað rétt innan við dyrnar í innra herbergi íbúðarinnar, þ.e. svefnherberginu. Hann taldi sig muna eftir því, að þegar átökin voru um garð gengin, hafi Guðmundur legið á gólfinu í fremra herberginu.

Eftir að íbúðin hafði verið skoðuð, var farið enn eina ferð í Hafnarfjarðarkirkjugarð og Albert beðinn um að benda á staðinn. Albert var mjög á reyki, en hélt því samt fram að líkið eða það sem verið var með í poka og grafið í garðinum, hefði verið sett einhversstaðar í norðaustur hluta garðsins. Hann taldi að þeir hafi grafið með fram steiptum kanti utan við leiði, gæti þó hugsanlega verið inni í leiði.

Gestur Gamalielsson, Vitastíg 4, sími 50162, kirkjugarðsvörður kom einnig á staðinn og fylgdist með því sem Albert benti á. Gestur taldi enn sem fyrr, heldur ólíklegt að hann hefði ekki tekið eftir því, ef þetta hefði verið grafið í garðinum en hann vildi ekki útiloka það. Hann sagði að hægt væri að kanna þetta allnám, þegar frost

færi úr jörðu með því að reka niður tein og ef fyrir-
staða væri, þá ætti það að finnast.

Gisli Guðmundsson
Gisli Guðmundsson
lögreglum.

Alfríður Guðmundsdóttir	1
Andri Þorsteinsson	2
Ingólfur Guðmundsson	3
Ejnar Guðmundsson	4
Hjalti Guðmundsson	5
Þóttur Guðmundsson	6
Ólafur Guðmundsson	7
Þorvaldur Guðmundsson	8
Elfa Guðmundsdóttir	9
Hilmar Guðmundsson	10
Richard Guðmundsson	11
Ólafur Guðmundsson	12
Vilhjálmur Guðmundsson	13
Guðmundur Guðmundsson	14
Guðmundur Guðmundsson	15
Ólafur Guðmundsson	16
Haraldur Guðmundsson	17
Ólafur Guðmundsson	18
Ólafur Guðmundsson	19
Ólafur Guðmundsson	20
Ólafur Guðmundsson	21
Ólafur Guðmundsson	22
Ólafur Guðmundsson	23
Ólafur Guðmundsson	24
Ólafur Guðmundsson	25
Ólafur Guðmundsson	26
Ólafur Guðmundsson	27
Ólafur Guðmundsson	28
Ólafur Guðmundsson	29
Ólafur Guðmundsson	30
Ólafur Guðmundsson	31
Ólafur Guðmundsson	32
Ólafur Guðmundsson	33
Ólafur Guðmundsson	34
Ólafur Guðmundsson	35
Ólafur Guðmundsson	36
Ólafur Guðmundsson	37
Ólafur Guðmundsson	38
Ólafur Guðmundsson	39
Ólafur Guðmundsson	40
Ólafur Guðmundsson	41
Ólafur Guðmundsson	42
Ólafur Guðmundsson	43
Ólafur Guðmundsson	44
Ólafur Guðmundsson	45
Ólafur Guðmundsson	46
Ólafur Guðmundsson	47
Ólafur Guðmundsson	48
Ólafur Guðmundsson	49
Ólafur Guðmundsson	50
Ólafur Guðmundsson	51
Ólafur Guðmundsson	52
Ólafur Guðmundsson	53
Ólafur Guðmundsson	54
Ólafur Guðmundsson	55
Ólafur Guðmundsson	56
Ólafur Guðmundsson	57
Ólafur Guðmundsson	58
Ólafur Guðmundsson	59
Ólafur Guðmundsson	60
Ólafur Guðmundsson	61
Ólafur Guðmundsson	62
Ólafur Guðmundsson	63
Ólafur Guðmundsson	64
Ólafur Guðmundsson	65
Ólafur Guðmundsson	66
Ólafur Guðmundsson	67
Ólafur Guðmundsson	68
Ólafur Guðmundsson	69
Ólafur Guðmundsson	70
Ólafur Guðmundsson	71
Ólafur Guðmundsson	72
Ólafur Guðmundsson	73
Ólafur Guðmundsson	74
Ólafur Guðmundsson	75
Ólafur Guðmundsson	76
Ólafur Guðmundsson	77
Ólafur Guðmundsson	78
Ólafur Guðmundsson	79
Ólafur Guðmundsson	80
Ólafur Guðmundsson	81
Ólafur Guðmundsson	82
Ólafur Guðmundsson	83
Ólafur Guðmundsson	84
Ólafur Guðmundsson	85
Ólafur Guðmundsson	86
Ólafur Guðmundsson	87
Ólafur Guðmundsson	88
Ólafur Guðmundsson	89
Ólafur Guðmundsson	90
Ólafur Guðmundsson	91
Ólafur Guðmundsson	92
Ólafur Guðmundsson	93
Ólafur Guðmundsson	94
Ólafur Guðmundsson	95
Ólafur Guðmundsson	96
Ólafur Guðmundsson	97
Ólafur Guðmundsson	98
Ólafur Guðmundsson	99
Ólafur Guðmundsson	100

Efnisyfirlit:

<u>Nöfn.</u>	<u>Eigin framb.</u>	<u>Annara framb.</u>
Anna Viðarsdóttir,	32-33.	
<u>Albert Klahm Skaftason,</u>	109-116.121.131.140	22.36
Alfreð Hilmarsson,	48-49.79-80.	
Auður Jakobsen Úlfarsd.	10-18.	
Ásgeir Þorsteinsson (Gilli),	50-51.	26.
Bjarnfríður H.Guðjónsdóttir,	24-25.	
Björn Guðmundsson,	71.	
Bolli Gunnarsson,		6
Bárður Ragnar Jónsson,	16.42.	
Bæring Vagn Aðalsteinsson,	96.	
Elín Birna Árnadóttir,		28
Elías Kristján Helgason,	29.	29
Elínborg Rafnsdóttir,	12.37.40.	38
<u>Erla Bolladóttir,</u>	85-88.135.	22
Filippus Þorvarðarson,	77-78.	
Guðmundur E.Þ.Björnsson,=	9.	
Gunnar Þór Árnason,		26
<u>Gunnar Þór Jónsson,</u>		109.122.123.130.
Gunnar Guðmundsson,	97-98.	
Grétar Jóhannes Sigvaldason,	80.81.82.	
Halldór Fannar Ellertsson,	63-65.	65.66.67.
Helga Gísladóttir,	52-54.	22.
Hinrik Jón Þórissen,		22.
Ingiríður Finnsdóttir,	100-101.	82-83.97.
Jónína Ingibjörg Gíslad.	35-36.	
Jón Sigurðsson,	72.	
Jónas Kr. Jónasson,	75-76.	
Kristinn Már Magnússon,	20.	
Kristján Pétursson,	30-31.79.	22
<u>Kristján Viðar Viðarsson,</u>	133.136-139.	12.14.37.22.38.
Lára Gylfadóttir,	31.	39.40.23.27.
Lilja Hjartardóttir,	104-106.55-56.	
Leifur Vilhjálmsson,		6
Magnea Matthíasdóttir,		8.40.
Páll Rúnar Elíson,	63-64.68.	63.64.65.
Roy Ó. Breiðfjörð,	74.	
Sigm. Ág. Sigfússon,	73.	
Snorri Sigurjónsson,	45-46.	22.
Sigríður Magnúsdóttir,	14.37-44.	
Sigríður Gísladóttir,	34-35.	

<u>Nöfn:</u>	<u>Eigin framb.</u>	<u>Annara framb.</u>
Smári Kjartansson,	41.	29.
Sigurbjörn Kr. Haraldsson,	26-27.	
Sigurður Betúelsson,	77.	
Stella Ester Kristjánsd.	98-99.	
Sveinn R. Vilhjálmsson,	19.	29.43.
<u>Sævar M. Ciesielski,</u>	123-130.134.	22.103.106.108.
Vigfús Vigfússon,	76.	
Viggó Guðmundsson,	57-60.83-84.132-133.	7.23.
Vilhjálmur Guðmundsson,	75.	
Þórður Guðmundsson,	78.	
Þorsteinn J. Jónsson,		25.27.

Ýmsar athugasemdir:

	<u>Bls.</u>
Hamarsbraut 11, Hafnarf.	61-62.140.
Grettisgata 82, Rv.	82-83.
Selásblettur 14, "	84.
Hraunprýði, Blesugróf,	88.
Hafnarfjarðarkirkjugarður,	117.121-122.140.
Leigubílsstöðvar í Rvík.,	47.61
Leigubílsstöðvar í Hafnarf.,	71.118.119-120.
Bílfreiðastöð Hreyfils,	69-70.
Sólheimar 27,	67-68.
Hnífsblað, Helgu Gíslad.,	62.
Byssustingur,	8.16.40.42.

G. Guðm.

LÖGREGLAN Í SNÆFELLSNES- OG HNAPPADALSSÝSLU

Blaðsíða 1.

SKÝRSLA

Um: Laugar- daginn 22. janúar 1977

Hvarf á
byssustýng
að sögn
vitnis.

Kl. 14:15 er mætt í lögreglustöðinni Grundarfirði,
Magnea Jóhanna Matthíasdóttir, kennari, fædd 13. janúar
1953 í Reykjavík, nafnúmer 6226-7984 nú til heimilis að
Borgarbraut 8, Grundarfirði. Mætta var boðuð til lögreglu
unnar sem vitni að hvarfi á byssustýng úr hennar vörslu
og eiginmanns hennar, Bárðar Ragnars Jónssonar árið 1973, (á
að beiðni Gísla Guðmundssonar, rannsóknarlögreglumanns í
Reykjavík.

Aminnt um sannsögli, skýrir vitnið svo frá: Vitnið
kveðst hafa verið búsett í Danmörku, árið 1973: nánar
tiltekið að Rosengade 12, Kaupmannahöfn, ásamt syni sínum
Baldri Kristinssyni og eiginmanni Bárði Ragnari Jónssyni
og bróður sínum Jóni Matthíassyni.

Afgreiðsla:

Vitnið kveðst hafa keypt allskonar forngripi ásamt
eiginmanni sínum Bárði Ragnari öðru hvoru í fornminja-
verslunum í Kaupmannahöfn. Meðal annarra forngripa kveður
vitnið að eiginmaður þess Bárður Ragnar ásamt því, hafi
keypt svokallaðan byssustýng á fornsölu. Vitnið kveður að
afgreiðslumaður forngripaverslunarinnar og eiginmaður
þess Bárður Ragnar, hafi sagt því að hinn keypti hlutur
veri byssustýngur. Nánar tiltekið var byssustýngurinn í
slíðri. Vitnið kveðst ekki geta fullyrt hversu langt blað
byssustýngsins var. En heldur að það hafi verið um 25 sm.
langt 4ja til 5 sm. breitt, þar sem það var breiðast upp
við hjöltun. Frá hjöltunum ~~kom~~ var grópuð rák í blaðið
eftir miðju þess öðrum megin og dýpst upp við hjöltun og
grynnkaði eftir því sem hún kom framur á blaðið framundir
enda þess. Egg var báðum megin á blaðinu og oddurinn meira
rúnnaður en hvass og ekki mjög beittur. Blaðið sennilega
úr stáli. Slíðrið var grátt á lit svo og hjöltun og skaft
byssustýngsins. Hjöltun náðu útfyrir slíðrið lítilsháttar

Skýrslan er skráð í tvíriti. Framhald snú við.

og voru hjöltun læst við slíðrið, þannig að ekki var hægt að taka byssustinginn úr slíðrinu nema ýta á fjöður, sem var öörum megin á hjöltunum. Skaft byssustingsins fór vel í hendi á að giska 10 til 12 sm. langt.

Umræddur byssustingur var keyptur í apríl eða maí 1973 að sögn vitnis.

Vitnið kveðst hafa farið frá Kaupmannahöfn, til Íslands með flugvél frá Flugfélagi Íslands, þann 17. júní 1973, ásamt syni sínum Baldri. En farið aftur með flugvél frá Reykjavík til Kaupmannahafnar, eitt, í flugvél frá Flugfélagi Íslands um miðjan júlí eða aðeins seinna í júlí.

Þegar vitnið var komið til Kaupmannahafnar aftur í júlí 1973, var eiginmaður þess fluttur frá fyrra dvalarstað þeirra, Rosengade 12, í Rigensgade, man ekki hvaða númer var á húsinu. Vitnið kveður að eiginmaður þess, Bárður Ragnar, hafi verið búinn að flytja mest alla búslóð þeirra hjóna frá fyrra aðsetursstað þeirra í íbúðina í Rigensgade.

Þar sem Bárður Ragnar hafði handleggsbrotnað kveðst vitnið hafa farið og gengið frá búslóð þeirra hjóna á hinu nýja heimili. Þá kveðst vitnið ekki hafa orðið vör við hinn umrædda byssusting, sem áður er getið. Vitnið kveðst þó hafa farið nokkuð nákvæmlega gegnum búslóð þeirra hjóna. Vitnið kveðst síðast hafa séð umræddann byssusting í júní skömmu áður en það fór til Íslands.

Vitnið kveðst hafa sofið á dýnu og geymt umræddann byssusting oftast nær, milli dýnunnar og veggisins í herberginu, þar sem sofið var. Því það hafi verið hrætt um að Baldur sonur þess næði í byssustinginn. Vitnið telur enga sérstaka ástæðu fyrir því að umræddur byssustingur var oftast geymdur milli svefndýnunnar og veggisins.


